

**SKOÐUN** Lífræn vottun skiptir máli skrifar Gunnlaugur K. Jónsson. 21



**MENNING** Stefán Máni hefur flutt sig frá Forlaginu yfir til Sagna útgáfu. 34



**LÍFIÐ** Sveitabrúðkaup njóta mikilla vinsælda á Íslandi. 50



**SPORT** Dómarakostnaður er viðráðanlegri í handboltanum en í körfunni. 46







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
**3. júlí 2014**
154. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



**Fáir vilja lífrænt kjöt**
Neytendur virðast ekki hafa áhuga á að borga meira fyrir lífrænt ræktaða vöru. 16

**Framúrakstur strætó** Strætó hefur greitt yfir 700 milljónum meira til Hagvagna en samið var um í útboði. 4

**Fáir vel undirbúnir** Íslenskir kennarar eru verr undirbúnir til að kenna en kennarar í öðrum löndum. 6

**Eitt erindi** Fagráð lögreglunnar um kynferðislega mismunun hefur fengið eitt erindi til sín. 6



HALLDÓR 20

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 7° | | NA | 12 |
| Akureyri | 11° | | N | 8 |
| Egilsstaðir | 15° | | NA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 11° | | NA | 8 |
| Reykjavík | 10° | | NA | 11 |

**Talsverð rigning NV-lands** en heldur minna annars staðar, enginn sleppur þó. N 10-18 m/s á V-verðu landinu en annars hægari. Hiti 7-16 stig. 4

## SÉRBLAÐ

**Fólk**




# Niðurstöðum um dauðatíma hvala verður haldið leyndum

Gögn sem sýna hvað hrefna og langreyður eru lengi að deyja eftir að hvalirnir eru skutlaðir verða ekki birt. Norskur dýralæknir er við rannsóknir á vegum Fiskistofu og í samstarfi við NAMMCO sem vinnur gögnin.

**DÝRAVELFERÐ** Niðurstöður yfirstandandi rannsókna á dauðatíma langreyðar og hrefnu verða ekki gerðar opinberar er þeim lýkur. Sama gildir um skýrslur Fiskistofu um eftirlitsferðir vegna hvalveiða við landið.

Þetta kemur fram í svari Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Katrínar Jakobsdóttur, þingmanns Vinstri grænna.

Að sögn Eyþórs Björnssonar fiskistofustjóra var fenginn norskur dýralæknir til að sinna rannsóknum sem þessa dagana standa yfir í einu hvalveiðiskipa Hvals hf. Rannsókn Norðmannsins á hrefnuveiðunum er lokið. Hann hefur sinnt sömu rannsóknum í Noregi.



Spurður af hverju niðurstöðurnar verða ekki gerðar opinberar segir Eyþór að um samstarfsverkefni með Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðinu sé að ræða. „Sambærilegar upplýsingar hafa ekki verið gerðar opinberar í Noregi og á þessum tímapunkti sjáum við ekki frekar ástæðu til að gera það hér,“ segir Eyþór. Hvað varðar skýrslur Fiskistofu er um vinnugögn að ræða en komi upp brotamál eru slík gögn birt. „Þetta er í samræmi við allt okkar verklag,“ segir hann.

### Gögn ekki birt vegna umræðu um veiðar

Hvorki Hafrannsóknastofnun né Fiskistofa hafa safnað vísindalegum gögnum um dauðatíma við veiðar á hrefnu eða langreyði við Ísland.

Í svari sjávarútvegsráðherra í vetur sagði: „Þrátt fyrir að fylgt sé ýtrustu kröfum um búnað o.þ.h. munu alltaf koma upp sérstök atvik. Í umræðunni um hvalveiðar hafa slík undantekningatilfelli tilhneigingu til að vera túlkuð sem hið almenna sem ekki á sér stoð. Slík umræða hefur leitt til þess að hvalveiðiþjóðir hafa hætt að leggja fram slík gögn t.d. á vettvangi Alþjóðahvalveiðiráðsins.“

Bæði almenningur og andstæðingar hvalveiða hafa lengi byggt hluta af sinni gagnrýni á hversu ómannúðlegar veiðiaðferðir hvalveiðimanna eru, sem af hvalveiðisinnum er jafnan svarað með gagnstæðum rökum.

„Það er alveg sjónarmið,“ segir Eyþór spurður hvort það sé ekki brýnt að niðurstöðurnar verði birtar og umræðan byggist á bestu fáanlegu upplýsingum.

Rannsóknirnar eru að hluta kostaðar með leyfisgjaldi hvalveiðifyrirtækjanna, segir í svari ráðherra. Gjaldið á að standa straum af eftirliti samkvæmt lögum. Eyþór segir það ekki rökstyðja birtingu gagnanna að um almannafé sé að ræða.

svavar@frettabladid.is



**BJARGAÐ AF STRANDSTAÐ** Hvalaskoðunarskipið Haukur strandaði við Lundey á Skjálfanda síðdegis í gær. Bátsverjar voru að skoða lunda og sigldu of nærri eynni. Nítján farþegum og tveimur áhafnarmeðlimum var bjargað frá borði.

Málskostnaður bankastjóra:

# Vantaði samráð við bankaráðið

**STJÓRNSÝSLA** Hvorki lög um Seðlabanka Íslands né reglugerð um hann gera ráð fyrir því að formaður bankaráðsins geti skuldbundið bankann án samráðs við bankaráð.

Þetta segir í svari til bankaráðs Seðlabankans frá Ríkisendurskoðun sem gerði úttekt á greiðslum bankans á reikningum Más Guðmundssonar seðlabankastjóra vegna málssóknar hans á hendur bankanum á árinu 2010. Þáverandi formaður bankaráðs bankans, Lára V. Júlíusdóttir, ákvað að bankinn greiddi málskostnaðinn. Það var núverandi bankaráð sem óskaði eftir úttekt Ríkisendurskoðunar. -jhh

Starfsmenn stofnana vilja ekki flytjast búferlum þegar störf eru flutt:

# Aðeins þrír hafa fylgt út á land

**STJÓRNSÝSLA** Einungis þrír starfsmenn hafa flust búferlum þegar ríkisstofnanir hafa verið fluttar út á landsbyggðina frá höfuðborgarsvæðinu. Enginn starfsmaður Fiskistofu ætlar að flytja með stofnuninni til Akureyrar.

Stofnanir sem hafa verið fluttar frá höfuðborginni út á landsbyggðina eru Skógrækt ríkisins, Veiðistjóraembættið, Landmælingar Íslands og Byggðastofnun.

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra hefur nú ákveðið að flytja Fiskistofu til Akureyrar.

Aðeins einn starfsmaður ákvað að fylgja með þegar Skógrækt ríkisins var flutt og einungis einn fylgdi með þegar Byggðastofnun var flutt. Þá flutti enginn starfsmaður með Veiðistjóraembættinu þegar ákveðið var að flytja það og aðeins forstjórinn flutti með Landmælingum Íslands. -sa/ sjá síðu 8



**UMDEILD ÁKVÖRÐUN** Sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið að flytja Fiskistofu til Akureyrar.










## SPURNING DAGSINS



Guðjón, gekk sem sagt vel að rugla saman Reitum við Seðlabankann?

**„Já, við getum hæglega orðað það sem svo.“**

Fasteignafélagið Reitir og Seðlabanki Íslands hafa náð samkomulagi vegna ákvæða í lánasamningum við þýskan banka. Guðjón Auðunsson er forstjóri Reita.

Ríkislögreglustjóri vill auka gagnsæi og fagleg vinnubrögð við ráðningar með áherslu á kynjasjónarmið:

# Lögreglustjórar á námskeið um jafnréttismál

**LÖGGÆSLA** „Embætti ríkislögreglustjóra stefnir að því boða alla lögreglustjóra landsins á námskeið um fagleg vinnubrögð og gagnsæi við skipanir, setningar og ráðningar í lögregluna,“ segir Finnborg Salome Steinþórsdóttir, jafnréttisfulltrúi hjá embættinu, og bætir við að á námskeiðinu verði sérstök áhersla lögð á jafnréttis- og kynjasjónarmið.

Samkvæmt nýjum lögum sem tóku gildi í júní eru það embætti lögreglustjóra á hverjum stað sem ráða fólk til starfa í lögreglunni.

Hjá embætti ríkislögreglustjóra er búið að vinna áætlun um hvernig hægt sé að bæta hlut kvenna innan lögreglunnar.

> **Við leggjum áherslu á að það verði staðið faglega að ráðningum í stöður staðgengla.**
>
> *Finnborg Salome Steinþórsdóttir, jafnréttisfulltrúi hjá ríkislögreglustjóra.*

Finnborg segir að einnig verði lögð áhersla á að bæta hag kvenna í neðri stöðum lögreglunnar.

„Við leggjum áherslu á að það verði staðið faglega að ráðningum í stöður staðgengla, afleysingastöður og tímabundnar ráðningar,“ segir hún og tekur sem dæmi að kona sem sé búin að leysa af sem varðstjóri í tvo mánuði eigi meiri möguleika á slíkri stöðu þegar hún sé auglýst til frambúðar. **- jme**

### → Karlar og konur í lögreglunni

| Staða | Karl | Kona |
|---|---|---|
| Yfirlögregluþjónn | 23 | 0 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | 21 | 2 |
| Aðalvarðstjóri | 31 | 2 |
| Lögreglufulltrúi | 67 | 15 |
| Varðstjóri | 121 | 6 |
| Rannsóknarlögreglumaður | 99 | 19 |
| Lögreglumenn | 209 | 40 |



**DREGNIR Á BROTT** Mótmælendur sem neituðu að yfirgefa vettvang voru dregnir á brott af lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hálf milljón kom saman og mótmælti afskiptum Kínverja

# Fjöldahandtökur í Hong Kong

**HONG KONG, AP Yfir fimm hundruð manns voru handteknir í setumótmælum á einni af helstu umferðaræðum Hong Kong.**

**Mótmælendur ætluðu sér að sitja fram til átta að morgni til að trufla morgunumferðina en lögregla tvístraði þeim áður en til þess kom. Skipuleggjendur mótmælanna segja 510 þúsund manns hafa komið saman. Markmiðið var að mótmæla auknum afskiptum stjórnvalda í Kína af íbúum Hong Kong og sjálfstjórn svæðisins.** **-ih**

Samþykkt í skipulagsráði:

# Taka jákvætt í Costco-stöð

**VERSLUN** Skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti í gær að Korputorg ehf. megi gera tillögu að deiliskipulagi fyrir fjölorkustöð Costco.

Hjálmar Sveinsson, formaður skipulagsráðs, segir stöðinni mundu verða skipt til helminga milli jarðefnaeldsneytis og endurnýjanlegra orkugjafa.

Lögmaður Korputorgs segir Costco nú geta valið Garðabæ eða Reykjavík. Fulltrúar Costco vilja ekki tjá sig að svo stöddu. **-ih**

Bátur strandaði á Skjálfanda:

# Öllum bjargað í hvalaskoðun

**BJÖRGUN** Nítján farþegar auk tveggja í áhöfn voru um borð í hvalaskoðunarbátnum Hauki frá Húsavík sem strandaði við Lundey á Skjálfanda síðdegis í gær.

Björgunarsveitir voru kallaðar út og björguðu þær öllum ómeiddum frá borði. Auk björgunarsveita voru skip í nágrenninu beðin um aðstoð.

Um fimmtíu gráðu halli var á bátnum á strandstað og fjaraði undan honum. Í gærkvöldi stóð til að draga bátinn á flot. **-jme**

# Meindýraeyðir á yfir þrjátíu þúsund plötur

Ólafur Sigurðsson, plötusafnari og meindýraeyðir, ferðast gjarnan með ferðagrammófón. „Það vekur alltaf jafnmikla lukku, allir gömlu hittararnir.“ Safnið hefur komið að góðum notum, meðal annars bjargað geisladiskaútgáfu Ríó tríós.

**FÓLK** „Ég á rúmlega þrjátíu þúsund grammófónplötur,“ segir Ólafur Sigurðsson, plötusafnari og meindýraeyðir. Hann safnar líka spilurum og getur spilað allar þær gerðir af plötum sem hann á. „Við erum með fón á hverri hæð,“ segir hann og hlær en í safninu eru nú um tuttugu og fjórir plötuspilarar.

Ólafur er í Hljómplötuklúbbnum en auk hans eru í honum sjö virkir plötusafnarar sem hittast heima hjá hver öðrum, deila fróðleik, skiptast á plötum og sögum.

„Það er oft leitað til okkar af því að menn vantar lögin. Jónatan Garðarsson var að gefa út Ríó tríó-disk um daginn og þá voru hreinlega ekki til neinir masterar af tveimur plötum. Þannig að hann fékk hjá mér tvær plötur í toppstandi,“ útskýrir hann.

Klúbburinn fær stundum heimsóknir frá erlendum fræðimönnum í tónlistarbransanum.

„Mikil ósköp,“ svarar Ólafur spurður hvort hann spili nokkuð allar þær plötur sem hann á. „Til dæmis tek ég oft litlu plöturnar upp í sumarbústað og þegar maður fer í partí eða heimsóknir til vinanna,“ segir Ólafur sem ferðast með ferðafón þegar svo ber undir.

„Það vekur alltaf jafnmikla lukku, allir gömlu hittararnir. Ég hef meira að segja haldið 78 snúninga plötuball, og þá var ég að DJ-a með 78 snúninga plötum eingöngu.“

Hann segist þó ekki eiga safnið einn. „Ég á það með henni Önnu minni,“ segir Ólafur hlýjum rómi og á þar við Önnu Bergsteinsdóttur, eiginkonu sína.

Plötusafn þeirra hjóna er heima hjá þeim í Hafnarfirði en á heimili þeirra er herbergi sem þau kalla plötuherbergið. „Tuttugu og fimm fermetra herbergi fullt af plötum og bókum,“ segir Ólafur. „Og þetta er líka í bílskúrnum.“

Hann nefnir þó að safnið sé í eðli sínu tónlistarsafn miklu frekar en plötusafn.

„Þetta er ódýrasta leiðin til að komast yfir góða tónlist, að safna vínylplötum.“

**nannae@frettabladid.is**



**METNAÐARFULL** Ólafur Sigurðsson er safnari af guðs náð og á með Önnu konu sinni plötur af ýmsum gerðum sem þau spila reglulega. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Spilaðar í neðanjarðarbyrgjum

Plöturnar eiga sumar hverjar ansi merkilega sögu. „Ég er með 78 snúninga plötur úr safni Karls Strand, sem var geðlæknir og bjó hér á landi,“ útskýrir Ólafur.

„Hann var í námi í London á stríðsárunum og lánaði safnið sitt til að spila í neðanjarðarbyrgjunum þegar Þjóðverjar voru að gera loftárásir á London.“ Ólafur fékk þessar upplýsingar þegar honum áskotnaðist safnið en í því var bréf með nafni mannsins.

„Síðan hitti ég barnabarnið hans, Michael, hann sagðist muna vel eftir afa og að hann hefði alltaf verið að spila hundleiðinlegar plötur,“ segir Ólafur og hlær.




Ráðherra kynnir áform sín um sameiningu Hafró og Veiðimálastofnunar:

# Allir sem vilja halda starfi sínu

**STJÓRNSÝSLA** Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, mun leggja fram frumvarp á Alþingi um sameiningu Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar. Starfsfólki beggja stofnana hafa verið kynnt áformin og drög frumvarpsins verið send hagsmunaaðilum til kynningar og samráðs.

Æskilegt þótti að greina formlega frá áætlunum ráðherra strax þótt greiningarvinnu sé ekki lokið, segir í tilkynningu frá ráðuneytinu.

Þar segir að markmið sameiningarinnar sé að búa til öfluga rannsóknastofnun og efla vísindalega þekkingu á umhverfi og lifandi auðlindum í hafi og ferskvatni. Í kjölfar sameiningarinnar má samnýta betur mannauð, búnað og þekkingu beggja stofnana.

Hjá Hafrannsóknastofnun eru um 145 stöðugildi og Veiðimálastofnun um 20 stöðugildi. Með frumvarpinu er lagt til að öllu starfsfólki beggja stofnana verði boðið starf hjá sameinaðri stofnun.

Samþykki Alþingi frumvarp um sameiningu stofnananna mun forstjóra nýrrar stofnunar falin framkvæmd sameiningar í samvinnu við starfsmenn og ráðuneyti, þá bæði með tilliti til verkefna og stöðu starfsmanna við flutning starfa þeirra. **- shá**



**FOSSINN SKUGGI** Rannsóknir í ferskvatni og hafrannsóknir færast undir sömu stofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# *Vinsælasti bíllinn - tvö ár í röð*

**Ford Focus hefur verið söluhæsti bíllinn í heiminum undanfarin tvö ár. Hann er búinn sparneytinni EcoBoost vél sem hefur hlotið titilinn vél ársins, þrjú ár í röð.**

Öflug 125 hestafla vélin skapar einstaka sparneytni: 5,0 l/100 km og lágt $CO_2$ 114 g/km. Með glæsilegri hönnun, fullkomnum tæknibúnaði og framúrskarandi akstursеiginleikum skilar Ford Focus akstursánægju sem þú færð ekki nóg af. Komdu og prófaðu mest selda bíl í heimi.

FORD **FOCUS**

5 DYRA

FRÁ **3.490.000** KR.

STATION

FRÁ **3.640.000** KR.

ford.is

50 ár í bílgreininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17.

Viltu vita meira um Ford Focus?
Ford Focus hefur svo margt. Hann er búinn 16“ álfelgum og meðal staðalbúnaðar er Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu. Tölvustýrð miðstöð viðheldur því hitastigi sem þú velur og með aksturstölvunni fylgist þú með lágri eyðslunni. 3,5 tommu upplýsingaskjár er í mælaborði og sérstakt hitaelement er í miðstöð. Hann er því mjög fljótur að hitna á köldum vetrarmorgnum. $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Start stop spartæknin er í öllum beinskiptum Ford Focus. Komdu í reynsluakstur. Við tökum vel á móti þér.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0/5,1 l/100 km. $CO_2$ losun 114/117 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## SVONA ERUM VIÐ



**495** **friðlýstar byggingar voru á landinu 1. júní 2014.**

Af þeim eru 214 friðlýstar kirkjur.

Skriður liggja niður hlíðar í Fossdal við Reyðarfjörð:

# Vatnavextir ógna bænum

**VEÐUR** Vatnsskriður liggja niður hlíðar yfir bænum Sléttu við Reyðarfjörð frá því í fyrrinótt. Engin hætta stafar enn þá af en þó er þetta áminning um hætturnar sem leynast í dalnum og hafa stundum minnt á sig.

„Það er svo skrýtið að akkúrat sama mánaðardag árið 2005 hljóp í nær öllum þveránum í dalnum svo Fossá varð að einu stóru fljóti sem fór yfir allt,“ segir Sigurður Baldursson, bóndi á Sléttu.

„Ég var kominn í gröfuna til að rífa upp úr svo að húsið færi ekki undir vatn.“

Árið 2002 féll síðan mikil skriða niður hlíðina og stoppaði rétt hundrað metrum ofan við bæinn.

„Það er svona að búa undir bröttum fjöllum,“ segir Sigurður sem sefur vært þótt vætutíðin ögri svolítið um þessar mundir.

„Fossdalurinn er eins og trekt,“ segir bóndinn á Sléttu sem kveður það geta verið ódælt þegar bunan kemur úr trektinni í miklum vatnavöxtum. -jse



**SIGURÐUR BALDURSSON MEÐ FOSSÁ Í BAKSÝN** Það heyrist vel í fossinum þessa dagana og vatnstaumar liggja niður hamra og hlíðar. MYND/ÞURÍÐUR LILLÝ

Kvörtunum fjölgar nokkuð:

# Afgreiðslutími er of langur

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmanni Alþingis höfðu borist 240 kvartanir um síðustu mánaðamót. Það er tíu prósenta fjölgun frá fyrra ári. Þá var búið að afgreiða 272 mál, 56 prósentum fleiri en voru afgreidd á sama tímabili í fyrra.

Þrátt fyrir aukinn málafjölda hefur starfsfólki hjá umboðsmanni ekki verið fjölgað.

Umboðsmaður segir að afgreiðslutími mála sé of langur í þeim tilvikum þegar óska þarf skýringa frá stjórnvöldum. -jme



**ÓVISSA** Enn er óvissa í máli ráðstefnu- og tónlistarhússins Hörpu við höfnina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Máli Hörpu frestað aftur:

# Fasteignamat enn óákveðið

**SKIPULAGSMÁL** Afhenda átti matsgerð fyrir markaðsvirði Hörpu á mánudaginn síðastliðinn. Beðið var um matsgerðina í október 2013. Deilur höfðu risið um nauðsyn hennar milli Hörpu og Reykjavíkurborgar en málið snýst um fasteignamat Hörpu.

Fyrirtöku í málinu var hins vegar frestað af ókunnum ástæðum. Karl Axelsson, lögmaður Hörpu og starfsmaður á LEX, var erlendis þegar fréttastofa reyndi að ná af honum tali. Aðrir lögmenn LEX sögðu að líkast til væri matsgerðin ekki tilbúin. -nej

Breytingar í Flensborg:

# Magnús ráðinn skólameistari

**SKÓLAMÁL** Magnús Þorkelsson hefur verið ráðinn skólameistari við Flensborgarskólann í Hafnarfirði til næstu fimm ára. Fimmtán umsóknir bárust um starfið. Menntamálaráðherra skipar í embættið að höfðu samráði við skólaráð Flensborgarskólans.

Magnús Þorkelsson tók tímabundið við starfi skólameistara í fyrra. Hann var áður starfandi aðstoðarskólameistari skólans frá árinu 1998. -sa

## LEIÐRÉTTING

Í frétt Markaðarins í gær um fyrirætlanir Icelandic Water Line var sagt að skip þess gæti flutt um 75 þúsund lítra af vatni í einni ferð. Hið rétta er að skipið getur flutt 75 milljónir lítra.

# Strætó fór milljónir fram úr samningum

**Strætó hefur greitt yfir 700 milljónum meira til Hagvagna en samið var um í útboði árið 2010. Félag hópferðaleyfishafa hyggst óska eftir lögreglurannsókn á greiðslunum. Upplýsingafulltrúi Strætó segir þetta eiga sér eðlilegar skýringar.**

**SAMGÖNGUR** Félag hópferðaleyfishafa hyggst óska eftir því við lögreglu að hún rannsaki greiðslur frá Strætó bs. til undirverktaka sem unnið hafa fyrir Strætó í framhaldi af útboðum.

Útboð á akstri almenningsvagna innan höfuðborgarsvæðisins af hálfu Strætó bs. fór fram árið 2010. Í kröfu félagsins til lögreglunnar kemur fram að Strætó hafi greitt rúmlega 700 milljónir umfram útboðssamninga frá árinu 2010 til Hagvagna hf. sem var lægstbjóðandi í útboðinu. Er óskað eftir því að lögreglan kanni sérstaklega reikninga sem standa að baki þessum viðskiptum og skýri þennan mismun sem og þann akstur sem standi að baki umræddum reikningum.

„Endurskoðandi var fenginn til að framreikna tölur miðað við vísitölugrunninn í samkomulaginu við Hagvagna. Þá kemur í ljósi þessi mikli munur, um 700 milljónir króna. Stjórn félagsins ákvað því að grípa þyrfti til aðgerða vegna þessa,“ segir Björn Jón Bragason, framkvæmdastjóri félagsins.

Í kröfunni segir að með því að greiða ákveðnum aðilum hærra verð en samið var um á grundvelli útboðs sé jafnvægi þeirra sem tóku þátt í útboðinu raskað. Þá verði samfélagið af þeim sparnaði, skilvirkni og samkeppni sem útboð eigi að stuðla að.

„Okkur grunar að það sé maðkur í mysunni en viljum ekki fullyrða neitt. Það er því full ástæða til að fram fari rannsókn á því hverju þetta sæti,“ segir Björn Jón.

„Þetta á sér allt eðlilegar skýringar,“ segir Kolbeinn Óttarsson Proppé, upplýsingafulltrúi Strætó. Hann bendir á að í fyrsta lagi hafi samningurinn ekki tekið gildi fyrr en í ágúst 2010 og því séu greiðslur hluta þess árs eftir allt öðrum samningi. Það verði að taka með í reikninginn þegar horft er til árs uppgjörs 2010 en Strætó eigi eftir að rýna þessar tölur betur.

Þá geti áætlanir tekið breytingum enda ekki hægt að festa akstur almenningsvagna mörg ár fram í tímann. Þannig sé til að mynda kveðið á um það hvernig greiða skuli fyrir fjölgun aksturstíma á samningstímanum í samningnum.

„Á umræddu tímabili, árin 2010 til 2014, hefur orðið mikil aukning á akstri á vegum Strætó bs., ekki síst frá árinu 2012 þegar Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisvaldið gerðu með sér samning um eflingu almenningssamgangna. Sem dæmi má nefna að akstur Hagvagna hefur aukist um tæp 30 prósent á samningstímanum og því eðlilegt að greiðslur til þeirra hafi aukist að viðbættum verðlagsbreytingum,“ segir Kolbeinn. fanney@frettabladid.is



**GRUNUR UM MAÐK Í MYSUNNI** Félag hópferðaleyfishafa hyggst óska eftir lögreglurannsókn á mismun fjárhæða í útboðssamningi og raungreiðslum til Hagvagna frá Strætó bs. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

### → Greiðslur Strætó til Hagvagna umfram tilboð*

| | Grunnupphæð skv. tilboði Hagvagna | Raungreiðslur | Mismunur |
|---|---|---|---|
| 2010 | 853.204.281 | 954.961.173 | 101.756.892 |
| 2011 | 909.718.913 | 940.364.928 | 30.646.015 |
| 2012 | 980.061.835 | 1.168.641.319 | 188.579.484 |
| 2013 | 1.024362.103 | 1.409.500.000 | 385.137.897 |
| | **3.767.347.132** | **4.473.467.420** | **706.120.288** |

**Upphæðir eru framreiknaðar miðað við vísitölur í samningi, grunnupphæð samkvæmt tilboði Hagvagna í mars 2010 var 844.751.755 krónur.*



**YFIRFALL** Fossinn Hverfandi myndast þegar Hálslón fer á yfirfall. MYND/LANDSVIRKJUN

Fylling lóna líkleg:

# Vatnsbúskapur fer vel af stað

**ORKUMÁL** Forsvarsmenn Landsvirkjunar eru bjartsýnir á að vatnsbúskapur fyrirtækisins verði góður á næstunni. Horfur á fyllingu lóna eru góðar, þótt talið sé ólíklegt að þau fyllist öll og fari á yfirfall í lok sumars.

Hálslón stendur hærra nú en á sama tíma í fyrra og eru yfirgnæfandi líkur á að það fyllist í ágústmánuði. Staðan í Blöndulóni er mun betri en vorið 2013. Góðar líkur eru á að staðan í Þórisvatni verði betri en í fyrrahaust. Þó er ólíklegt að það fyllist. -shá

Segja fæð kvenna sláandi:

# Vilja fleiri konur í lögreglustörf

**JAFNRÉTTISMÁL** Kvenréttindafélag Íslands skorar á embætti ríkislögreglustjóra að fjölga konum innan lögreglunnar, sérstaklega í yfirmannsstöðum.

Félagið segir að það halli á konur á öllum sviðum innan lögreglunnar og að fæð kvenna í æðstu embættum lögreglunnar sé sláandi.

Í upphafi þessa árs gegndu 23 karlar stöðu yfirlögregluþjóns á landinu en engin kona. 21 karl er aðstoðaryfirlögregluþjónn en tvær konur.

Konur eru um 12,6 prósent starfandi lögreglumanna, þótt hlutfall þeirra af brautskráðum nemendum úr Lögregluskólanum sé mun hærra. -jme




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 26° | Friedrichshafen | 28° | New York | 31° |
| Aþena | 29° | Gautaborg | 20° | Orlando | 36° |
| Basel | 27° | Kaupmannahöfn | 20° | Ósló | 22° |
| Berlín | 26° | Las Palmas | 24° | París | 28° |
| Billund | 19° | London | 26° | San Francisco | XX° |
| Frankfurt | 28° | Mallorca | 31° | Stokkhólmur | 20° |




**Á MORGUN** 10-18 m/s V-til, 5-12 m/s A-til.




**LAUGARDAGUR** 6-15 m/s, hvassast við NA- og V- ströndina

**BEÐIÐ EFTIR SÓLINNI** Strekkingur eða allhvass vindur V-til fram að helgi en hægari A-til. Rigning um mest allt land, heldur meiri norðanlands en sunnan. Lægir svo heldur annað kvöld. Hiti 7-16 stig, hlýjast NA-til í dag en SV-lands á morgun.

**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

www.n1.is facebook.com/enneinn




**Hluti af umhverfinu** N1

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvers konar sjávardýr er verið að rækta í tilraunaskyni í rannsóknastöðinni í Sandgerði?
**2.** Hvaða smásölurisi hefur óskað eftir lóð við Korputorg til að hefja bensínstöðvarrekstur?
**3.** Hvaða erlendi stjórnmálamaður var hnepptur í gæsluvarðhald í vikunni?

**SVÖR:**
1. Evrópskan humar. 2. Costco. 3. Nicolas Sarkozy.

Veiðimálastofnun rannsakar veiði úr Blöndu og Svartá í haust til að skoða hlutdeild sleppinga:

# Heimtur á slepptum seiðum ekki góðar

**VEIÐI** Sýnataka stendur nú yfir á hreistri fiska sem veiddir eru í Blöndu til að kanna hlutdeild úr sleppingum gönguseiða í Svartá. Þúsundum seiða er sleppt í Svartá á hverju ári og mun Veiðimálastofnun skoða heimtur á þeim með haustinu.

Sigurður Ingi Guðmundsson, formaður Veiðifélags Blöndu og Svartár, segir veiðimenn á svæðinu vilja fá einhverja hugmynd um hverju sleppingarnar skila.

„Við höfum lítið verið í því að telja eða skoða það en miðað við það litla sem var tekið síðasta ár af sýnum, þá voru mjög lélegar heimtur af þessum seiðum sem var sleppt,“ segir Sigurður. Hann segir eldri rannsóknir, frá um 1990, hafa sýnt fram á um eins prósents heimtur í Blöndu og Svartá.

„Málið er að endurheimt á gönguseiðum undanfarin ár á Norðurlandi almennt hefur ekki verið mjög há,“ segir Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri hjá Veiðimálastofnun. Hann segir þó Blöndu ekki skera sig sérstaklega úr að því leyti. Dánartala hjá löxum sem ganga í sjó sé alltaf há og að vitað sé um það bil hversu mikilum heimtum megi búast við ár hvert, þó einhver munur geti verið milli ára.

„En stundum þurfa menn að fá einhver áþreifanleg gögn, þannig að óskhyggjan beri ekki raunhyggjuna ofurliði,“ segir Guðni.

-bá



**SKOÐAR AFLANN** Vignir Björnsson veiðivörður tekur hreistursýni við Blöndu í gær. MYND/VIGNIR BJÖRNSSON




# Minnihluti kennara mjög vel undirbúinn

Samkvæmt alþjóðlegri rannsókn á starfsaðstæðum kennara og kennsluháttum eru kennarar á Íslandi verr undirbúnir fyrir þær námsgreinar sem þeir kenna en kennarar í öðrum löndum. Nýliðaþjálfun og starfsmat er einnig undir meðaltali.

**MENNTAMÁL** Hlutfall grunnskólakennara á Íslandi sem segja námsefni, kennslufræði og reynslu í þeim námsgreinum sem þeir kenna í skólanum hafa verið hluta af menntun þeirra eða þjálfun er lágt í samanburði við önnur lönd.

Þetta kemur fram í TALIS-rannsókninni sem var gerð á síðasta ári. Rannsókninni var beint til kennara og skólastjórnenda í 34 löndum og er ætlað að veita innsýn í starfsaðstæður kennara og kennsluhætti í löndunum.

Menntun kennara í hinum löndunum í rannsókninni virðist miðast meira við einstakar kennslugreinar í samanburði við kennaramenntun hér á landi. Ríflega einn af hverjum tíu kennurum hefur ekki fengið neina menntun eða reynslu í nokkurri þeirra námsgreina sem viðkomandi kennir. Aðeins rúmlega fjörutíu prósent íslenskra kennara segja að þeir hafi fengið undirbúning í kennaranámi fyrir allar þær námsgreinar sem þeir kenna. Íslenskir kennarar eru í heildina heilum tíu prósentustigum fyrir neðan meðaltal TALIS hvað varðar hversu undirbúnir þeir telja sig vera fyrir kennsluna.

Tengt því hefur eingöngu þriðjungur kennara hér á landi tekið þátt í nýliðaþjálfun í upphafi ferilsins. Störf íslenskra kennara eru einnig sjaldan metin á formlegan hátt eða í tugum prósenta færri tilfella en í samanburðarlöndunum. Dæmi um starfsmat er bein athugun stjórnenda á kennslu, nemendamat eða mat á þekkingu kennarans á kennsluefni.

Þriðjungur íslenskra skólastjóra metur aldrei kennara formlega og tæplega helmingur gerir það einu sinni á ári. Mesti munurinn á TALIS og Íslandi snýr þó að samstarfi kennaranna því um tvöfalt fleiri kennarar á Íslandi fylgjast aldrei með bekkjum annarra kennara í þeim tilgangi að meta starfið.

erlabjorg@frettabladid.is




**Í SKÓLASTOFUNNI** Athugun á kennslu kennara er verulega miklu minni hér á landi en í TALIS-löndum að meðaltali. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### ÍSLENSKIR KENNARAR
**Nokkrar niðurstöður TALIS 2013**

**6%** kennara eru yngri en 30 ára og hefur hlutfallið lækkað mikið frá 2008.

**90%** kennara voru sammála eða mjög sammála því að kostir þess að vera kennari væru mun meiri en ókostirnir.

**45%** hafa velt því fyrir sér hvort heppilegra hefði verið að velja annað starf.

**11%** sjá eftir því að hafa valið kennarastarfið.

**18%** kennara eru sammála eða mjög sammála því að kennarastarfið sé mikils metið í þjóðfélaginu.




Fagráð lögreglunnar tekið til starfa, á að fjalla um mismunun og áreitni:

# Eitt formlegt erindi borist

**LÖGGÆSLA** „Fagráðinu hefur borist eitt formlegt erindi, auk þess hefur ráðinu borist óformleg fyrirspurn sem hugsanlegt er að verði að formlegu erindi,“ segir Davíð Þór Björgvinsson, formaður fagráðs lögreglunnar.



**DAVÍÐ ÞÓR BJÖRGVINSSON**

Einungis rúm vika er síðan fagráðið tók til starfa. Ríkislögreglustjóri ákvað fyrir nokkru að setja á laggirnar sérstakt fagráð sem á að taka til umfjöllunar mál er varða beina og óbeina mismunun innan lögreglunnar, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti innan lögreglunnar.

Tilgangurinn er líka sá að þeir sem starfa innan lögreglunnar og telja að á sér hafi verið brotið geti leitað til einhverra sem eru óháðir lögreglunni.

Davíð Þór segir að það séu til ákveðnar málsmeðferðarreglur sem fagráðið geti farið eftir en það verði þó að útfæra þær fyrir lögregluna.

„Við ætlum að reyna að afgreiða þau erindi sem okkur berast eins hratt og kostur er,“ segir Davíð Þór.

-jme

➜ Fagráð á að kanna mismunun, kynferðislega og kynbundna áreitni og einelti innan lögreglunnar.




EGF
EGF húðvörudagar
í Hagkaup dagana 3.-9. júlí
20%
afsláttur
af EGF Húðdropum™ 15 ml
dagana 3.-9.júlí
EGF
HÚÐDROPAR™
ENDURNÆRA HÚÐINA
OG GEFA FALLEGRI ÁFERÐ
NÝTT!
EGF
GJAFASETT
EGF
DAGKREM
EGF Gjafasett
Inniheldur:
EGF Dagkrem fyrir venjulega og blandaða húð 30ml
EGF Húðdropa™ 3 ml
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**GEIRLAUG JÓHANNSDÓTTIR** Fulltrúi Samfylkingarinnar vill svör.

Nýtt lán í Borgarbyggð:

## Vilja fjárhaginn opinberaðan

**BORGARBYGGÐ** Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti í síðustu viku að taka 200 milljóna króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að fjármagna framkvæmdir og endurfjármagna eldri lán.

Sveitarstjórnarfulltrúar Samfylkingarinnar, Geirlaug Jóhannsdóttir og Magnús Smári Snorrason, kröfðust þess á sveitarstjórnarfundi í síðustu viku að upplýsingar um fjárhag sveitarfélagsins verði gerðar opinberar á vef Borgarbyggðar.

„Nýtt kjörtímabil hefst með 200 milljóna króna lántöku til þess að greiða niður yfirdráttarlán sem stendur í 180 milljónum,“ segir í bókun Geirlaugar og Magnúsar.

Meirihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks stefnir að því að lækka útgjöld eða hækka tekjur verulega á næsta ári. „Óskum við eftir að nýr meirihluti skýri fyrir sveitarstjórn og íbúum með hvaða hætti því verður fylgt eftir,“ bókuðu Geirlaug og Magnús. -nej

# Sjaldgæft að starfsfólk rífi sig upp og elti störfin sín

Flutningur Fiskistofu er fimmta tilvikið þar sem opinber stofnun er flutt frá höfuðborg til landsbyggða. Frá árinu 1990 hafa fjórar stofnanir verið fluttar. Alls hafa þrír starfsmenn flust búferlum með þessum stofnunum.

**STJÓRNSÝSLA** Einungis þrír starfsmenn hafa flust búferlum þegar stofnanir hafa verið fluttar á landsbyggð frá höfuðborgarsvæði. Enginn starfsmaður Fiskistofu ætlar sér að flytja til Akureyrar með stofnuninni.

Ekki eru til mörg dæmi um flutning opinberra stofnana í heilu lagi frá höfuðborg til landsbyggða. Stofnanirnar sem hafa verið fluttar eru Skógrækt ríkisins, Veiðistjóraembættið, Landmælingar Íslands og Byggðastofnun. Nú síðast tók ráðherra þá ákvörðun að Fiskistofa yrði flutt á næstu misserum til Akureyrar frá Hafnarfirði.

Mikillar óánægju hefur gætt með slíkar ákvarðanir í hvert skipti sem opinberar stofnanir hafa verið fluttar á landsbyggðirnar. Miklar deilur fylgdu í kjölfar ákvörðunar Steingríms J. Sigfússonar, þáverandi landbúnaðarráðherra, þegar hann ákvað að flytja Skógrækt ríkisins. Aðeins einn starfsmaður flutti með stofnuninni.

Ákvörðun um flutning Veiðistjóraembættisins til Akureyrar var tekin þegar miklar deilur voru uppi milli starfsmanna og ráðherra og var ráðherrann, Össur Skarphéðinsson, sakaður um að hafa flutt stofnunina til að losna við starfsmenn. Enginn þeirra sem áður störfuðu við embættið flutti með stofnuninni.

Sömu sögu má segja um flutning Landmælinga á Akranes og endaði sú ákvörðun Guðmundar Bjarnasonar umhverfisráðherra fyrir Hæstarétti þar sem flutningurinn var dæmdur ólöglegur. Aðeins forstjórinn flutti með stofnuninni á Akranes.

Einn starfsmaður flutti með Byggðastofnun þegar hún var flutt á Sauðárkrók. Valgerður Sverrisdóttir var þáverandi iðnaðarráðherra og ráðherra byggðamála.

Færa má byggðafræðileg rök fyrir því að heppilegast sé að dreifa opinberum störfum vítt og breitt um landið. Að sama skapi hefur verið bent á hagræðið að því að sem flestar stofnanir séu staðsettar sem næst ráðuneytum til að minnka ferðakostnað. Til að mynda hafi rekstrarkostnaður Veiðistjóraembættisins hækkað eftir það flutti til Akureyrar, bæði vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu sem áður var innan embættisins sem og að ferðakostnaður hafi hækkað við flutninginn.

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, tilkynnti starfsmönnum síðastliðinn föstudag að flytja ætti stofnunina. Þessi ákvörðun kom eins og blaut tuska framan í starfsmenn sem höfðu ekki hugmynd um áform ráðherra. Vinnubrögðin hafa verið gagnrýnd af starfsmönnum og stéttarfélögum sem telja flutninginn ígildi fjöldauppsagnar hjá stofnuninni.

sveinn@frettabladid.is



**STJÓRNARRÁÐIÐ** Fjórir ráðherrar hafa flutt opinberar stofnanir á landsbyggðirnar. Þrír starfsmenn hafa samanlagt flutt með stofnunum. Nýtt fólk hefur verið ráðið í þeirra stað.

### ➜ Stofnanir sem fluttar hafa verið frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðanna

**Skógrækt ríkisins, ár: 1990, hvert: Egilsstaðir, ráðherra: Steingrímur J. Sigfússon**

**Veiðistjóraembættið, ár: 1994, hvert: Akureyri, ráðherra: Össur Skarphéðinsson**

**Landmælingar Íslands, ár: 1996, hvert: Akranes, ráðherra: Guðmundur Bjarnason**

**Byggðastofnun, ár: 2000, hvert: Sauðárkrókur, ráðherra: Valgerður Sverrisdóttir**

**Fiskistofa, ár: 2014, hvert: Akureyri, ráðherra: Sigurður Ingi Jóhannsson**






Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is
SWIFT
SUZUKI
Way of Life!
...eins og tónlistin – veitir ánægju og gleði inn í lífið á hverjum degi.
SWIFT
FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com
SUZUKI SWIFT SPORT, GL. GLX, 4X4 OG DÍSIL
Frá 2.550 þús. Eyðsla frá 5,0L/100km (blönduðum akstri, bensín, beinskiptur) CO2 116g/km
P
90 mín.
Græn skref í Reykjavík
Vistvænn bíll
FYRIR SKYNSAMT FÓLK
TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR
SUZUKI
SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS
Hugtök Markaðsráðgjöf. feb. 2014



**PRÓFAÐUR** Sveitin fór á bátinn í gær þegar hann barst henni. MYND/LÖGREGLA

Ríkislögreglustjóri uppfærir flotann:

## Sérsveitin á nýjum báti

**LÖGREGLUMÁL Sérsveit ríkislögreglustjóra hefur fengið nýjan bát til notkunar sem mun leysa af hólmi tólf ára gamlan bát sveitarinnar.**

**Segir í tilkynningu frá lögreglu að báturinn muni nýtast vel í lögregluverkefni á landsvísu og koma sér vel fyrir kafara sérsveitarinnar við æfingar og verkefni.**

**Báturinn er af gerðinni Humber og er frá Bretlandi. Hann er vel tækjum búinn, harðbotna slöngubátur og því mun betri en sá eldri.** -nej

Nova varð í gær 100. fyrirtækið sem gerir samgöngusamning við Strætó:

# Áhersla á vistvænar samgöngur

**SAMGÖNGUR** Símafyrirtækið Nova varð í gær hundraðasta fyrirtækið til að gera samgöngusamning við Strætó bs. Með samningnum geta starfsmenn notað skattfrjálsan styrk frá vinnuveitanda til að nýta vistvæna samgöngumáta.

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó, og Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova, skrifuðu undir samninginn í gærmorgun.

Starfsmenn fyrirtækjanna 100 geta keypt strætókort á betra verði, og nýti þeir almenningssamgöngur eða vistvæna samgöngumáta þurfa þeir ekki að telja fram samgöngustyrk að upphæð allt að 7.000 krónur á mánuði.

Í tilkynningu frá Strætó segir að það séu ekki aðeins fyrirtækin sem hagnist á þessu fyrirkomulagi með auknum þægindum, meira hagræði og betri starfsanda, heldur hagnist samfélagið allt. Almenningssamgöngur séu mikilvægur þáttur í að fækka einkabílum á götunum og létta umferð fólks og farartækja. -bj



**HANDSALAÐ** Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó, og Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova, handsala samninginn. MYND/STRÆTÓ








**UPPPOT Í JERÚSALEM** Palestínumenn köstuðu grjóti og öðru lauslegu að her- og lögreglumönnum. NORDICPHOTOS/AFP

# Óeirðir eftir morð á dreng

Óeirðir brutust út í Jerúsalem eftir að sautján ára Palestínumanni var rænt og hann myrtur. Palestínumenn eru fullsaddir á framkomu Ísraela í þeirra garð.

**ÍSRAEL** Óeirðir brutust út í Austur-Jerúsalem eftir að lík Mohammeds Abu Khdair, sautján ára palestínsks drengs, fannst í gær. Tveir karlmenn sáust draga piltinn upp í bíl eftir að hafa spurt hann til vegar. Lík drengsins fannst nokkrum klukkustundum síðar.

Talið er líklegt að um hefndaraðgerð hafi verið að ræða eftir að lík þriggja ísraelskra unglinga fundust á mánudaginn, tveimur vikum eftir að þeim var rænt.

Ungir Palestínumenn köstuðu steinum og bensínsprengjum að ísraelskum hermönnum. Þeir svöruðu fyrir sig með því að skjóta gúmmíkúlum í mótmælendur. Að minnsta kosti 35 Palestínumenn særðust. Palestínsk móðir á vettvangi uppþotsins krafðist réttlætis í samtali við BBC: „Hugsið ykkur hvað væri gert ef þetta væri ísraelskur drengur.“

Konan segir Palestínumenn langþreytta á framkomu Ísraelsmanna í þeirra garð. „Hvað getur maður gert þegar búið er að taka húsið þitt, landið þitt og börnin þín?“

Þar vísaði hún meðal annars til þess að ísraelskir hermenn hafa hert eftirlit á svæðinu og komið upp fjölda vegartálma. Ísraelski herinn braut þar að auki niður hús tveggja manna sem herinn grunar um að hafa myrt ísraelsku drengina þrjá.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, segir ísraelska öfgamenn bera ábyrgð á morðinu á hinum sautján ára Khdair og krefst þess að þeir verði dregnir til ábyrgðar.

Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, fordæmdi morðið og sagði það fyrirlitlegt. Netanjahú bætti við að hafa þyrfti uppi á ódæðismönnunum eins fljótt og auðið yrði. ingvar@frettabladid.is







# DEBENHAMS

## Sumar ÚTSALAN HELDUR ÁFRAM

# 30-70% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Öllum barnakjólum á útsölu



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Úrvali af brjóstahöldurum



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Öllum töskum á útsölu



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Öllum dömu útsölufötum frá:

JASPER CONRAN

STAR BY julienmacdonald

PREEN / EDITION

principles BY BEN de LISI

ROCHA.JOHN ROCHA



**20% AFSLÁTTUR AF:**
Öllum náttfötum fyrir dömur, herra og börn



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Öllum stuttermaskyrtum á útsölu fyrir herra og börn

*Gerðu lífið skemmtilegra*

Finndu okkur á facebook

**Opið 11:00 - 21:00**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Tálknfirðingar harma að hafa ekki fengið að koma að vali á staðsetningu sýslumanns á Vestfjörðum:

# Sýslumaður verður 200 kílómetra í burtu

**SKIPULAGSMÁL** „Svona aðferðafræði gerir ekkert annað en að sá fræi tortryggni og óvildar á milli sveitarfélaganna,“ segir Indriði Indriðason, oddviti Tálknafjarðarhrepps, um þá stefnu innanríkisráðuneytisins að ákveða staðsetningu sýslumannsembætta og lögreglustjóra án samráðs við sveitarstjórnarstigið.

Eins og kunnugt er var samþykkt á vorþingi að fækka embættum á landinu öllu. Bókað var í fundargerð síðasta sveitarstjórnarfundar að fullur skilningur væri á hagræðingarkröfu í ríkisrekstri. „En sú lítilsvirðing sem sveitarstjórnarstiginu er sýnd með því að ríkisvaldið ákveður hvar viðkomandi stofnanir eiga að vera er algjörlega óþolandi,“ er jafnframt bókað af sveitarstjórninni í heild.

Lögin taka gildi 1. janúar 2015 og eftir þann tíma verður sýslumaður fyrir alla Vestfirði staðsettur á Bolungarvík.

„Þetta er óskiljanlegt,“ sagði Indriði í samtali við Fréttablaðið. „Þetta er bara rekið ofan í kokið á okkur án þess að við eigum að fá nokkuð um það að segja.“

Að hans mati hefði verið eðlilegt að gefa sveitarstjórnarstiginu á Vestfjörðum færi á að ákveða staðsetningu embættisins, það hefði lagt betri grundvöll að sameiningu og samvinnu milli sveitarfélaga.

Vegalengdin milli Bolungarvíkur og Tálknafjarðar er 205 kílómetrar sem er lengra en vegalengdin frá Reykjavík til Víkur í Mýrdal. Þar að auki er leiðin með öllu ófær þegar snjóþungt er að vetrarlagi. -nej



> Þetta er bara rekið ofan í kokið á okkur.
>
> *Indriði Indriðason, oddviti Tálknafjarðarhrepps*

**LÖNG LEIÐ AÐ FARA**







# Aldrei verið fleiri vændiskaupendur

Lögreglan gerði átak í að upplýsa vændiskaup á síðasta ári og voru 249 mál skráð. Flestum vændismálum lýkur með að vændiskaupandi borgar sekt. Þrjátíu einstaklingar eru skráðir sem brotaþolar í vændiskaupamálum á síðustu þremur árum.

**LÖGREGLUMÁL** Mikil fjölgun vændismála varð árið 2013 og voru samtals 249 skráð mál hjá ríkislögreglustjóra á árinu. Árið áður voru málin 24 og árið 2011 voru þau 13 samtals. Tölurnar sýna fjölda brota sem hafa komið á borð embættisins vegna kaupa á vændi og hafa vændiskaupendur aldrei verið fleiri.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar, segir einstaklinga sem selja kynlífsþjónustu ekki vera marga en vændiskaupendur hafa aldrei verið fleiri. Ástæðan fyrir mikilli aukningu er að árið 2013 var gert átak í að upplýsa vændiskaup á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Meiri mannskapur, tími og fjármagn var sett í málaflokkinn en nú er átakinu lokið.

„Þessu er ekki sinnt af sama krafti og áður. Þetta er alltaf spurning um forgangsröðun og fjármagn.“

Refsiramminn fyrir vændiskaup er eitt ár í fangelsi eða sektir og segir Friðrik Smári að langflestum þessara mála ljúki með sektum. Einnig að þegar refsiramminn er svo lítill geti lögreglan ekki beitt öllum ráðum við rannsóknir, eins og hlerunum.

Brotaþolar í vændiskaupamálum eru þrjátíu talsins á tímabilinu 2011 til apríl 2014. Af þeim eru konur 21 og helmingur þeirra er þrjátíu ára og eldri.

„Það eru ekki barnungar stúlkur sem selja kynlífsþjónustuna. Yfirleitt eru þetta fullorðnar konur. Rannsókn lögreglu beinist þó fyrst og fremst að kaupendum,“ segir Friðrik en bætir við að ef grunur leikur á mansali sé konunum beint rétta leið. Ef ekki er grunur um mansal fer ekkert sérstakt ferli í gang til að aðstoða brotaþola í vændiskaupamálum. „Yfirleitt er ekki mikið um samstarfsvilja og brotaþolar þurfa að leita sér hjálpar hjá félagslega kerfinu að eigin frumkvæði.“ erlabjorg@frettabladid.is

**FJÖLDI BROTA VEGNA KAUPA Á VÆNDI**




**Brotaþolar í vændiskaupamálum**

Skráður fjöldi hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu 2011 til apríl 2014

| | Íslendingar | Erlendir ríkisborgarar |
|---|---|---|
| ♀ | 11 | 12 |
| ♂ | 7 | 0 |

> Það eru ekki barnungar stúlkur sem selja kynlífsþjónustuna. Yfirleitt eru þetta fullorðnar konur.
>
> *Friðrik Smári Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar.*

**ATHVARFI FYRIR BROTAÞOLA VÆNDIS LOKAÐ**

Kristínarhúsi, eina sértæka úrræðinu fyrir brotaþola vændis, var lokað í janúar síðastliðnum. Athvarfið var tilraunaverkefni til tveggja ára og á þeim tíma höfðu 27 konur og átta börn þeirra dvalið í húsinu vegna mansals eða vændis.

Athvarfinu var ætlað að gefa konum sem voru á leið úr vændi eða mansali tækifæri, rými og næði til að byggja sig upp á nýjan leik.

Í svari Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, við fyrirspurn Katrínar Júlíusdóttur um lokun Kristínarhúss segir að lögregla og félagsþjónustan finni ekki fyrir lokun hússins. Það kemur þó einnig fram að ekki sé lengur fyrir hendi öruggt skjól fyrir mansalsfórnarlömb og því sé erfitt að vinna traust fórnarlambanna sem geti haft skaðleg áhrif á bata þeirra og rannsókn máls.




Ekkert lát á uppsögnum á einni deild öldrunarheimilisins Hlíðar á Akureyri:

# Níundi starfsmaðurinn hættir

**AKUREYRI** Níundi starfsmaðurinn hefur sagt starfi sínu lausu á einni deild Hlíðar, öldrunarheimilis á Akureyri. Starfsmaðurinn, sem er hjúkrunarfræðingur að mennt, hættir vegna alvarlegra samskiptavandamála við forstöðumann deildarinnar.

Áður höfðu átta starfsmenn hætt á sömu deildinni vegna samskiptavandamála við yfirmann deildarinnar.

Vinnusálfræðingar voru fengnir á vegum starfsmannadeildar Akureyrarbæjar til að greina ástandið og bæta starfsandann á deildinni. Vinnu þeirra er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lokið og er verið að kynna niðurstöður vinnu þeirra fyrir yfirmönnum öldrunarheimilisins. Halldór Guðmundsson, forstjóri öldrunarheimilisins, hefur látið hafa eftir sér í viðtali að hann beri fullt traust til forstöðumanns deildarinnar.

Forstöðumaður deildarinnar vildi ekki tjá sig við blaðamann þegar eftir því var leitað. -sa



**ÖLDRUNARHEIMILIÐ HLÍÐ** Starfsmenn flýja yfirmann sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# PHILIPS TILBOÐ

# VIP SÆTI Á HM 2014




**Philips 50PFT4109**
50" LED sjónvarp með Full HD 1920 x 1080p upplausn. Digital Crystal Clear. 100 Hz Perfect Motion Rate. SimplyShare. Ljósnemi. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. 2x USB, 3x HDMI, Scart, Component, heyrnatólstengi, Coax út & CI rauf / DLNA o.fl. App til að samhæfa fjarstýringu með iPhone/Android síma.

Digital CrystalClear · FullHD · 100Hz · HDMI x2 with easyLINK · USB

**TILBOÐ**
**149.995**
FULLT VERÐ 169.995

## 12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í BOÐI




**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

LA-Z-BOY®

# Ástæður þess að La-Z-Boy eru öðruvísi hægindastólar ...




## 1 BAK SEM HÆGT ER AÐ TAKA AF

Allir La-Z-Boy hægindastólar eru með baki sem hægt er að taka af eða leggja niður sem auðveldar þér að flytja eða færa stólinn til.

## 2 HÁGÆÐA BÓLSTRUN

La-Z-Boy hægindastólar eru hannaðir með það í huga að veita jafnan stuðning við öll svæði á efri hluta líkamans.

## 3 SÉRMÓTAÐUR GÆÐASVAMPUR

Allir La-Z-Boy hægindastólar eru með sérmótuðan gæðasvamp til að gefa sem bestan stuðning við mjóbak.

## 4 FLESTAR STILLINGAR ALLRA HÆGINDASTÓLA

Með 18 hægindastillingum auk þess sem bak og innbyggt skammel hreyfast óháð hvort öðru.

## 5 ÁLAGSPRÓFUÐ ÁKLÆÐI

Öll áklæði sem La–Z–Boy notar verða að standast hæstu kröfur um endingu, álagsþol og þurfa að undirgangast prófanir í tilraunastofum La–Z–Boy áður en þau fá vottun frá fyrirtækinu.

## 6 GÆÐAEFTIRLIT

Allir hlutar La–Z–Boy hægindastóls eru prófaðir við venjulegar aðstæður til að tryggja að þeir standist gæðakröfur. Sérhver hægindastóll en grandskoðaður áður en hann fer til endursöluaðila.

## 7 3-LÆSTAR SKAMMELSTILLINGAR

Hægt er að læsa innbyggðu skammeli í þremur mismunandi hægindastillingum.

## 8 EINSTÖK UPPBYGGING Á GRIND

Ólíkt grindum flestra annarra hægindastóla sem eru einfaldlega skrúfaðar saman, er einstök uppbygging La–Z–Boy grindarinnar byggð á einkaleyfisverndaðri hönnun „4-sided La-Z-Boy Unibody® frame“ sem dregur úr álagi á slitfleti og lengir um leið endingu stólsins og gerir allar breytingar á stillingum mýkri.

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
Bíldshöfða 20 • Reykjavík
OPIÐ Virka daga 10-18,
laugard. 11-17 og sunnud. 13-17 OG
Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18
og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –









L A Z B O Y

**Hinn eini sanni!**

LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY. LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægindastillingar. LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.



# Í HVAÐA SÆTI VERÐUR ÞÚ?

# HM-TILBOÐ

*La-z-boy - líklega besta sæti í heimi!*



EDEN
Á FRÁBÆRU
HM-TILBOÐI
**KR. 94.990**
FULLT VERÐ: 119.990
L A Z B O Y

**EDEN** Slitsterkt áklæði í nokkrum litum.
Stærð: B:80 D:80 H:102 cm.



**119.990**
FULLT VERÐ: 139.990

**EMPIRE** Svart gæðaleður.
Stærð: B:80 D:70 H:102 cm.



**119.990**
FULLT VERÐ: 159.990

ASPEN
FÆST EINNIG
Í NOKKRUM LITUM Í
ÁKLÆÐI Á HM-TILBOÐI
**KR. 89.990**
L A Z B O Y

**ASPEN** Gæðaleður nokkrir litir.
Stærð: B:80 D:80 H:102 cm.



**149.990**
FULLT VERÐ: 179.990

**RIALTO** Gæðaleður svart, hvítt eða vínrautt.
Stærð: B:81 D:98 H:107 cm.



**149.990**
FULLT VERÐ: 199.990

**CLARKSTON**
brúnt eða svart gæðaleður.
Stærð: B:97 D:102 H:112 cm.

KOMDU
OG SJÁÐU NÝJA
L A Z B O Y
SÝNINGARRÝMIÐ
OKKAR!

# Lítil eftirspurn eftir lífrænt vottuðu kjöti í verslunum

Aðeins eitt sláturhús á landinu hefur vottun til að taka við lífrænu kjöti. Þó að sláturhúsið greiði lífrænum bændum 20 prósenta álag eru lífrænir sauðfjárbændur einungis átta talsins. Mjög lítið selst af lífrænu kjöti í verslunum.

Annað af tveimur sláturhúsum á landinu sem höfðu vottun til að taka við lífrænu kjöti hyggst hætta með lífræna vottun þar sem engu lífrænu kjöti var skilað inn til vinnslu. Níu sauðfjárbú, af tæplega tvö þúsund, eru með lífræna vottun.

Í grein í Fréttablaðinu í dag gagnrýnir Gunnlaugur K. Jónsson, varaformaður Vottunarstofunnar Túns, harðlega það sem hann kallar áhugaleysi stjórnvalda á lífrænum búskap. Tún er eina fyrirtækið sem fer með lífræna vottun á Íslandi. Fjármagn til þróunarverkefna stofunnar var skorið niður um 80 prósent á síðustu fjárlögum.

Gunnar Tryggvi Halldórsson, framkvæmdastjóri sláturhússins SAH afurða á Blönduósi, segir litla sölu hafa verið á lífræna kjötinu í verslunum. „Við höfum veðjað á að markaðurinn taki við sér. Nú erum við orðin síðasti móhíkaninn og þau einu sem eru eftir í þessu.“

Sláturhúsið á Blönduósi hefur greitt lífrænum bændum tuttugu prósenta álag ofan á hefðbundnar greiðslur til að hvetja fleiri til lífrænnar framleiðslu.

Gunnar segist hafa sent byrjunarskammt af kjöti í allar Nettó-verslanir en að einungis hafi verið forsenda til að senda meira í tvær til þrjár verslanir. Meiri hreyfing sé á verslun með lífrænt kjöt til veitingastaða og ferðaþjónustuaðila sem hafi áhuga á að bjóða viðskiptavinum sínum upp á lífrænan valkost.



**LÍFRÆN LÖMB** Gunnar segir að með lífrænni framleiðslu lambakjöts sé gengið eins langt í hreinleikanum og mögulegt er. Þá er móðirin ekki alin á ólífrænu fóðri yfir veturinn og enginn áburður er borinn á túnin sem lömbin bíta.



**„** Nú erum við orðin síðasti móhíkaninn og þau einu sem eru eftir í þessu.

*Gunnar Tryggvi Halldórsson, framkvæmdastjóri sláturhússins SAH afurða á Blönduósi.*



**HELGA ÞÓRÐARDÓTTIR**

„Mér finnst markaðurinn hægur. Það virðist alltaf vera áhugi og mikil umræða en ekki endilega vilji til að borga meira fyrir þetta. Það er aldrei að vita nema fólk leyfi sér frekar að prófa í næsta góðæri,“ segir Gunnar.

Að sögn Gunnars er jafnframt áhugi á lífrænum sauðagærum. Sláturhúsinu væri auðvelt að framleiða lífrænan innmat ef markaðurinn kallaði eftir því.

Helga Þórðardóttir, bóndi á Mælifellsá í Skagafirði, hefur stundað lífræna sauðfjárrækt síðan frá aldamótum.

„Okkur finnst þetta eina vitið ef maður er í sauðfjárrækt. Ég viðurkenni samt að það geta þetta ekki allir. Við erum á stórri jörð,“ segir Helga. Sauðfé á Mælifellsá er ekki lokað inni á veturna og er á beit allt árið. „Við gefum þeim ekki eingöngu hey heldur gefum við þeim líka fiskúrgang. Þar eru bætiefnin og heilsufarið á kindunum hefur stórbatnað, ekki svo að skilja að það hafi verið slæmt áður.“ **snaeros@frettabladid.is**



**FORRIT FYRIR FERÐAMENN** Nýtt forrit mun auðvelda ferðamönnum að þekkja rétt sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Neytendavernd í nýju forriti:

## Nýtt forrit fyrir ferðalanga í EES

**NEYTENDUR** Evrópska neytendaaðstoðin hefur gefið út forrit fyrir snjallsíma með upplýsingum um neytendavernd í öllum ríkjum EES.

Í gegnum forritið má nálgast upplýsingar um réttindi neytenda er varða atriði á borð við vörukaup, hótelgistingu og ferðalög. Forritið má nálgast á öllum opinberum tungumálum EES-svæðisins.

Þar að auki má finna upplýsingar um hvar sendiráð eru staðsett og réttindi er varða heilbrigðisþjónustu.

Nálgast má forritið á heimasíðu Neytendasamtakanna, ns.is. -ih




**NEYTANDINN** **Þuríður Blær Jóhannsdóttir**

## Eyddi aleigunni í ljóta spiladós



„Ég er svo hræðilegur neytandi,“ andvarpaði Þuríður Blær Jóhannsdóttir, leiklistarnemi, Reykjavíkurdóttir og meðlimur í tríóinu Þrjár basískar, þegar Fréttablaðið náði af henni tali til þess að spyrja út í hennar bestu og verstu kaup.

„Mín verstu kaup eru allavega pottþétt þegar ég var svona tíu ára gömul og eyddi aleigunni í ljóta spiladós sem mig langaði ekkert í. Bara af því að hún kostaði akkúrat aleiguna, þá varð ég að kaupa hana,“ útskýrir Blær. Spiladósin var keypt í sjoppu úti á landi þegar fjölskyldan fór hringveginn.

„Ég fékk fimm þúsund krónur frá afa og Lettu til að eiga alla ferðina, kaupa kannski tyggjó og svoleiðis en ég sá spiladósina í fyrstu sjoppunni sem ég fór í. Hún kostaði 4.990 krónur og mér fannst ég verða að eignast hana.“

Bestu kaupin eru hins vegar öllu praktískari en þau munu vera kuldaskór sem Blær festi kaup á í byrjun vetrar. „Þeir endast mér ótrúlega vel,“ segir Blær. „Ég er í þeim núna þótt það sé sumar.“

Blær segir það reyndar ótrúlegt og segja kannski meira um hið íslenska sumar en kaupvit hennar. -nej

Ný könnun segir að versti kjúklingurinn sé á KFC:

## Stórar keðjur verstar

**NEYTENDUR** Þrjár af stærstu skyndibitakeðjum heims, McDonald's, Taco Bell og KFC, fá harða útreið í nýrri könnun sem neytendatímaritið Consumer Reports birti fyrir skömmu.

Samkvæmt þeim 32.405 sem tóku þátt í könnuninni eru flaggskip staðanna þriggja þau verstu í sínum flokkum: KFC býður upp á versta kjúklinginn, McDonald's verstu hamborgarana og Taco Bell versta mexíkóska matinn.

Talið er að þetta sé til marks um ríkari gæðakröfur nýrrar kynslóðar neytenda. -sój




**VONDIR HAMBORGARAR** McDonald's kom verst út úr könnuninni hvað varðar hamborgara. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR

# FALLEGT Í GARÐINN



Bast sófi 34.900,-
Bast borð 16.990,-
Bast stóll 22.900,-

A WORLD OF INSPIRATION the PIER FOR YOUR HOME

ANTON&BERGUR

Mósaíkborð frá 17.990,- Stólar 9.990,-





Finndu okkur á facebook
facebook.com/thepier

## ÚRVAL MÓSAÍK BORÐA



Hengistóll 59.900,-



Myndir frá 790,-



Rellur 200,-






Mósaík
Sólarlukt 1.290,- **nú 967,-**

Veski 1.590,- **nú 954,-**

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Gamma birtir ársreikning:

## Hagnaður upp á 182 milljónir

Rekstur fjármálafyrirtækisins Gam Managment hf. (Gamma) skilaði 182,7 milljóna króna hagnaði á síðasta ári. Hagnaður fyrirtækisins árið 2012 nam 224,7 milljónum.

Eignir Gamma jukust úr 587,8 milljónum króna í 905,7 milljónir. Skuldir námu 277,2 milljónum, samkvæmt ársreikningi fyrirtækisins.

Eigið fé Gamma var því jákvætt um 628,5 milljónir króna við árslok 2013. -hg

Íslendingar nota um 17% af ráðstöfunartekjum sínum í húsnæðisgreiðslur:

## Húsnæðismál verst í Danmörku

**VIÐSKIPTI** Húsnæðiskostnaður á Íslandi er ekki hár í samanburði við önnur Norðurlönd. Þetta kemur fram í Hagsjá Hagdeildar Landsbankans. Þar segir að húsnæðiskostnaður á Norðurlöndunum sé að almennt tæp 18 prósent af ráðstöfunartekjum heimilanna en hann var 16,5 prósent á Íslandi.

Kostnaðurinn er langhæstur í Danmörku, eða um 25%, og sker landið sig töluvert úr hópnum. Finnsk heimili eru lægst og nota um 13 prósent ráðstöfunartekna.

Þeir sem nota meira en 40 prósent af ráðstöfunartekjum sínum í húsnæði eru taldir búa við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað. Á síðasta ári bjuggu 9 prósent íslenskra heimila við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað. Meðaltal Norðurlandanna var um 10 prósent. Staðan er verst í Danmörku þar sem 18 prósent heimila búa við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað og best í Finnlandi þar sem þetta gildir um 4,5 prósent heimila. -jhh

**Samanburður á miðgildi húsnæðiskostnaðar á Norðurlöndum**




Samnýta tíðniheimildir:

## Vodafone og Nova í samstarf

Póst- og fjarskiptastofnun hefur ákveðið að heimila Vodafone og Nova að samnýta tíðniheimildir félaganna fyrir veitingu 2G-, 3G- og 4G-þjónustu.

Félögin hyggja á stofnun félags, í jafnri eigu, sem mun hafa með höndum eignarhald, uppbyggingu og þróun dreifikerfis fyrir almenna farsímaþjónustu félaganna. Samnýting tíðniheimildanna er ein meginforsendan fyrir því að samstarfið geti orðið að veruleika. -fbj



**Í BRÚNNI** Vilhjálmur segir nauðsynlegan kælibúnað vanta í Víking. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HB Grandi selur gömul skip:

## Víkingur seldur til Danmerkur

HB Grandi hefur selt uppsjávarskipið Víking AK til Danmerkur fyrir rúmlega 2,1 milljón danskra króna, jafnvirði um 43 milljóna íslenskra króna. Fyrirtækið ætlar einnig að selja annað sögufrægt skip, Lundey NS, en það hefur ekki enn verið sett í sölu.

Víkingur var smíðaður í Þýskalandi árið 1960 og er mikið aflaskip. Hann hefur legið bundinn við bryggju síðan loðnuvertíð síðasta árs lauk.

„Það liggur fyrir að við erum að fá nýtt uppsjávarskip afhent í mars næstkomandi og það mun leysa bæði Víking og Lundey af. Það er ekkert kælikerfi í Víkingi fyrir afla en það er orðið algjört skilyrði í meðferð afla í dag," segir Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, í samtali við Fréttablaðið. -hg

# Aflýsti aftur fyrsta fluginu

Flugfélagið Greenland Express þurfti í gær að aflýsa sínu fyrsta flugi frá Akureyri til Kaupmannahafnar í fjórða skiptið. Ekki náðist að manna áhöfn flugvélarinnar. Flugfélagið ætlar að hefja áætlunarflugið 16. júlí.

Fyrsta flugi Greenland Express frá Akureyri til Kaupmannahafnar var aflýst í gær í fjórða skipti. Fyrirtækið ætlar nú að hefja áætlunarflugið 16. júlí næstkomandi.

Gert Brask, stofnandi og forstjóri Greenland Express, segir hollenska fyrirtækið Denim Air, sem á flugvélina sem grænlenska flugfélagið hefur leigt fyrir ferðirnar, ekki hafa náð að manna áhöfn vélarinnar sem átti að fara frá Akureyri í gær. Hann segir fáa farþega hafa átt bókað flug.

„En það er rétt að við ætlum að hefja flugið 16. júlí," segir Brask.

Áætlunarflugið átti upphaflega að hefjast 2. júní síðastliðinn. Í fréttatilkynningu sem birtist á heimasíðu Greenland Express þann dag sagði að fyrirtækið biði þá enn eftir flughæfnisskírteini flugvélarinnar. Fluginu var þá frestað til 11. júní, þar á eftir til 25. júní og síðan til 2. júlí.

Upphaflegar áætlanir fyrirtækisins gerðu ráð fyrir áætlunarflugi milli Grænlands og Danmerkur með viðkomu á Íslandi. Flugfélagið hefur yfir tveimur flugvélum að ráða en vélin sem á að fara frá Akureyri er nýuppgerður Fokker-100 sem tekur 100 manns í sæti. Fljúga á tvisvar í viku allt árið frá Akureyri til Kaupmannahafnar og þaðan til Álaborgar.

Síðastliðinn vetur var greint frá því að íslenska flugfélagið Air Arctic, áður Eyjaflug, ætlaði sér að verða stór hluthafi í Greenland Express og jafnvel sameinast grænlenska flugfélaginu.

„Það stóð til en við létum það ganga til baka," segir Bergur Axelsson, einn af fyrrverandi eigendum Air Arctic. Hann segir að flugfélagið sé ekki lengur í rekstri.

Einar Aðalsteinsson, annar fyrrverandi eigandi Air Arctic, er starfsmaður Greenland Express á Íslandi. Ekki náðist í hann við vinnslu fréttarinnar.

haraldur@frettabladid.is



**AKUREYRARFLUGVÖLLUR** Greenland Express ætlar að fljúga frá Akureyri tvisvar í viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

➜ Grænlenska flugfélagið Greenland Express hyggst hefja áætlunarflug sitt milli Akureyrar og Kaupmannahafnar 16. júlí næstkomandi og fljúga tvisvar í viku.






**NÝTT APP** Signý og Helga hófu að markaðssetja Tulipop í Bretlandi í byrjun árs.

Tulipop-vörur eru seldar í 20 breskum verslunum:

## Fókusinn á Bretland

**VIÐSKIPTI** Íslenska hönnunarfyrirtækið Tulipop selur núna vörur í um það bil 60-70 verslunum erlendis. Fyrirtækið, sem er rekið af þeim Helgu Árnadóttur og Signýju Kolbeinsdóttur, hóf að markaðssetja vörur sínar þar í byrjun þessa árs. Af öllum þessum verslunum eru um 20 í Bretlandi.

„Við fórum af stað í janúar og erum búnar að vera að bæta við söluaðilum þar," segir Helga Árnadóttir í samtali við Fréttablaðið. Hún segir að mestur fókusinn á markaðssetningu erlendis sé á Bretland. „Við höfum verið að fara á stórar alþjóðlegar sýningar og þar hafa fengist pantanir víða að," segir Helga.

Í tengslum við markaðssetninguna setti Tulipop nýlega í loftið skemmtilegan stafrófsleik fyrir krakka, sem má spila í símum og spjaldtölvum með iOS- og Android-stýrikerfi. Með því að nota Tulipop-leikinn geta krakkar lært nöfn allra stafanna í stafrófinu og hljóð hvers og eins. -jhh




Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. **Verð geta breyst án fyrirvara.**

# SKOÐUN

Costco vill selja ferskt kjöt, áfengi og lyf:

## Tilboð um heilbrigða samkeppni

Bandaríski smásölurisinn Costco hefur áhuga á að opna verzlun hér á landi, eins og fjölmiðlar hafa sagt frá undanfarna daga. Sögunni fylgir að Costco vilji líka fá að byggja fjölorkustöð og biðji um undanþágur frá ýmsum íslenzkum lögum og reglum.

Þannig vill fyrirtækið fá að flytja inn ferskt kjöt og selja bæði lyf og áfengi í verzlunum sínum – eins og það gerir annars staðar þar sem það starfar.

Fyrstu viðbrögð margra við fréttum af þessum óskum Costco eru að hrista hausinn og segja að þetta verði auðvitað aldrei samþykkt. Þessir útlendingar séu galnir að halda að reglunum verði breytt fyrir þá, fyrst þeim hefur ekki verið breytt fyrir íslenzk smásölufyrirtæki. Og er ekki komið nóg af þessum benzínstöðvum?



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

En við getum líka spurt: Af hverju nálgast Costco málið með þessum hætti? Getur það verið að það sé vegna þess að á þeim mörkuðum sem fyrirtækið starfar á sé meginreglan sú að það sé hægt að flytja ferska búvöru á milli landa, selja áfengi í matvörubúðum og lausasölulyf sömuleiðis? Og að það sé bara partur af heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum? Segir þetta okkur kannski eitthvað um að það séu samkeppnisaðstæður á íslenzka markaðnum sem eru brenglaðar, fremur en hugmyndir útlendu fjárfestanna?

Hvað myndi gerast ef áfengi yrði selt í matvöruverzlunum? Er eitthvert ófremdarástand þar sem það er gert, til dæmis í Bandaríkjunum, Danmörku eða Þýzkalandi? Það er ekki víst að verðið myndi lækka mikið, til þess eru opinberar álögur á áfengi of brjálæðislega háar. Það væri neytendum hins vegar til þægindaauka að geta keypt vínflöskuna í sömu búð og steikina og hugsanlega fengjum við öðruvísi vöruúrval.

Hefðu lyfsalar ekki líka bara virkilega gott af samkeppni í sölu lausasölulyfja? Eða er eitthvað við fyrirkomulagið í til dæmis Bandaríkjunum, Bretlandi eða Danmörku sem myndi setja lýðheilsu á Íslandi á hliðina?

Og svo er það þetta með benzínstöðina – reynslan af innkomu Atlantsolíu á markaðinn sýnir að skipulagsyfirvöld eru sein til að finna lóðir fyrir nýja keppinauta, en að það er engu að síður vel hægt. Og sama reynsla sýnir að benzínstöð getur verið lítil og pen – henni þarf ekki endilega að fylgja glerhöll til að selja pulsur.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefur tekið vel í beiðni Costco og sagði í samtali við RÚV að íslenzk stjórnvöld væru reiðubúin að gera það sem í þeirra valdi stæði til að „greiða úr þeim úrlausnarefnum sem fyrir hendi eru“. Rök ráðherrans eru að tilkoma Costco á markaði myndi efla samkeppnina, væntanlega lækka vöruverð og auka fjölbreytni í vöruúrvali.

Ragnheiður Elín ætti að beita sér fyrir því að Costco þurfi engar undanþágur – enda væri það aldrei verjandi gagnvart innlendum smásölufyrirtækjum – heldur verði reglunum á íslenzkum smásölumarkaði einfaldlega breytt til að auka frjálsræði og heilbrigða samkeppni og afnema séríslenzk boð og bönn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Að skilja Framsóknarflokkinn

Sigrún Magnúsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, sagðist í gær sakna fjölmiðils sem skildi framsóknarfólk og stefnu þess. Í samtali við RÚV segir Sigrún sér finnast allt gert tortryggilegt sem framsóknarmenn leggja til og tala um og snúið út úr því á alla enda og kanta. Sigrún segir síðan að „við vitum náttúrulega“ að Fréttablaðið sé mest fyrir Samfylkinguna og Bjarta framtíð og að það væri gott fyrir framsóknarmenn að eiga sitt eigið Fréttablað. Ef til vill má túlka orð Sigrúnar sem heróp til gamalla blaðamanna á Tímanum heitnum að taka sig saman og endurvekja dagblað framsóknarmanna. Þeir telja greinilega nauðsynlegra að blöðin skilji þá en að þeir geri sig skiljanlega við fjölmiðla.



### Galli við umræðu

Björn Bjarnason, fyrrverandi menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, gerir birtingu PISA-niðurstaðna að umtalsefni í grein á Evrópuvaktinni. Þar rifjar Björn upp að nýhættur meirihluti borgarstjórnar Reykjavíkur lagðist gegn beiðni Sjálfstæðisflokksins um birtingu upplýsinganna á þeim grundvelli að viðhorf minnihlutans einkenndist af gamaldags sýn þeirra sem teldu skólastarf vera keppnisíþrótt. Björn segir galla í umræðum um skólastarf hér á landi hve fljótt sé brugðist við á þann hátt að þeir sem taki þátt í þeim séu að vega að skólum og kennurum og öðru starfsliði en hafi ekki nægilega þekkingu á málefninu til að ræða það af sæmilegu viti. Stundum sé látið eins og skynsemi eigi ekki erindi í umræður um skóla- og menntamál. Björn hittir naglann á höfuðið en mætti sjálfur hafa þennan vara á þegar hann ræðir ýmis önnur mál.



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Um flutning Fiskistofu

STJÓRNSÝSLA



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

Fiskistofumálið hefur margar hliðar. Það er gott að styðja við atvinnuuppbyggingu í landsbyggðunum og það er ekkert sjálfgefið að öllum störfum sé markaður staður á höfuðborgarsvæðinu.

Þess vegna hefur Samfylkingin talað fyrir störfum án staðsetningar og sýnt þá stefnu í verki þegar ný verkefni hafa orðið til sem þurft hefur að leysa, til dæmis þegar þurfti að fjölga mjög þýðendum vegna aðildarumsóknarinnar. Þess vegna höfum við komið í gegn stórum áföngum til jöfnunar húshitunarkostnaðar og flutningskostnaðar og viljum ganga þar enn lengra. Þess vegna höfum við lagt höfuðáherslu á háhraðatengingar og samgöngubætur um allt land.

Það er ekki jafn sjálfgefið að flytja stofnanir með manni og mús milli landshluta. Reynslan hefur ekki sýnt að slíkar ákvarðanir eldist vel og tilraunir í þá veru hafa runnið út í sandinn.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar nú er greinilega óundirbúin og órökstudd. Engin greining hefur verið unnin á kostnaði og ábata og enginn veit hversu mörg störf eiga að flytjast norður.

En ákvörðunin hefur þar fyrir utan á sér sérkennilegan brag. Það er eins og það sé orðið markmið forystu ríkisstjórnarinnar að gera út á þá togstreitu sem óhjákvæmilega er milli höfuðborgar og landsbyggðanna og magna hana sem kostur er, til að skapa flokkunum sérstöðu og auka fylgi þeirra í hinum dreifðu byggðum. „Við erum sko alvöru Íslendingar“ gæti verið einkunnarorð þessarar stefnu.

**➜ Það er eins og það sé orðið markmið forystu ríkisstjórnarinnar að gera út á þá togstreitu sem óhjákvæmilega er milli höfuðborgar og landsbyggðanna og magna hana sem kostur er, til að skapa flokkunum sérstöðu og auka fylgi þeirra í hinum dreifðu byggðum.**

Samband höfuðborgar og landsbyggða verður að byggja á gagnkvæmri virðingu. Höfuðborgin þarf á landsbyggðunum að halda og landsbyggðirnar á höfuðborginni. Landsbyggðirnar eiga undir högg að sækja og þurfa stuðnings við, enda býr fólk þar oftar við lakari kjör og félagslega stöðu. Við þurfum öfluga byggðastefnu sem byggist á bestu fáanlegri þekkingu, en ekki tilviljanakenndar ákvarðanir einstakra ráðherra í vinsældakapphlaupi.

Það verður enginn meiri eða betri Íslendingur á að búa á einum stað eða öðrum og það er engum til góðs að kynda glæður óvildar að óþörfu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# „Þetta er andskotans nógu gott ofan í ykkur“

LANDBÚNAÐUR



**Ólafur Arnalds**
Neytandi (og prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands)

Nokkur umræða hefur átt sér stað um vottun á landbúnaðarvörum í samræmi við framleiðsluhætti. Stærsti hluti framleiðslu dilkakjöts á sér stað samkvæmt svokallaðri „gæðastýringu“, þar sem meðal annars er litið til umhverfisþátta. Þessi vottun, sem vissulega er skref í rétta átt, er að vísu umdeild og framkvæmd hennar hefur verið harðlega gagnrýnd af landverndarfólki og fagaðilum, meðal annars Landgræðslu ríkisins. Of stór hluti hinnar vottuðu framleiðslu fer fram án þess að landverndarsjónarmið séu nægjanlega í heiðri höfð.

Síðan hefur komið í ljós að vottuðu og óvottuðu dilkakjöti er blandað saman á markaði. Neytandinn hefur ekkert val. Andstætt vilja Landssamtaka sauðfjárbænda og annarra hagsmunaaðila. Hverju sætir það? Í Fréttablaðinu 1. júní eru að finna athyglisverðar skýringar forstjóra Sláturfélags Suðurlands. Hann telur engan gæðamun vera á vörunni og enn fremur að „Það er spurning hvað yrði gert við ógæðastýrt kjöt. Staðan er sú að þú færð enga verslun til að taka inn kjöt sem væri merkt ógæðastýrt“. Það verður nú varla sagt að í þessu tilsvari felist djúpstæður skilningur á gæðastýringarferlum eða tilgangi þeirra. Eða þörfum og réttindum neytenda.

**➜ ... ég man til dæmis ekki eftir að hafa séð viðvörun á matvöru, til dæmis: „framleitt á menguðum ökrum í Langtburtistan af börnum í þrælkunarvinnu og með afar óhagstætt vistspor vegna langrar flutningsleiðar á markað“.**

Rétt er að benda á að það er gæðastýrða varan sem yfirleitt er merkt sérstaklega, ekki hin; ég man til dæmis ekki eftir að hafa séð viðvörun á matvöru, til dæmis: „framleitt á menguðum ökrum í Langtburtistan af börnum í þrælkunarvinnu og með afar óhagstætt vistspor vegna langrar flutningsleiðar á markað“. Upplýstum neytendum er ætlað að draga slíkar ályktanir. Og vitaskuld á upplýstur neytandi að geta valið gæðastýrt dilkakjöt kjósi hann svo. Að sama skapi á hann rétt á að forðast vöru sem ekki stenst kröfur um vistvæna framleiðsluhætti. Framleiðsla SS er eflaust vönduð og góð gæðavara. En viðhorf SS-forstjórans er mjög í anda þess sem maður áður heyrði stundum: „Þetta er andskotans nógu gott ofan í ykkur“. Takk fyrir að upplýsa það.

# Lífræn, vistvæn eða hefðbundin framleiðsla

LANDBÚNAÐUR



**Gunnlaugur K. Jónsson**
varaformaður Vottunarstofunnar Túns

Alþjóðlegar reglur gilda um „lífræna“ ræktun og sjálfstæðir eftirlitsaðilar votta framleiðendur á því sviði. Hér á landi hafa hagsmunaaðilar lengi brugðið fæti fyrir lífræna ræktun og vottun hér á landi. Í því skyni varð til hugtakið „vistvænt“.

Undanfarna daga hafa fjölmiðlar töluvert fjallað um þá staðreynd að stór hluti þess grænmetis sem Íslendingar neyta er merkt sem „Vistvæn landbúnaðarafurð“. Þessi vottun er byggð á reglugerð landbúnaðarráðuneytisins nr. 504 frá 1998. Ekki stendur steinn yfir steini hvað reglugerðina áhrærir, meðal annars með tilliti til 4. og 5. gr. Þar sem fjallað er um gæðaeftirlit og viðurkenningu og skráningu í tengslum við þau skilyrði sem uppfylla þarf til að öðlast þann rétt að merkja afurðir „Vistvæn landbúnaðarafurð“.

### Haldið uppi blekkingum

Í reglugerðinni kemur jafnframt fram að eftirlitsaðilar skuli eigi sjaldnar en einu sinni á ári gera úttekt hjá framleiðendum og afurðarstöðvum sem hlotið hafa viðurkenningu á aðstöðu – þar með talið landgæðum og búnaði til framleiðslu og vinnslu. Þessu eftirliti er ekki og hefur ekki verið fyrir að fara í mörg ár. Í raun er vistvæn vottun ekki annað en hefðbundin landbúnaðarframleiðsla með tilheyrandi áburðar- og eiturefnanotkun sem í sjálfu sér er ekki í andstöðu við lög og reglur en hlutina á að nefna réttum nöfnum í stað þess að halda uppi blekkingum gagnvart kaupendum vörunnar um hollustu og gæði umfram hefðbundna framleiðslu. Hugtakið „vistvænt“ elur því á ranghugmyndum neytandans – vísar til hollustu umfram hefðbundna framleiðslu en er í raun eitt og það sama.

Vottunarstofan Tún hefur um tveggja áratuga skeið annast vottun lífrænnar framleiðslu hér á landi og í Færeyjum samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Vottunarmerki Túns er orðið þekkt og vottun félagsins nýtur trausts á meðal neytenda og framleiðenda, enda byggir hún á minnst árlegu eftirliti, auk fyrirvaralausra úttekta. Tún hefur jafnframt unnið gríðarlegt starf í kynningu, fræðslu og staðlaþróun á sviði lífrænnar framleiðslu. Það hefur skilað sér í vottun nýrra framleiðslugreina sem fyrir vikið njóta umtalsverðs virðisauka af sölu afurða sinna. Tún hefur á annan áratug fengið styrk á fjárlögum til slíkra verkefna, sem að öðrum kosti hefðu líkast til ekki verið unnin, eða hefðu kostað margfalda þá fjármuni sem Tún hefur komist af með. Sú breyting varð á með fjárlögum 2014 að nú þarf að sækja um styrk til viðkomandi ráðuneytis. Það gerði Tún sl. vor en einhverra hluta vegna var styrkurinn skorinn niður um 80 prósent, að teknu tilliti til fjárlaga 2013, fór úr 5 milljónum króna í 1 milljón kr. Engar skýringar fást þessu tengdar frá ráðuneytinu og ekki er hægt að fá upplýsingar um það hverjir fá styrk í ár, hversu mikið – til að mynda samanborið við árið 2013 og/eða hvort einhverjir nýir aðilar og þá hverjir hafi bæst við.

Engin opinber stefna er til hvað varðar lífræna framleiðslu hér á landi. Stjórnvöld virðast ekki hafa neinn áhuga á framgangi þessarar framleiðslu, þrátt fyrir stóraukna ásókn almennings í slíkar vörur. Einu gildir hverjir halda um stjórnartaumana hverju sinni. Aðlögunarstyrkjum og/eða annarri aðstoð til handa þeim bændum eða öðrum þeim framleiðendum sem vilja snúa sér að þessari framleiðslu er ekki fyrir að fara.

### Fullyrðingar um hreinleika

Til fróðleiks má geta þess að hér á landi er vottað ræktarland hlutfallslega margfalt minna en í nágrannalöndunum þar sem hið opinbera veitir rannsóknum og ráðgjöf, svo og þróunarstarfi bænda og vottunaraðila, öflugan stuðning til uppbyggingar lífrænnar framleiðslu.

Reglulega er haldið á lofti fullyrðingum um hreinleika og gæði íslenskrar landbúnaðarframleiðslu. Í því sambandi væri fróðlegt að fá upplýsingar um magn þess tilbúna áburðar og eiturefna, bæði þess sem framleitt er hér á landi og flutt inn erlendis frá, sem dreift er á ræktarland. Í framhaldinu væri hægt að sjá notkun þessara efna á hvern hektara og bera saman við nágrannalöndin. Er hefðbundin íslensk landbúnaðarframleiðsla, til að mynda grænmeti, í raun og veru jafn ómenguð og látið er í veðri vaka?




HINIR ELTA HJÖRÐINA

Viltu eiga alveg eins bíl og nágranninn? Finnst þér gaman að villast á bílum á bílastæðinu í Kringlunni? Hélt ekki. Juke fer sínar eigin leiðir, hinir elta hjörðina.

Verð 3.490 þús. kr. dísil, bsk.

- Fjarstýring fyrir útvarp og síma í stýri
- USB og AUX tengi fyrir hljómtæki
- Bluetooth símsvörunarbúnaður
- Akstursstölva
- Loftkæling
- Hiti í sætum
- 17" álfelgur
- Stöðugleikastýring
- 8 loftpúðar - 6 öryggisloftpúðar
- Hraðastillir (Cruise Control)

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar, Reykjanesbær, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080

# Þjóðin gerir tilraun til valdaráns

STJÓRNARSKRÁ



Guðmundur Gunnarsson
Stjórnlagaráðsmaður

➜ **Íslenska afbrigðið er að ef almúginn kýs ekki í samræmi við vilja valdastéttarinnar, þá hefur lýðurinn fengið ranga tilsögn.**

Enn eina ferðina reynir ritstjóri Fréttablaðsins að kasta rýrð á vinnu Stjórnlagaráðs og kallar niðurstöðu ráðsins misheppnaðan hrærigraut. Þetta segir ritstjórinn þrátt fyrir að frumvarp Stjórnlagaráðs hafi verið unnið með aðstoð færustu stjórnlagafræðinga landsins og auk þess reist á viðamikilli skýrslu Stjórnlaganefndar. Það til viðbótar voru tillögur Stjórnlagaráðs reistar í nýlegum endurskoðunum sem framkvæmdar höfðu verið á nokkrum stjórnarskrám í heiminum, þó aðallega í Evrópu.

Valdaflokkarnir Framsókn og Sjálfstæðisflokkur berjast með öllum sínum fjölmiðlum gegn því að þjóðin fái aðkomu að því hvort og hvernig Stjórnarskráin verði endurskoðuð. Stjórnarskrármálið er dæmigert fyrir íslenskt valdakerfi. Stjórnmálamenn vilja ákveða sjálfir hvort breyta eigi einhverju í Stjórnarskránni og þá hverju og hvernig það sé gert. Þeir handvelja aðila í málið sem hafa ásættanlega skoðun á málinu og þola ekki afskipti almennings af þessu máli. Nú er í gangi ferli sem endurspeglar valdníðslu þeirra sem sitja í Stjórnarráði Íslands.

**Vegið að valdastétt**

Þegar niðurstaða Stjórnlagaráðs lá fyrir opinberaðist það fyrir almenningi að hinni íslensku valdastétt þótti illa að sér vegið. Þjóðin virtist ætla að gera valdarán, vildi taka til sín þau völd sem fámennur hópur hafði náð til sín í gegnum göt á úreltri Stjórnarskrá. Afgerandi niðurstaða varð í þjóðaratkvæðagreiðslunni, 73.509 samþykktu eða 31% kosningabærra manna og þeir sem höfnuðu voru 36.302 eða 16% kosningabærra manna. Aldrei í sögu nokkurs lýðræðisríkis hefur það gerst að valdhafar hafi farið gegn jafn afgerandi niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu, þaðan af síður að valdhafar grípi til þess örþrifaráðs að gefa sér atkvæði þeirra sem heima sátu. Í öllum lýðræðislegum kosningum er það niðurstaða þeirra sem mæta á kjörstað sem ræður.

Þegar talsmenn íslenskra valdhafa áttuðu sig á að þeir hefðu orðið sér til háðungar um hinn lýðræðislega heim, var gripið til örvæntingarfullra skýringa eins og ritstjórinn er með: „Þjóðaratkvæðagreiðslan var síðan líka gölluð; þar var spurt spurninga um sum mikilvæg atriði stjórnlaganna en ekki önnur, þannig að hún veitti heldur takmarkaða leiðsögn.“

Íslenska afbrigðið er að ef almúginn kýs ekki í samræmi við vilja valdastéttarinnar, þá hefur lýðurinn fengið ranga tilsögn.

**Valdið stjórnarskrárvarið**

Vald þjóðarinnar er stjórnarskrárvarið, það er hún sem setur stjórnvöldum leikreglur. Í þjóðaratkvæðagreiðslum ræðst niðurstaðan ætíð af vilja meirihluta þeirra kjósenda sem mæta á kjörstað og taka þátt í leynilegri atkvæðagreiðslu. Vald sem ekki er sprottið frá þjóðinni verður aldrei annað en ofbeldi sem beint er gegn henni.

Vilji þjóðarinnar er vilji samfélagsheildarinnar og sá vilji fer saman við almannahagsmuni. Stjórnvald sem vill kallast réttmætt á hverju sinni að lúta skilyrðislaust niðurstöðum í þjóðaratkvæðagreiðslum. Í öllum lýðræðisríkjum lúta stjórnmálamenn án nokkurra skilyrða niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslna. Þar gildir hið eina að öllum sé tryggður aðgangur að kjörklefa til þess að nýta sér vald sitt, annað er grímulaust valdarán.

# Blikur á lofti í íslenskri hestamennsku

DÝRAVERND



Hallgerður Hauksdóttir
formaður Dýraverndarsambands Íslands

➜ **Það er raunar vafasamt að tilraunadýranefnd myndi leyfa slíkar auknar rannsóknir, þar sem beinlínis þyrfti að meiða hesta markvisst með þessum mélum og rannsaka afleiðingar þess. Það er umhugsunarefni hversu mörgum hestum þessi félög telja rétt að fórna í þágu slíkra rannsókna og hvar eigi að finna þá …**

Við erum gjarnan hreykin af íslenska hestinum, enda ástæða til. Hesturinn er vinsæll hér heima og einnig víða um heim, þykir fjölhæfur, skemmtilegur og mannelskur. Stór hópur fólks hefur atvinnu af hestamennsku, bæði tengt kynbótum, tamningum, keppni, sýningum og sölu. Árangur í keppni og sýningum skiptir máli og getur munað miklu um örfáar kommur þegar upp er staðið.

Auðvitað reyna menn að finna sem bestar aðferðir til að bæta árangur og að endurbæta búnað sem notaður er. Það er ekkert rangt við það, svo lengi sem velferð hestsins er höfð í öndvegi og hann ekki beittur harðræði eða sársaukafullum aðferðum. Um þetta myndi ég telja að menn ættu að vera sammála. Ef svo er ekki hlýtur eitthvað að hafa farið úrskeiðis.

**Beislismél skaðleg**

Nýleg rannsókn dr. Sigríðar Björnsdóttur, dýralæknis hrossasjúkdóma hjá MAST, tekur af allan vafa um að beislismél, sem kölluð hafa verið tungubogamél með stöngum og hafa verið notuð hér í nokkur ár, eru íslenska hestinum skaðleg. Í besta falli meiða þau við notkun og í versta falli skaða þau hestinn. Ástæðan er sú að mélin þrýsta beint ofan á tannlausa bilið á kjálkabeini hestsins við átak á taum. Önnur mél sem áður voru eingöngu notuð hér valda ekki þessum vanda þar eð þau leggja átakið á tungu hestsins, sem er mjúkur vefur og getur fremur svarað álagi en bein. Þetta er auðvelt að sýna fram á þegar fólk ímyndar sér létt högg aftan á kálfann og svo sams konar högg framan á sköflunginn. Það er kálfavöðvanum ekki þungbært en sama högg er forðanlega sársaukafullt þegar það kemur beint á sköflunginn, enda kemur það beint á beinið. Bein eru umlukin beinhimnu sem er afar taugarík. Meginhlutverk himnunnar er að vernda beinið þar sem það verður fyrir álagi – með sársauka – og beina þannig lífverunni til að forðast álagið.

**Sársaukafullt fyrir hestinn**

Beinhimnubólga er alvarlegt ástand og mjög sársaukafullt. Ef hestur er aumur í kjálka undan þessum mélum, þá má ætla að það gefi fullkomið vald yfir honum. Þessir hestar líta út fyrir að vera liprir í taumi og að þeir svari taumtaki vel, en þeir eru fyrst og fremst að forðast sársauka. Þetta skekkir einnig stöðu þeirra sem koma fram með vel tamda hesta og nota venjuleg beislismél, en hestarnir eru ekki eins fullkomlega „liprir“ í taumi af því þeir meiða sig ekki, heldur svara eðlilegu taumtaki með eðlilegum hraða.

Þegar beislismél eru notuð, sem beinlínis er ætlast til að valdi þessum þrýstingi á bein, þá erum við farin að tala um illa meðferð á hestum. Nú liggur þessi vitneskja fyrir og þá eiga menn án tafar að afleggja notkun á þessum mélum, en að öðrum kosti er það mín skoðun að menn séu tilbúnir til að fremja dýraníð – með fullri vitund og vilja – í þágu arðsemi og hagsmuna sinna. Það hefur þegar verið sýnt.

**Vilja leyfa mélin til að hámarka hagnað**

Landssamband hestamannafélaga hefur borið gæfu til að banna notkun á mélunum í gæðingakeppni á komandi landsmóti. En félagið er einangrað í afstöðu sinni, þar eð Félag tamningarmanna og Félag hrossabænda hjá Bændasamtökunum berjast gegn því að mélin verði bönnuð. Félag hrossabænda er með allar kynbótasýningar á hestum og þar er notkun þessara skaðlegu méla því leyfð. Þessi félög vilja leyfa mélin til þess eins að hámarka arð og hagnað félagsmanna sinna. En hvað um velferð hestanna? Félögin hafa farið fram á að frekari tilraunir og rannsóknir verði gerðar, þótt ritrýnd rannsókn Sigríðar hafi þegar sýnt fram á skaðsemi mélanna. Rannsókn hennar hefur staðist vísindalega skoðun hjá viðurkenndu vísindariti tengdu dýralækningum. Það er raunar vafasamt að tilraunadýranefnd myndi leyfa slíkar auknar rannsóknir, þar sem beinlínis þyrfti að meiða hesta markvisst með þessum mélum og rannsaka afleiðingar þess. Það er umhugsunarefni hversu mörgum hestum þessi félög telja rétt að fórna í þágu slíkra rannsókna og hvar eigi að finna þá, því þetta verður ekki rannsakað öðruvísi en með tilraunum. Nei – þetta er ekki sú hestamennska sem við viljum að atvinnuhestamenn stundi á hestunum okkar. Þetta er harðsvíruð hestamennska, ný tegund af fagmennsku.

Við viljum að reisn og glæsileiki hestsins okkar verði byggð á aðferðum sem samræmast dýravelferð.






# Um forustufé og annað gott fólk

STJÓRNMÁL



Ólafur Halldórsson
múslimi

➜ **Á Íslandi hljótum við að hafa verið heppin með forustuféð. Hér hefur þróast frjálslynt, friðsamlegt þjóðfélag.**

Ég ætla ekki að gefa mig út fyrir að vera neinn heimspekingur, þessar hugleiðingar eru sprottnar upp úr eins konar sjálfsterapíu og tilraun til að skilja sjálfan mig og aðra og lifa í sátt, samlyndi og trú á sauðkindina og heilaga jómfrú, eins og Megas segir.

Eins og svo margir mörlandar hef ég dvalið langdvölum í öðrum löndum með hagstæðara veðurfari og kynnst öðrum siðum. Mér varð meira að segja snemma á að taka til mín og tileinka mér einn þeirra, nefnilega íslam, og hef aldrei séð eftir því.

Ég hef komist að því að mannskepnan er skondin skepna, glettilega lík sauðkindinni, þótt margir myndu neita að skrifa undir það. Ég er ekki að tala um þróunarkenningu Darwins, heldur meira að skoða sálfræðihliðina. Við erum dæmigerð hjarðdýr og eltum forustusauði í allar áttir, oft nánast blint.

En sá meginmunur er á að forustusauðurinn er nánast undantekningalaust sauðmeinlaus og sauðheimskur en með góðan ásetning, forustumaðurinn/konan er hins vegar oftar en ekki ágætlega vel gefinn, meinfýsinn og með alls konar ásetning.

Mér hefur líka sýnst að svipaðir eðlisþættir ráði för, séu notaðir sem stjórntæki, hjá báðum tegundum; græðgi og hræðsla. Hjá mannskepnunni er einn í viðbót notaður óspart; trúarhvötin (eða trúgirni ef þú vilt). Ekki dettur mér í hug að segja að þessir eðlisþættir séu slæmir per se, heldur nauðsynleg sjálfsbjargarviðleitni sem hægt er að misnota.

Á Íslandi hljótum við að hafa verið heppin með forustuféð. Hér hefur þróast frjálslynt, friðsamlegt þjóðfélag, þar sem allir hafa til hnífs og skeiðar og mega segja og trúa því sem þeir vilja, á meðan það veldur öðrum ekki skaða. Og hér hefur ekki verið stríð í þúsund ár. Meðalspámaður myndi taka ofan (friður sé með þeim öllum).

Maður leyfir sér því ekki að kvarta yfir fúkyrðum frá einum og einum fýlupoka og stjórnmálaflokki á atkvæðaveiðum, heldur gleðst ómælt og fagnar því að vera sauður í slíkum úrvalshópi, með öðru eins stólpaforustufé.

Ást og friður.


VÆNGIR
OG RIF
HOT AND STICKY SVÍNARIF / THAI KJÚKLINGAVÆNGIR
STEIKT HRÍSGRJÓN / HRÁSALAT / SWEET CHILLI SÓSA
TILBOÐ MEÐ BOLTANUM
VÆNGIR OG RIF 1990 kr. Á MANN
MIÐAÐ VIÐ TVO EÐA FLEIRI
Hringdu núna!
Sæktu eða fáðu matinn sendan heim
588 9899
2L af Gosi
299 kr.
með öllum tilboðum.
NINGS
Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00 Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði | www.nings.is

# Binni og blái traktorinn

INNFLUTNINGUR



**Hans Guttormur Þormar**
framkvæmdastjóri

**➜ Og þannig varð það, að íslenskir bændur þurftu að fara að greiða 25-50 prósentum meira fyrir að kaupa íslenskan traktor, aðeins þá einu tegund sem í boði var…**

Binni er framtakssamur maður sem leitar allra leiða til að skapa störf og auka hagsæld á Íslandi og lætur ekkert stöðva sig í þeim efnum. Binni ákvað að nú væri kominn tími til að búa til alvöru íslenskan traktor, fyrir íslenskar aðstæður (eins og hann orðaði það sjálfur). Hann setti því á fót nýtt fyrirtæki með það að markmiði að smíða íslenskan traktor. Hann réð til sín plötusmiði, vélsmiði, vélvirkja og alla þá sérfræðinga sem þarf til að smíða traktor. Það var ákveðið eftir nokkra fundarsetu að hefja smíði á einni útfærslu traktors, fjórhjóladrifstraktors sem gæti nýst í flest störf í sveitum landsins.

Hann keypti inn stál í traktorinn erlendis frá, svo keypti hann mótor og drifrás í traktorinn erlendis frá, keypti í hann allar glussaslöngur og tengi erlendis frá, mælaborðið var líka erlent, rafkerfi smíðað úr erlendum rafvír, dekk, felgur og tilheyrandi líka, enda ekkert af þessu framleitt á Íslandi. Hins vegar fannst Binna mjög mikilvægt að það væri eitthvað íslenskt í þessum traktor annað en vinnuaflið og keypti því lítinn íslenskan fána til að setja í hvern traktor. Starfsmenn Binna smíðuðu svo og settu saman fyrsta traktorinn og ákváðu að bjóða upp á hann í bláum lit til að byrja með og svo síðar meir í gulu, rauðu og grænu.

Þegar smíðinni var lokið og menn tóku til við að reikna út hvað þessi traktor kostaði í raun og veru, varð fljótlega ljóst að hann stóðst engan veginn verðsamkeppni við útlenda traktora, hvað þá að fyrirtækið gæti nokkurn tímann skilað hagnaði.

„Þessu verður nú að breyta, til að tryggja vinnu í landinu!“ sagði Binni og tók upp símann og hringdi í einn af forvígismönnum vinstri sinnaða Framstæðisflokksins. Það var eins og við manninn mælt, lausnin var augljós fyrir alla þá sem sjá ljósið um „íslenskt fyrir alla“.

„Við komum bara á verndartollum/vörugjöldum á alla innflutta traktora, til þess að íslensk framleiðsla traktora geti starfað óáreitt fyrir erlendum traktorum sem framleiddir eru með niðurgreiddum aðföngum og ódýru vinnuafli í fjarlægum heimsálfum. Og gott ef glittir meira segja ekki í misnotkun starfsfólks og alls konar mútugreiðslur og spillingu í tengslum við erlenda traktoraframleiðslu. Það sjá auðvitað allir sannir Íslendingar að þetta gengur ekki. Við getum ekki látið erlenda auðhringi eyðileggja fyrir okkur íslenska traktoraframleiðslu. Við verðum að tryggja stöðugt traktoraframleiðsluöryggi,“ sagði Framstæðisflokksmaðurinn hróðugur.

Og þannig varð það, að íslenskir bændur þurftu að fara að greiða 25-50 prósentum meira fyrir að kaupa íslenskan traktor, aðeins þá einu tegund sem í boði var, til að viðhalda vinnu í landinu og einungis þeir allra fjársterkustu gátu keypt sér erlenda traktora fyrir allt að helmingi hærra verð en var á íslenska traktornum. Um gæðin veit ég ekki.

**Eftirmáli**

Lalli ljósamaður, bróðir Binna, var ekki par sáttur við velgengni bróður síns og ákvað að fara sömu leið og hefja framleiðslu ljósabúnaðar fyrir gróðurhús. Kalla það íslenska framleiðslu, þó svo að allir íhlutir væru erlendir, og með verndartollastefnu væri hægt að verðleggja ljósker á 800 þúsund, því erlendu ljósin sem kostuðu 500 þúsund væru sennilega komin upp í rúmlega milljón með verndargjöldum. Allt til að tryggja atvinnu á Íslandi og í þessu tilfelli „gróðurhúsaljósaframleiðsluöryggi“ landsmanna.

# „Það er svo gott að búa í Kópavogi“

STJÓRNSÝSLA



**Sighvatur Björgvinsson**
fyrrverandi alþingismaður

„Það er svo gott að búa í Kópavogi.“ Svo mælti þáverandi æðstráðandi á staðnum, Gunnar Birgisson, þegar hann tjáði sig um búsetuúrræði á suðvesturhorni Íslands. „Það er svo gott að búa á Akureyri,“ sagði forsætisráðherra landsins í ræðu sinni norður þar. Að minnsta kosti miklu betra en að búa í Hafnarfirði, ef marka má ráðherrann og flokksbræður hans í ríkisstjórn Íslands. Rétt er það. Gott er að búa á Akureyri – enda bjó ég þar að eigin vali í fjóra vetur sem nemandi og undi dvölinni vel. Einmitt vegna þess hversu gott það er stendur nú til að flytja 40 til 60 fjölskyldur nauðungarflutningum frá Hafnarfirði til Akureyrar bara af velvild við viðkomandi. Það er svo gott að búa þar – það er ekki í Hafnarfirði.

**Ný höfuðborg fyrir „hæstráðanda“**

Um leið er sagt að fleiri flutningar standi til. Nú er það svo að höfuðborg eins lands ræðst ekki af fjölda íbúa á staðnum heldur af því hvar stjórnkerfi landsins kýs sér aðsetur. Fjölmörg dæmi eru um að höfuðborgir viðkomandi landa séu ekki fjölmennustu borgirnar. Þannig er til dæmis Washington höfuðborg Bandaríkjanna þótt íbúar séu fleiri í New York og Brasilía er höfuðborg Brasilíu þótt íbúar séu fleiri í Rio de Janeiro. Höfuðborgin er einfaldlega sá staður þar sem stjórnkerfið kýs að hafa sinn samastað. Þar sem „hæstráðandi til lands og sjávar“ vill hafa höfuðborgina.

**Þar sem „alveg er hægt að gista“**

Nú er ljóst orðið að „hæstráðandi til lands og sjávar á Íslandi“ vill flytja stjórnsýslustofnanir frá höfuðborgarsvæðinu og norður á Akureyri. Hann vill hafa þær ekki of langt frá jarðarskikanum að Hrafnabjörgum III þar sem forsætisráðherrann hefur nú skráð lögheimili ásamt fjölskyldu sinni og þar sem „alveg er hægt að gista“, eins og haft er eftir Jóni Guðmundssyni, bónda á bænum þeim þar sem ráðherrann þiggur búsetustyrk frá Alþingi. Ekki verður þá of langt fyrir hann að fara frá stjórnsýslunni og heim.

**Hvernig flytja má höfuðborgir**

Nú má margt læra af Brasilíumönnum annað en það hvernig halda á heimsmeistarakeppni í fótbolta – eða hvernig ekki á að halda heimsmeistarakeppni í fótbolta. Eitt af því sem læra má af Brasilíumönnum er hvernig flytja má höfuðborgir. „Hæstráðandi til lands og sjávar“ í því landi tók þá gagnmerku ákvörðun að flytja bara höfuðborgina þangað sem hann vildi hafa hana. Arkitektinn Oscar Niemayer var ráðinn til þess að hanna nýja höfuðborg og hún reis á árunum 1956-1960 og nefnist Brasilía. Þangað var svo stjórnkerfið flutt. Þar er nú höfuðborgin. Hin brasilíska Reykjavík ber ekki þann titil lengur.

**Mbl. sér um það**

Ekki ýkja langt frá Hrafnabjörgum III er jörðin Hrifla. Hún er vel þekkt úr sögunni. Væri ekki tilvalið að byggja þar nýja höfuðborg í stað Reykjavíkur? Fá skipulagsfræðing eins og þann sem nú situr í forsætisráðuneytinu til þess að taka að sér verkefni Oscars Niemayers. Skipuleggja nýja höfuðborg á Hriflu. Ekki á Laugarvatni – heldur á Hriflu. Hversu miklu betra yrði ekki að búa í höfuðborginni Hriflu en í Hafnarfirði? Ekki spurning. Ekki heldur fyrir íhaldið? Það fylgir bara með – svona aukreitis. Þegir – og þakkar. Mbl. sér um það. Málgagn „hæstráðanda til lands og sjávar“.




# Vafasamt meginmarkmið

MENNTAMÁL



**Gestur Guðmundsson**
prófessor í félagsfræði menntunar

Fyrir fáum dögum gaf menntamálaráðuneytið út Hvítbók um umbætur um menntun, þar sem áhersla er lögð á tvö meginmarkmið – að 90% grunnskólanema nái lágmarksviðmiðum í lestri, í stað 79% nú, og að 60% ljúki framhaldsskólanámi á tilsettum tíma í stað 44% nú. Ég vil gera athugasemdir við síðara atriðið.

Ofangreint markmið miðast við 4 ár sem „tilsettan tíma“ í framhaldsskólanámi, en það er ekki réttmætt um allt framhaldsskólanám. Sá þriðjungur sem hafið hefur nám á almennri braut, hefur ekki haft tilskilinn undirbúning heldur varið minnst einu framhaldsskólaári í nám sem ekki er metið til framhaldsskólaprófs. Því nemur eðlileg námslengd þeirra réttilega 5 árum, og yfir 50% árgangs ljúka framhaldsskólanámi á tilsettum tíma.

**Vinna meira með námi**

Íslensk ungmenni vinna meira með námi en jafnaldrar í öðrum Evrópulöndum. Um 40% framhaldsskólanema hafa unnið meira en 12 tíma á viku með náminu og margir þeirra dregið talsvert úr námshraða. Þegar íslensk ungmenni verða tvítug hafa þau líklega að meðaltali unnið samanlagt milli eitt og tvö ársverk á almennum vinnumarkaði, og því er það ekki undarlegt að algengasti aldur við lok framhaldsskólaprófs á Íslandi er 20 ár, en almennt 19 ár hjá þjóðum með líkt skólakerfi.

Vinna með námi og brotthvarf tengist ekki síst velferðarstefnu íslenskra stjórnvalda. Foreldrar njóta nú nokkurs stuðnings við framfærslu barna sinna fram að átján ára aldri, en frá 18 ára aldri og allt þar til ungmennið hefur nám á háskólastigi er það á „einskis manns landi“. Þá nýtur hvorki ungmennið né foreldrar þess framfærslustuðnings hins opinbera (einungis óverulegs skattaafsláttar), og ungmennum er einnig gert að borga sjálf kennslubækur sínar.

Í hvítbókinni er sagt, að í Danmörku taki menntaskólanám þrjú ár en fjögur ár á Íslandi. Í þessum samanburði gleymist að Danir hleypa ungmennum ekki inn í framhaldsskóla fyrr en þau eru tilbúin til þess. Í fyrsta lagi þykir það ekki tiltökumál í Danmörku að seinka börnum í barnaskóla þannig að um fimmtungur lýkur grunnskóla 17 ára eða eldri. Í öðru lagi fer einungis um helmingur Dana beint úr grunnskóla í framhaldsskóla en hinn helmingurinn fer minnst eitt ár í framhaldsdeild grunnskóla eða á lýðháskóla til að undirbúa sig betur fyrir framhaldsskólann. Af þessu leiðir samanlagt að við útskrift úr dönskum framhaldsskólum er einungis um þriðjungur 19 ára en flestir 20 ára eða eldri. Þá veita Danir námsstyrki framhaldsskólanemum sem orðnir eru 18 ára, enda vinna þeir sjaldan meira en 10 tíma á viku.

**Markmið ekki bundin við aldur**

Eðlilegt meginmarkmið fyrir íslensk ungmenni er að skólar, atvinnulíf og samfélagið allt veiti öllum ungmennum menntun, starfsreynslu og tækifæri til að taka fullan þátt í íslensku atvinnulífi. Eðlilegt er að gera slíkt meginmarkmið áþreifanlegra með markmiðum um hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsskólaprófi sem er metið af atvinnulífi og háskólum. En það er engan veginn rétt að binda slíkt markmið við tiltekinn aldur heldur eigum við að viðurkenna að sumir þurfa lengri tíma, að sum ungmenni þurfa að afla meira til eigin framfærslu en önnur og að sumum ungmennum hentar það betur að taka styttri og lengri hlé frá framhaldsskólanámi en að ljúka því í einum rykk. Við eigum að fagna þeirri sérstöðu íslensks samfélags að veita betri tækifæri en flest eða öll önnur samfélög til að ljúka framhaldsskólanámi fram eftir aldri.

**Réttast að taka hlé frá námi**

Á bak við stefnumiðið um „fleiri námslok á tilsettum tíma“ búa visulega réttmætar áhyggjur af þeim fjölmörgu íslensku framhaldsskólanemum sem „finna sig ekki“ í náminu, og hvítbókin tekur réttilega undir ábendingar um aðgerðir sem greina slíkan vanda snemma og taka á honum. En oft eru réttustu aðgerðirnar að nemendur taki sér hlé frá námi og endurheimti áhuga og námshvata við annað en venjulegt framhaldsskólanám. Í Danmörku fara slíkir nemendur oft í lýðháskóla eða í fjölsmiðjur í eitt ár, en á Íslandi hafa þeir betri tækifæri en annars staðar til að fara í gegnum þroskandi ferli á vinnumarkaði á táningsaldri. Mikil atvinnuþátttaka íslenskra ungmenna felur þannig í sér jákvæða þætti, en hin neikvæða hlið hennar er fyrst og fremst sú að mörg ungmenni eru knúin til mikillar vinnu vegna takmarkaðra fjárráða á heimili og lítils stuðnings hins opinbera.

Í stað þess að hoppa á einum fæti til framtíðar með fleiri námslok á tilsettum tíma að leiðarljósi, ættum við að nota hinn fótinn líka og nýta enn betur samspilið á milli atvinnulífs, sem býður ungu fólki tækifæri, og vilja fólksins til að snúa aftur í nám. Og ef við viljum halda ungu fólki betur að námi á táningsárunum þurfum við meðal annars að íhuga þá lausn að veita framhaldsskólanemendum, sem orðnir eru 18 ára, námsstyrki að uppfylltri eðlilegri námsframvindu.

4BLS KIPPA ÚT :)

# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

## SJÓÐHEIT SUMARVERÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM

**0% VEXTIR**
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3,5% lántökugjald og 340kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.

**NÝ KYNSLÓÐ**
ÖRÞUNN AÐEINS 8.15mm OG 375gr

KYNNINGARVERÐ
**29.900**
★★★★★

**DRAUMA SPJALDTÖLVA**
ÓTRÚLEG NÝ KYNSLÓÐ SPJALDTÖLVA FRÁ ACER MEÐ 7.9" HD IPS SKJÁ, TVÖFALT ÖFLUGRI INTEL DUAL CORE ÖRGJÖRVA, TVEIM MYNDAVÉLUM OG BURSTUÐU ÁLBAKI;)
LENDIR EFTIR HELGI ;)
FORPANTAÐU ÞITT EINTAK STRAX Í DAG!

**SMELLTU Á KÖRFUNA**
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

Silicon Power
**8GB MINNISLYKILL**
Stílhreinn og stórglæsilegur USB3 minnislykill með inndraganlegu USB tengi á sjóðheitu sumarverði!
**1.990**
16GB USB3 2.990 • 32GB USB3 4.990

VERÐ VÖRN
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur þá lækkum við okkar verð á staðnum

lenovo
**7" IDEATAB**
Vönduð og glæsileg Dual Core spjaldtölva með ótrúlegum 7" fjölsnertiskjá og hágæða Dolby Digital Plus hljóðkerfi
**12.900**
ÓMISSANDI Í SUMARFRÍIÐ:)

LES ÍSLENSKAR OG ERLENDAR RAFBÆKUR
BEBOOK
FISLÉTT OG ÖRÞUNN Aðeins 8mm & 188gr
**PURE LESTÖLVA**
Frábær 6" E-Ink lestölva sem les íslenskar og erlendar rafbækur og geymir allt að 4000 bækur
**16.900**
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

3. JÚLÍ 2014 • BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDABRENGL

STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS


Hallarmúla 2 Reykjavík





STÆRSTA TÖLVUVERSLUN NORÐURLANDS


Undirhlíð 2 Akureyri

# ÚRVALIÐ ER

## Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EI

1.15GHz OVERCLOCK
GURU II YFIRKLUKKUN MEÐ 6GHz MINNI OG ENN ÖFLUGRI 3X WINDFORCE KÆLINGU MEÐ KOPAR HITAPÍPUM

### GTX760OC
**OFUR ÖFLUGT LEIKJASKJÁKORT**

- Eitt öflugasta leikjaskjákortið í dag
- 2GB GDDR5 6.0GHz 256-bit minni
- PCI-E 3.0 3D Vision í nýjustu leiki
- 1152 CUDA cores og 96T.U. fyrir leiki
- Hægt að tengja og spila leiki í 4 skjám
- Gullhúðað HDMI 1.4a, 2xDVI, 1xDP
- Ultra Durable 2oz Copper tækni
- Mjög hljóðlát WINDFORCE 3X tækni

**44.900**

GTX750Ti 27.900 | GTX770 69.900

GIGABYTE

### M6980X
**GHOST LEIKJAMÚS**

- GHOST Gaming 6000dpi Pro-Laser vél
- Ótrúlega nákvæm með 12000fps
- Innbyggt macro minni fyrir flýtiaðgerðir
- Forritanlegir takkar fyrir mismunandi leiki
- 4D Tilt-wheel mjúkt GHOST skrunhjól
- Gaming Grade gúmmí húð fyrir betra grip
- 1.8m Ultra Durable gullhúðuð USB snúra

**7.990**

FULLKOMIN Í LEIKINA:)

16GB

### LG G3
**FLOTTASTI SNJALLSÍMINN FRÁ LG**

Síminn sem brýtur alla múra með ótrúlegum Quad HD 5.5" skjá, ofur öflugum 4ra kjarna örgjörva og drekkhlaðinn allri nýjustu tækni.

- 5.5" Quad HD IPS háskerpuskjár 2560x1440
- Quad Core 2.5GHz Snapdragon örgjörvi
- 16GB FLASH og allt að 128GB Micro SD
- Dual-Band AC WiFi, 4G-LTE, Bluetooth 4.0, NFC
- Li-Ion rafhlaða 3000mAh allt að 21 klst taltími
- 13MP OIS+ myndavél með 4K upptöku
- Styður Qi tækni fyrir þráðlausa hleðslu
- Sterkbyggð og fislétt skel úr Metallic áli
- Android 4.4.2 KitKat stýrikerfi og fjöldi forrita

KYNNINGAR TILBOÐ
ALGENGT VERÐ 109.900

LG NFC

**99.900**

LG G2 69.900 | G3 32GB 114.900

5 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 49.900

GW2760HM

### 27"VALED
**BENQ FULL HD VA-LED SKJÁR**

Stórglæsilegur VA-LED skjár með 178° True To Life sjónarhorn og nýrri True Black tækni sem er algjör bylting í myndgæðum og skerpu á sjóðheitu sumarverði í Tölvutek:)

TRUE BLACK VALED
TÆKNI MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

- 27" VA-LED FULL HD 1080p 16:9
- 20 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 4ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080p FULL HD upplausn
- HDMI HDCP, DVI og VGA D-SUB tengi
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Aukin myndgæði með True Black tækni
- Glæsileg Glossy Black hönnun

BenQ

**44.900**

22" 24.900 | 24" 36.900

S03

AÐEINS 145gr
USB3

Silicon Power

### STREAM
**500GB USB 3.0 FERÐAFLAKKARI**

- 500GB Silicon Power ferðaflakkari
- Matt Black rispuvarið yfirborð
- Fær straum úr USB tengi
- 256-bit öryggis og afritunarhugbúnaður
- Virkar með PC og Mac tölvum
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0
- Ótrúlega nettur aðeins 145gr.

**8.990**

1TB 12.900 | 2TB 19.900

LACIE

### CLOUDBOX
**3TB TÖLVUSKÝ**

- 3TB LaCie CloudBox tölvuský
- Gögnin þín alltaf við hendina hvar sem er
- Deildu gögnum með vinum og fjölskyldu
- Streymir margmiðlunarefni í öll tæki
- 10 notendur með lykilorð og einkamöppur
- Gigabit net, HTTP, FTP, SMB og Torrent
- Fyrir PC, Mac, Android, iOS, SmartTV, ofl.

**29.900**

2TB 24.900 | 4TB 39.900

ÞÝSK GÆÐI
FRÁBÆR HÖNNUN OG HLJÓMGÆÐI FARA LISTAVEL SAMAN

THONET & VANDER

Bluetooth

### KÜRBISBT
**HÁGÆÐA 2.0 HLJÓÐKERFI**

- Hágæða Thonet & Vander hljóðkerfi
- 50W RMS, 50Hz - 20kHz tíðnisvið
- Öflug 5.25" segulvarin bassakeila
- Bluetooth móttakari og RCA inngangur
- Jafn og góður hljómur yfir allt tíðnisviðið
- Frábært fyrir tónlist, leiki & kvikmyndir
- Falleg hönnun og ótrúleg hljómgæði

**29.900**

BLUETOOTH ÞRÁÐLAUST

XL2411Z

144Hz
24" 144Hz 3D SKJÁR ALGJÖRLEGA NÝ UPPLIFUN!

GEFORCE 3D VISION READY

BenQ

### 24"3DLED
**144Hz LEIKJASKJÁR**

- Sérhannaður 144Hz 3D LED leikjaskjár
- 24" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- HDMI, DVI-DL og VGA tengi
- UltraFlex upphækkanlegur fótur
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**59.900**

27" XL2720Z 89.900

22" SKJÁIR FRÁ 21.900

27" SKJÁIR FRÁ 39.900

24" GL2460
**26.900**

MEST SELDI SKJÁRINN OKKAR

BenQ

### 24" FULL HD LED

3TB 26.900

2TB PORSCHE
**19.900**

4TB 34.900

LACIE

### 2TB USB3 FLAKKARI

2 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 4.990

P20
**2.990**

USB FERÐARAFHLÖÐUR FRÁ 2.990

Silicon Power

### USB FERÐARAFHLAÐA

3TB 21.900

2TB SG EXP
**14.900**

4TB 29.900

Seagate

### 2TB USB3 FLAKKARI

GIGABYTE LACIE BenQ brother at your side Silicon Power

**ÍRSKIR DAGAR**
**Fjölskyldu- og menningarhátíðin Írskir dagar hefst á Akranesi í dag og stendur fram á sunnudag. Þar má drekka í sig írsk-íslenska menningarblöndu, bærinn er skreyttur írsku fánalitunum og boðið er upp á fjölbreytta skemmtun. Sjá nánar á www.irskirdagar.is.**

TÆKIFÆRISGJAFIR
TILBOÐ
Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

Útsalan hefst í dag
30%-50% afsláttur
Opnum í dag kl: 13:00
RÓLÓ
Barnafataverslunin Róló Glæsibæ.
Sími 894 8060 • www.rolo.is • Facebook

Útsalan er hafin
Stærðir 36-52
Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16

# NÝTT ENSÍM VIÐ BÓLGUSJÚKDÓMUM

**GENGUR VEL KYNNIR** *Serrapeptase er ensím sem unnið er úr silkiormi og virkar einstaklega vel við bólgusjúkdómum svo sem vöðvabólgu, vefjagigt, magabólgum og þrota. Serrapeptase er sannkallað kraftaverkaensím.*

Serrapeptase inniheldur gerjað ensím úr silkiormi sem getur haft góð áhrif á margs konar bólgusjúkdóma sem herja á nútímafólk sökum streitu, mataræðis, lífsstíls og margra annarra umhverfisþátta ásamt því að virka græðandi á ör og sár.

**MARGRANNSAKAÐ EFNI**

Á síðastliðnum 30 árum hafa verið gerðar að minnsta kosti 23 rannsóknir á virka ensíminu í serrapeptase. Virkni þess felst í því að brjóta niður óæskileg prótein, dauða vefi og úrgangsefni sem annars geta hlaðist upp í líkamanum og valdið bólgum. Sannkallað tiltektarensím!

**SKORTUR Á ENSÍMUM**

Mikilvæg ensím myndast í munnholi þegar við tyggjum fæðuna vel og þá hefst undirbúningur fyrir niðurbrot fæðunnar sem síðan þarf að skila sér út í blóð og frumur líkamans. Talið er að vöntun á ensímum sé einn aðaláhrifavaldur fjölda kvilla á borð við meltingarbólgur, hjarta- og æðasjúkdóma, vöðvabólgur, gigt og fleira.

**GÆÐAVARA**

Natures Aid Serrapeptase-töflurnar eru sýruhjúpaðar sem tryggir virkni því versti óvinur ensíma er sterkur sýrur í meltingarvegi. Framleiðslan er GMP-vottuð og eru umbúðirnar endurnýjanlegar. **Notkun:** Ein til tvær töflur á dag. Best er að taka á fastandi maga á morgnana.



**KRAFTAVERK VIÐ BÓLGU**
Serrapeptase hefur góð áhrif á margs konar bólgusjúkdóma sem herja á nútímafólk.




**ÚTSÖLUSTAÐIR**

Heilsuhúsið, Fjarðarkaup, Lyfja, Lyfjaver, Apótekið, Austurbæjarapótek, Heilsutorg Blómavals, Apótek Suðurnesja o.fl.

*Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is*



**SILKIORMUR**
Serrapeptase-ensímin eru unnin úr silkiormi.

GERÐU GÆÐA-OG VERÐSAMANBURÐ
Loksins alvöru
INNOVATION svefnsófar
18 cm pokagormakerfi
Komdu og prófaðu!
Svefnsófi Cube 90 Deluxe
Stærð svefnflatar 90x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.
149.900
Svefnsófi Cube 140 Deluxe
Stærð svefnflatar 140x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.
199.900
Svefnsófi Supramax Deluxe
Stærð svefnflatar 155x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.
249.900
12 mán. vaxtalausar greiðslur - 3.5% lántökugjald
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum
KORTER.IS






**MIKIÐ AÐ GERA** Í Rauðakrossbúðinni á Laugavegi 12 er alltaf mikill straumur ferðamanna. MYND/ARNÞÓR

# VILJA LOPAPEYSUR OG MERKJAVÖRUR

**NOTUÐ FÖT** *Fatasöfnun Rauða krossins hefur aukist mikið síðustu ár en tekjur af sölu á notuðum fatnaði voru 100 milljónir á síðasta ári. Tólf Rauðakrossbúðir eru reknar um allt land en mest er líklega að gera á Laugavegi 12.*

Hér er mjög mikið að gera. Ætli hingað komi ekki í kringum hundrað til hundrað og fimmtíu manns yfir daginn og mikill meirihluti þeirra ferðamenn,“ segir Helga Árnadóttir sem vinnur sem sjálfboðaliði í Rauðakrossbúðinni á Laugavegi 12.

Það helsta sem útlendingarnir sækjast eftir í versluninni eru lopapeysur að sögn Helgu. „Þá gleypa þeir líka við merkjavörufatnaði, en hingað fáum við vörur frá Boss, Tommy Hilfiger og Karen Millen. Hér hafa fengist flottar kasmírullarkápur og fínir skór, jafnvel ónotaðir,“ lýsir Helga en seljanlegustu vörurnar sem berast Rauða krossinum eru iðulega settar á sölu í búðinni á Laugavegi 12.

Helga segir ferðamenn afar ánægða með að gera góð kaup í lopapeysum hjá henni. „Verðið á þeim fer eftir ástandi. Sumar eru sem nýjar og aðrar beinlínis ónotaðar. Peysurnar kosta þannig á bilinu tíu til fimmtán þúsund krónur,“ segir hún en til samanburðar kosta nýjar lopapeysur í ferðamannabúðum í kringum 30 þúsund krónur.

Helga segir Íslendinga þó einnig sækja verslunina. „Ungu stelpurnar koma reglulega og skanna búðina eftir „vintage“-kjólum og gera oft mjög góð kaup. Svo erum við með marga fastakúnna sem koma aftur og aftur,“ segir Helga, sem hefur afar gaman af því að vinna í versluninni. „Sjálfboðaliðar vinna í fjóra tíma í senn og tíminn flýgur,“ segir hún og hvetur sem flesta til að gerast sjálfboðaliðar hjá Rauða krossinum. „Þetta er svo gaman og gefandi,“ segir Helga, sem er einn af hundrað sjálfboðaliðum sem standa vaktina í tólf Rauðakrossbúðum sem eru starfræktar um allt land.





**SJÁLFBOÐALIÐI** Helga Árnadóttir starfar sem sjálfboðaliði og líkar afar vel.

**SAFNA 1.700 TONNUM ÁRLEGA**

„Fólk er í auknum mæli að gefa Rauða krossinum fatnað og skó og þess háttar,“ segir Sandra Grétarsdóttir, rekstrarstjóri fatabúða Rauða krossins, en um 1.700 tonn af fatnaði bárust félaginu á síðasta ári. Þar af voru 1.612 tonn flutt í endurvinnslu erlendis, sem er 19 prósenta aukning frá fyrra ári. Þá fóru um 50 tonn í Rauðakrossbúðirnar og fataúthlutun, og um 20 tonn í hjálparstarf til Hvíta-Rússlands.

Sandra bendir á að fólk megi gefa allan fatnað, hvort sem hann er slitinn eða nýr. „Slitinn fatnað seljum við áfram í endurvinnslu en hann fer ekki í verslanirnar,“ útskýrir hún.

Tekjur félagsins af sölu á notuðum fatnaði voru um 100 milljónir króna á síðasta ári. Fatasöfnunin er þannig helsta fjáröflunarverkefni Rauða krossins en um 600 sjálfboðaliðar um allt land koma að söfnun, flokkun, sölu og framleiðslu barnapakka. Deildir um allt land sjá um að safna fötum, flokka þau og senda í vöruhús fatasöfnunar í Skútuvogi. Þar eru fötin flokkuð enn frekar og ýmist seld út til endurvinnslu eða í Rauðakrossbúðirnar.

„Búðirnar fá nýjar sendingar í hverri viku og sjálfboðaliðarnir í verslununum sjá um að taka upp „nýjan“ fatnað á hverjum degi,“ segir Sandra og bætir við að viðskiptavinir búðanna séu eins ólíkir og þeir eru margir. „Þetta er fólk á öllum aldri, frá nemum til bankastjóra,“ segir hún glaðlega.

Sandra er afar ánægð með aukinn hagnað af fatasölu Rauða krossins en langstærstur hluti hagnaðarins fer í alþjóðlegt hjálparstarf og rekstur Hjálparsíma Rauða krossins, 1717. „Það sem gerir okkur mögulegt að ná þessum árangri er mikil og góð vinna fjölda sjálfboðaliða. Þeir eiga heiðurinn af því að unnt er að nýta þessa fjármuni til hjálparstarfa.“







Útsalan hefst í dag 30-70%
afsláttur
Kjólar áður 24.990
nú 7.990 kr.
Silkimussur áður 14.990
nú 9.990 kr.
Mussur - ótrúlegt úrval
áður 9.990
nú 5.000 kr.
Síðir kjólar 5.000
Gallajakkar áður 14.990
nú 9.990 kr.
Kjólar áður 16.990
nú 5.000 kr.
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201
Fleiri myndir á Facebook

# RÖNDÓTT RÚLAR

**HERRATÍSKAN** *Rendur voru áberandi á herratískuvikunni í París um síðustu helgi þar sem sýnd var vor- og sumartískan fyrir næsta ár. Aðallega voru það föt á efri hluta líkamans, bolir, skyrtur og peysur, sem voru röndótt, og þá yfirleitt þverröndótt, en einnig mátti sjá módel í flíkum sem voru allar röndóttar.*



**SUMARLEGUR** Hvít jakkaföt eru sumarleg og röndóttur bolur skemmir alls ekki fyrir. Þessi föt eru frá Dior.



**LANGSUM** Þessi var einn af fáum sem skörtuðu röndunum langsum. Songzio á heiðurinn af þessu dressi.



**TÖFFARI** Þverröndóttur bolur undir jakka með blómamynstri fer þessum vel á sýningu Yves Saint-Laurent. Bindið poppar svo dressið upp þannig að hann er tilbúinn í sumargillið.



**SVALUR** Rendur og litir voru mjög áberandi í línu Pauls Smith sem þarf ef til vill ekki að koma sérstaklega á óvart.



**RÖNDÓTTUR** Þetta módel sem sýndi föt frá Kenzo var í röndóttu frá öxlum til ökkla.



YOHJI YAMAMOTO



DIOR

RYNSHO

YVES SAINT-LAURENT











Felið öldrunarmerki og lýti
á augabragði. Sjáið muninn!
NÝJUNG
Slétt húð
Fínar línur
Hrukkur
Svita-holur
ÁN
Optical Blur 5 sek.
MEÐ
Optical Blur 5 sek.
KOMIÐ AFTUR
Optical Blur 5 sek.
PRIMER MEÐ LJÓSBROTSÖGNUM SEM HAFA
SÝNILEGA FEGRANDI OG SLÉTTANDI EIGINLEIKA
FEGRANDI ÁHRIF Á AUGABRAGÐI:
Hrukkur virðast dofna um 38%*
Fínar línur virðast dofna um 41%*
Svitaholur í kinnum virðast dofna um 38%*
Húðin virkar með meiri ljóma: + 41%*
Gerir ójöfnur í húðlitnum minna áberandi og jafnari: + 26%*
*Rannsóknir húðsérfræðinga, 42 konur
Optical Blur 5sec
SMOOTHING PERFECTING PRIMER
IMMEDIATE PERFECTING EFFECT
BERIÐ Á HÚÐINA
Á EFTIR RAKAKREMINU
Take care.
GARNIER
/garniericeland



**SUNNUDAGSFÖTIN** Prinsessurnar Leonóra og Soffía í heimsókn hjá Benedikt XVI. páfa í ágúst 2011.



**AFASTELPUR** Í heimsókn hjá Jóhanni Karli Spánarkonungi og afa, sem fékk nýjan mjaðmarlið í september 2013.



**FÓTBOLTATÁTUR** Tilbúnar að afhenda verðlaunabikarinn þegar spænska landsliðið varð Evrópumeistari árið 2012.



**SUMARLEGAR** Systurnar í stuttbuxum og ermalausum bolum á sólskinseyjunni Mallorca sumarið 2013.



**SKÓLASTELPUR** Kátar í klassískum skólabúningi Santa María de los Rosales-skólans á haustdögum 2012.



**PABBI VERÐUR KÓNGUR** Soffía prinsessa, Leonóra krónprinsessa, Filippus VI. Spánarkonungur og Letizia Spánardrottning, Mariano Rajoy forsætisráðherra og Fernando García Sanchez yfirflotaforingi á krýningardaginn í Madríd 19. júní síðastliðinn.

# EKTA PRINSESSUR

*TÍSKA Stúlkur dreymir gjarnan stóra drauma um að verða prinsessur í ævintýrum á meðan alvöru prinsessur þurfa líka að takast á við hversdagslífið.*

Prinsessum fylgja draumar og dulúðleg ævintýri, glæsihallir, kórónur og töfrandi kjólar. Nú snemmsumars lentu spænsku prinsessurnar Leonor og Sofía í sviðsljósinu og heilluðu hjörtu heimsbyggðarinnar með fallegri framkomu og elegant fatastíl.

Eldri prinsessan, Leonóra, fæddist í Madríd 31. október 2005 og er frumburður foreldra sinna, Filippusar VI., nýkrýnds Spánarkonungs og Letiziu Spánardrottningar. Hún er því réttmætur erfingi krúnunnar, næst á eftir föður sínum.

Leonóra gengur í Santa María de los Rosales-skólann í Madríd, ásamt Soffíu systur sinni; þann sama og faðir þeirra sótti í æsku. Hún fór í sína fyrstu opinberu heimsókn sem krónprinsessa í maí síðastliðnum þegar hún heimsótti spænska flugherinn.

Verði Leonóra krýnd drottning þegar fram líða stundir verður hún fyrsta drottning Spánar síðan Ísabella II. (1830-1904) réð ríkjum. Samkvæmt lögum spænska konungsríkisins þarf hún hins vegar að víkja úr erfðaröðinni eignist foreldrar hennar son.

Yngri prinsessan, Soffía, fæddist 29. apríl 2007 og er önnur í röðinni til að erfa krúnuna. Frumur úr naflastrengjum Soffíu og Leonóru voru sendar til varðveislu í Arizona og olli það miklum deilum á Spáni. Soffía er skírð í höfuðið á ömmu sinni, Soffíu, fyrrverandi Spánardrottningu.

Prinsessurnar þykja mikið augnaydni og vekja athygli fyrir látlausan og fallegan klæðaburð.


Rauðrófukristall

sem **stingur** keppinautana af*




1 dós = 90 rauðrófur

Nitric Oxide samanburður

**Ein teskeið SuperBeets jafngildir**

*3 lífrænum rauðrófum, 25 rauðrófuhylkjum eða 500 ml af rauðrófusafa*

**Ein dós af SuperBeets jafngildir**

*90 lífrænum rauðrófum, 30 flöskum af 500 ml rauðrófusafa, (= 15 lítrum) eða 750 rauðrófuhylkjum*

**Fæst í Apótekum og heilsubúðum**

**Umboð: vitex - www.superbeets.is**




*Ráðlagður dagsskammtur fyrir Nitric Oxide áhrif*



1 teskeið SUPERBEETS = 3 rauðrófur = 1 flaska af safa 500 ml eða 25 rauðrófuhylki

Hausverkur Ekki þjást MigreLief

Mígreni.is




MigreLief fyrirbyggjandi fæðubótarefni fyrir fullorðna og börn




# NÝTT ÆÐI AÐ BRESTA Á

*Flestir þeir sem póstuðu myndum af andlitinu á sér á hina ýmsu samskiptamiðla munu líklega fara að dæla inn myndum af eigin fótum og skóm fljótlega.*

Nýtt æði er að taka við af „selfí“-æðinu sem nýverið reið yfir á öllum samskiptamiðlum. Nýja æðið er kallað „shoefie“ sem mætti útleggjast „skófí“ á hinu ástkæra, ylhýra. „Skófí“ er einfaldlega sjálfsmynd, „selfí“, af eigin skóm, yfirleitt tekin ofan frá. Myndin getur ýmist sýnt fram á hve fallega skó myndasmiðurinn á eða hve afslappaður hann er, með fætur upp í loft.

Samkvæmt vefsíðunni whosay.com er leikkonan Amanda Abbington, sem þekkt er úr sjónvarpsþáttunum „Mr. Selfridge“, upphafskonan að þessu æði.

Mörgum finnst líklega betra og minna uppljóstrandi að taka „skófí“ af sjálfum sér og skella inn á netið fyrir allra augu en „selfí“. Verið því viðbúin að síður ykkar á Facebook, Instagram, Snapchat og öðrum miðlum fyllist af fótamyndum bráðlega.



**UPPHAFSMANNESKJAN** Samkvæmt vefsíðunni whosay.com er leikkonan Amanda Abbington upphafsmanneskja „skófí“-æðisins.




Gefðu fallegan
lífsförunaut
í brúðkaupsgjöf

**BRÚÐKAUPS-
GJAFALISTAR
OG GJAFAKORT**



Harpa / Skeifan 6 /Keflavíkurflugvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal

iittala



ROSENDAHL



by Lassen Copenhagen





**Notknot** púðar - hönnun: Ragnheiður Ösp

# SAMANBRJÓTANLEG VAÐSTÍGVÉL

Spænski hönnuðurinn Estel Alcaraz hefur hannað stígvél úr endurvinnanlegu plasti sem hægt er að rúlla upp og stinga í vasann.

Hugmyndina fékk hún eftir að hún kom rennandi blaut inn úr rigningunni og rak augun í plastflösku sem búið var að pressa saman. „Mér fannst það áhugavert og velti fyrir mér af hverju stígvélin mín gætu ekki minnkað á svipaðan hátt þegar þau væru ekki í notkun,“ segir Estel í viðtali á www.designboom.com.

Stígvélin taka fimmfalt minna pláss samanbrotin og er haldið saman með teygju. Þau eru framleidd úr endurvinnanlegu pólýúretan-thermoplasti, sem sprautað er í mót og vegur einungis 800 grömm.

Stígvélin kallar Estel Sardines og vísar nafnið til þess að hægt er að pakka stígvélunum þétt, eins og sardínum í dós.

Á www.designboom.com má sá myndband sem sýnir gerð stígvélanna.







**LÉTT OG LIPUR** Stígvélin eru úr endurvinnanlegu plasti. MYND/WWW.ESTELALCARAZ.COM





Stretch buxur - háar í mittið

Stærð 34 - 54
3 síddir: 75 + 80 + 85 cm.
5 litir: svart, blátt, hvítt, brúnt, sandbrúnt
3 skálmavíddir.

Verð 12.900 kr.

Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 10–15.

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516

Kíkið á myndir og verð á Facebook




**VEL HEPPNAÐ** Saga Sif lét ekki kennaraverkfallið setja strik í reikninginn og kláraði öll sín verkefni nokkrum dögum fyrir sýninguna. MYND/SAGASIF





**SKART** Saga Sif býr til skart úr glerperlum. MYND/SAGASIFDESIGN.IS



**MARKMAÐUR SEM HANNAR Á KVÖLDIN** Saga Sif ásamt litlu systur sinni sem sló í gegn á tískusýningunni á Kjarvalsstöðum. MYND/GVA

# HANNAR Á KVÖLDIN

***ÍSLENSK HÖNNUN*** *Saga Sif Gísladóttir hannar skartgripi og föt milli þess sem hún stendur í marki FH í meistaraflokki kvenna í handbolta. Hún lauk fatahönnunar- og textílbraut FG í vor og sýndi afraksturinn á Kjarvalsstöðum*

Ég skil ekki hvernig ég náði lokaprófunum. Sýningin var tveimur dögum fyrir prófin og svo lentum við líka í verkfallinu. En ég náði að klára allt mitt og möppuna líka,“ segir Saga Sif Gísladóttir hress en hún sýndi lokaverkefni sitt frá fatahönnunar- og textíldeild FG á Kjarvalsstöðum á dögunum.

Saga sýndi fjórar gerðir alklæðnaðar úr bómullarefni og leðri. Munstrið hannaði hún sjálf og lét prenta hjá Textílprentun Íslands. Innblásturinn sótti hún í íslenskt veðurfar.

„Munstrið kemur út frá hörðum vetri og hvíta leðrið stendur fyrir snjó. Heildarútlitið er samt sótt í sumarið og flíkurnar eru því opnar og flegnar,“ útskýrir Saga en hún sá um alla sniðagerð og saumaskap sjálf. Hún segir sýninguna hafa tekist vel.

„Þetta var rosalega gaman. Ég fékk frænkur mínar til að sýna og litlu systur mína, sem var algjör stjarna á sýningunni. Vinkona mín sá um förðunina og við náðum að gera prufu nokkrum dögum fyrr og vorum því vel undirbúnar,“ segir Saga, sem milli þess að sinna hönnuninni spilar í meistaraflokki kvenna í handbolta með FH og hefur því í nægu að snúast.

„Ég er í marki og yfirleitt eru æfingar tvisvar á dag. Svo hanna ég bara á kvöldin og nota helgarnar vel,“ segir hún og stefnir ótrauð á frekara nám í fata- og skartgripahönnun.

„Draumastarfið í framtíðinni er að búa til skart og föt. Ég byrjaði fyrir tveimur árum að búa til skart úr glerperlum með dyggri aðstoð mömmu. Það hefur vaxið hratt svo ég er farin að sjá fólk úti á götu með skartið mitt, sem er ótrúlega skemmtilegt,“ segir Saga.

Sumarið ætlar hún að nota til að bæta við fataskápinn sinn og þó hana dauðlangi til að nota fötin úr útskriftarlínunni sinni segist hún varla tíma því.

„Mig langar helst bara til að ramma þau inn,“ segir hún hlæjandi.

Nánar má forvitnast um skartgripahönnun Sögu Sifjar á sagasifdesign.is.





Útsala hafin!
Frábær tilboð á Útsölu.
MaxMara BASLER MARINA RINALDI
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770
Fylgist með okkur á facebook.com/Parisartizkan

TRI

Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR · HLAUP · SUND

Park Tool · COMPRESSPORT VEINO-MUSCULAR COMPRESSION TECHNOLOGY · Zoot · LG GARNEAU · SCHWALBE · BROOKS

BORGUN

TRI VERSLUN er nú að bjóða viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við Borgun.

~~349.990kr~~ ➤ 279.990kr

CRAFT

15% afsláttur í júlí




## 20% afsláttur

# RACER DAGAR

## 30.júní til 12.júlí, 2014

CUBE

# WWW.TRI.IS

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

## til sölu


### Til Sölu
### Veitingastaður við Ármúla Rvk.



Frekari upplýsingar :

Einar E. Guðmundsson, viðskfr.
Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk.
s. 517-3977 Netfang: einareg@gmail.com

Til afhendingar nú þegar


## atvinna


**SMIÐIR**
**VERKAMENN**
**MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

**S. 777 2 333**


MOSFELLSBÆR

### Leirvogstunguskóli Mosfellsbæ

### Staða leikskólastjóra við Leirvogstunguskóla

Leirvogstunguskóli er um 60 barna leikskóli, staðsettur í Leirvogstunguhverfi. Skólinn hefur starfað í þrjú ár sem útibú frá Reykjakoti. Skólastefna Leirvogstunguskóla er sjálfstæð, en hefur tekið mið af skólastefnu Reykjakots, en einnig er áhersla á að hreyfing og nám fari saman og er unnið að sérstöku þróunarverkefni í tengslum við það.

Leikskólastjóri stjórnar daglegri starfsemi og ber ábyrgð á faglegu starfi og rekstri leikskólans. Hann ber ábyrgð á skipulagi skólastarfs í samstarfi við foreldra, starfsfólk skólans og skólayfirvöld. Hann ber ábyrgð á rekstri skólans, þar með talið mannauðsmálum svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Leyfisbréf leikskólakennara
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða kennslureynsla á leikskólastigi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og lausnamiðuð hugsun
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til samstarfs
- Þekking á rekstri og áætlanagerð æskileg

Nánari upplýsingar um Leirvogstunguskóla má finna á heimasíðu skólans: www.leikskolinn.is/leirvogs/

**Umsóknarfrestur er til 15. júlí 2014.**

Umsóknir ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið ásamt framtíðarsýn á starf Leirvogstunguskóla skulu sendar á netfangið **bth@mos.is**

**Ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2014.** Nánari upplýsingar um starfið veita Björn Þráinn Þórðarson og Gunnhildur Sæmundsdóttir í síma 5256700.

Laun eru samkvæmt samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið

***Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar.***

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

## Spádómar

Ég er við í Kærleikssetrinu annan hvern þriðjudag. Les líti í áru og leiðbeini gegnum tarot. Spái um komandi framtíð. S. 844 0009 Sandra. Einnig held ég námskeið í tarot og næmni þann 8 júlí.

Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## KEYPT & SELT

## Til sölu


**Hágæða sláttutraktórar**



Verð frá 350.000 m/vsk.

STIGA

Vetrarsól ehf.
Askalind 4 • Kópavogi • S 564 1864


**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**

Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

Útsala stórar plöntur allar gerðir veljum íslenskt. Blómsturvellir v. Reykjalund s.8641202

Til sölu nokkur skrifborð, skápar/hillur og borð. Um er að ræða notuð húsgöng. Nánari upplýsingar gefur Pálmi í síma 575-8508/896-3344 á skrifstofutíma.

**TIL SÖLU**

Til sölu úr dánarbúi. Retro húsgögn og önnur, nýlegt rafmagns rúm, nýleg þvottavél, ískápur, ljós og myndir, rafmagns verktæki sum ónotuð, fullt af handverkfærum, hillur og hillu festingar og margt margt fleira. Opið hús miðvikud. og fimmtud. Álfholtsvegi 85, kóp. kjallari hægra megin, milli 15-18. Nánari uppl. í 696-1290 og 771-8029. Fyrstur kemur fyrstur fær.

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## fasteignir


**210 Garðabær**

### Engimýri 13



**OPIÐ HÚS**
Fimmtud. 3. júlí 17:30 - 18:00



Nánari upplýsingar veita
**Davíð Jónsson,** sölufulltrúi
david@miklaborg.is **sími:** 697 3080

Fallegt 230 fm tveggja hæða einbýlishús
Tvöfaldur bílskúr og gott bílaplan
Gróinn og fallegur garður með sólstofu
Stutt í skóla, leikskóla og alla þjónustu



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **63,5 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

### Lundur 3, íb. 1002 – Penthouse

**Stórglæsileg eign, ótrúlegt útsýni.**




**Opið hús í dag á milli kl. 16:30 og 17:00**

Stórglæsileg penthouseíbúð, 159,5 fm. að stærð, á 10. og efstu hæð með stórkostlegu útsýni að Lundi 3 í Kópavogi. Ca. 95 fm. þaksvalir. 2 stæði í bílageymslu. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Innfelld lýsing. Aukin lofthæð. Óskar sýnir íbúðina í dag á milli kl. 16:30 og 17:00.
**Uppl. í síma 822-8750.**


**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## HEIMILIÐ

## Dýrahald



**HREINRÆKTAÐIR BRÚNIR L**

Frábærir fjölskyldurhundar og veiðihundar. HRFÍ ættbók og startpakki. Tilbúnir til afhendingar um miðjan júlí. Svavar 822-5950. Á FB Kvíslartungu labrador.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.

**gsm 824 4535**

**leiga@leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu skrifstofur með aðgang að fundarherbergi, sameiginleg þjónusta. Ýmsar stærðir leiga frá kr. 32.000. Nánari uppl veitir Baldvin í síma 898 1177.

## Sumarbústaðir

**SSS EHF.**

Vanur smiður getur bætt við sig verkefnum. Vanur palla síðum, viðbyggingum, sumarhúsum, viðhaldi og fl. Er á suðurlandi. S. 893-0422.

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 M2 IÐNAÐARBIL**

Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu. 10 m2 milliloft mögulegt. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060

Til leigu nokkur skrifstofuherbergi með aðgang að fundarherbergi, kaffistofu, móttöku, 60 fm svölum í Bæjarlind 4. Kópavogi. Laust strax. Uppl. í síma 660-7761 og 822-5588 eða tingholt@tingholt.is

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**MATREIÐSLUMAÐUR ÓSKAST**

Cafe bleu Kringlunni óskar eftir vönum manni í eldhús. Unnið á vöktum 2-2-3 framtíðarvinna.

**Upplýsingar í síma 899 1965**

SÓMI

**SÓMI**

Óskum eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstarf við dreifingu á vörum fyrirtækisins. Unnið frá kl. 05.00 virka daga og laugardaga. Viðkomandi þarf að vera heilsuhraustur og reglusamur.

**Tekið við umsóknum á staðnum eða á siggi@somi.is**

**Sómi ehf, Gilsbúð 9. Garðabæ.**

Múrari með reynslu, geri allt þarf innan hús Flísaleggja, Byggja eldstæði innan sem utan og margt fleira Uppl. í síma 6903882

**VASKIR MENN**

Erum saman nokkrir vaskir menn, vanir flestum störfum í byggingariðnaði, ss. smíðavinnu, málun, múrun og hellulögn óskum eftir að vinna fyrir traustan aðila. Uppl. í s. 787-2088

Meiraprófsbílstjóra vantar til afleysinga á sendibíl í Reykjavík. Uppl. gefur Magnús í s. 896 8616


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT


STÆRSTU MERKIN
Í TÖLVUTEK ERU ÖLL STÆRSTU MERKIN Í FARTÖLVUM Á ÓTRÚLEGU VERÐI
KB-1250SL
JÚLÍ TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 69.900
TE69
AMD Kabini Dual Core E1-2500 1.4GHz
6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
500GB SATA2 5400RPM diskur
15.6" HD LED Ultrabright 1366x768
2GB ATI HD8240 DX11 skjákjarni
300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
720p háskerpu vefmyndavél
Lyklaborð með sjálfstæðu talnaborði
Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum
59.900
ÓTRÚLEGT TILBOÐ:)
59411947
IDEAPAD U430
Intel Core i7-4500U 3.0GHz Turbo 4xHT
8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
500GB SSHD diskur með 8GB flýtiminni
14" HD+ LED 1600x900 fjölsnertiskjár
2GB GeForce GT730M leikjaskjákort
300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
Glæný rafhlöðutækni allt að 10 tímar
Innbyggð 720p HD vefmyndavél
Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum
154.900
OFUR ÖFLUG MEÐ INTEL i7
NÝ KYNSLÓÐ
ÖRÞUNN AÐEINS 18mm OG FISLÉTT
KEMUR Í TVEIMUR LITUM
85558G1
V5-552
NÝJASTA KYNSLÓÐ FARTÖLVA
Ný kynslóð öflugri, þynnri og léttari fartölva með öflugri 4ra kjarna örgjörva ásamt einum öflugasta skjákjarna í heimi og ótrúlegu hljóðkerfi.
AMD A8-5557M Quad Core 3.1GHz Turbo
8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
4GB ATI HD8550G DX11 öflugur skjákjarni
300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
4.0 Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
720p HD CrystalEye vefmyndavél
Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum
119.900
FÆST Í 2 LITUM
NÝ KYNSLÓÐ
ÖRÞUNN AÐEINS 18mm OG FISLÉTT
20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 169.900
BAKLÝST LYKLABORÐ Í FULLRI STÆRÐ
KEMUR Í TVEIMUR LITUM
54208
V5-573G
KRAFTMIKIL ACER FARTÖLVA
Ein öflugasta og glæsilegasta fartölvan í dag með nýjasta Intel Haswell i5 örgjörvanum, ofur öflugu 4GB leikjaskjákorti og ótrúlegu hljóðkerfi.
Intel Core i5-4200U 2.6GHz Turbo 4xHT
8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
4GB GeForce GT750M leikjaskjákort
300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
4.0 Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
720p Crystal Eye HD vefmyndavél
Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum
149.900
V5 MEÐ i7 & 12GB 179.900
FRAMELESS TOUCH
HÁGÆÐA 10-PUNKTA FJÖLSNERTISKJÁR
15 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 149.900
85558G50
V5-TOUCH
AMD A8-5557M Quad Core 3.1GHz Turbo
8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
500GB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
14" HD 1366x768 frameless fjölsnertiskjár
2GB ATI HD8750 DUAL Graphics skjákort
300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
4.0 Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
720p Crystal Eye HD vefmyndavél
Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum
134.900
FRAMTÍÐIN Í FARTÖLVUM
FULL HD IPS
SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORNI
54208G
10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 179.900
V3-772G
Intel Core i5-4200M 3.1GHz Turbo 4xHT
8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
500GB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
17.3" FULL HD IPS skjár 1920x1080
4GB GeForce GT750M leikjaskjákort
300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
720p Crystal Eye HD vefmyndavél
Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum
169.900
17" FULL HD LEIKJAFARTÖLVA
W3-810
15 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 69.900
ICONIA W3
8" WXGA fjölsnertiskjár 1280x800
Intel Dual Core Z2760 1.8GHz Turbo 4xHT
2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
32GB FLASH SSD og allt að 64GB Micro SD
Intel HD Graphics grafískur kjarni
300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
Tvær FULL HD vefmyndavélar
Li-Polymer rafhlaða allt að 8 tímar
Windows 8 og Office 2013 Home&Student
54.900
FYRSTU 10 FÁ TÖSKU Í KAUPBÆTI
TRUE HD IPS
ÓTRÚLEGA NÁKVÆMUR 178° SJÓNARHORN
W510-64GB
50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 129.900
18 TÍMAR
ICONIA W5
10" HD IPS fjölsnertiskjár 1366x768
Intel Dual Core Atom Z2760 1.8GHz Turbo, 4xHT
2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
64GB FLASH SSD og allt að 64GB Micro SD
300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0 og NFC
Tvær myndavélar 8MP m/flassi og FullHD
USB2, USB2 micro, HDMI1.4a micro
Lyklaborðsvagga með aukarafhlöðu fylgir
Windows 8 og Office 2013 Home&Student
79.900
MICROSOFT OFFICE 2013 FYLGIR
15.6" FARTÖLVA
Frá Packard Bell með Intel Dual Core örgjörva, 4GB Minni, 500GB harðdisk, Windows 8.1 og nýjustu tækni
SJÓÐHEITT SUMARVERÐ:)
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
BM-28204G
54.900
15.6" Á BETRA VERÐI
VERÐ FRÁ:
148.900
VERÐVÖRN
MacBook AIR
TRUE HD LED TOUCH
HÁGÆÐA 10-PUNKTA FJÖLSNERTISKJÁR
E1-2100
89.900
FLEX LENOVO
Glæsileg 15.6" fartölva með orkusparandi Dual Core örgjörva, 4GB minni, 500GB disk og Windows 8.1 stýrikerfi
FLEX FRÁ LENOVO
HP Pavilion
Glæsileg 15,6" FULL HD leikjavél með öflugum AMD A8 örgjörva, 12GB minni, 1TB disk og AMD Radeon R7 M260 leikjaskjákort
15P032ND
134.900
NÝTT ER AÐ LENDA
15.6" FHD LEIKJAVÉL
acer ASUS hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# Fjarlægðin gerir fórnarlömb falleg

HJÁLPARSTARF



Benjamín Julian
stuðningsfulltrúi

Einn er sá draugur sem hvílir yfir lífsglöðu heiðingjunum á Vesturlöndum, og hann er fátæktin þarna hinumegin. Á nokkurra vikna fresti skjóta fréttamenn að okkur áminningu um að enn séu svertingjarnir að drepa hver annan, fólkið í Bangladess að klára líftóruna á saumaskap rauðra hipsterabuxna og svo voru fátæku börnin nýlega að flytja frá Afríku til Indlands, þar sem ástandið ku vera engu betra.

Stundum sleppur stöku fátæklingur hingað norðurfyrir og biður um hæli af mannúðarástæðum, en því miður eru það alltaf forhertir ribbaldar og glæponar – raunverulegu fórnarlömbin í sjónvarpinu eru, eins og við vitum öll, börn með þrútnar bumbur, grátandi mæður og fótalausir fyrrverandi barnahermenn. Þessir menn sem hingað koma eru ágætlega uppihaldnir karlar á besta aldri, nákvæmlega sú manngerð sem velþekkt er að sækist í mafíur og eiturlyfjasmygl. Þeim er enda hent strax suðurfyrir fátæktarmörkin aftur, þar sem þeir eru best geymdir.

Eina leiðin til að hjálpa sveltandi stríðsfórnarlömbum er að gefa stórum stofnunum peninga svo þær geti bjargað málunum. Ríkið, Oxfam, Rauði krossinn, í raun hver sem getur farið suðurfyrir og hjálpað við að stoppa hamfarirnar í sjónvarpinu. Svona þúsundkall á mánuði er ágætt, því leigan hérna er svo há, og þúsundkall kaupir líka miklu meira þar en hér. Það er kannski ekki alltof slæmt að sleppa honum heldur, því hagfræðingar í moldríkum hugveitum fullyrða að þróunaraðstoð skekki markaðshlutföll á svæðinu, og geri í raun illt verra.

Hjálparstofnanirnar hafa sennilega gleymt sér í allri góðvildinni, eða eitthvað, og svo er alveg margt hægt að gera við peninginn hérna heima líka. Kannski kaupa Fair Trade-súkkulaði í dessertinn, ef hagfræðingarnir hefðu ekki fordæmt það í leiðinni. Ríkið gefur líka þúsundasta hluta landsframleiðslu í þróunaraðstoð, sem slagar hátt uppí 0,7% lágmarkið sem Sameinuðu þjóðirnar mæla með.

**Óséður rasisti?**

Þó þetta sé allt frekar flókið, og best látið kyrrt liggja, getum við styrkt neyðaraðstoð. Enginn véfengir að hún er alltaf góð og gild. Íslenska ríkið sendi í stríðinu í Afganistan nokkra menn á staðinn í stjörnupryddum einkennisklæðum með hríðskotabyssur til að passa friðinn. Svo hjálpaði það til við að stoppa neyðarástandið í Írak með því að sprengja keisarahöllina og hengja keisarann þar. Þegar flóðbylgjur og fellibyljir dynja á fólkinu í sjónvarpinu standa Íslendingar flestum framar í að senda neyðaraðstoð. Eftir að sextíuþúsund manns höfðu dáið í sýrlenska borgarastríðinu póstlagði ríkið í flýti tuttugu og fimm milljónir þangað, svipað mikið og það gaf til hjúkrunarheimilisins Eirar eftir að fyrrverandi borgarstjóri keyrði það í gjaldþrot.

Íslenska ríkið skar niður þróunaraðstoð því hér er heilbrigðiskerfið í neyð: okkur vantar æðaþræðingartæki (200 milljónir), veirurannsóknartæki (50 milljónir), segulómunartæki (200 milljónir) og margt, margt fleira. Og þá er einfaldlega ekki mikið eftir til að gefa bumbubörnunum. Þegar á heildina er litið væri kannski ágætt að biðja, en við erum löngu hætt að trúa á Guð. Í staðinn hefur rignt yfir Afríkulönd skínandi hvítum trúboðum, sem kenna þeim að biðja fyrir sjálfum sér. Afleiðing af þessu er að nú má í Úganda ekki vera hommi, því það veldur bakverkjum og smitar börnin – og Guð vill það ekki.

Kannski er þetta svona flókið. Kannski eru allir hælisleitendur glæponar og allt þróunarstarf til einskis. En kannski er þetta miklu einfaldara. Kannski langar okkur ekki að hjálpa, og við leitum allra afsakana til að sleppa því. Kannski þykir okkur vænna um hversdagsleg þægindi okkar en lifibrauð fjarlægra fátæklinga. Gæti það verið? Gæti verið að í raun séu allir þessir hælisleitendur raunverulegir flóttamenn, og gæti verið að í Íslendingum hvíli óséður rasisti sem vill bara frekar halda þeim í útlöndum? Ef svo er ekki er tími til kominn að sýna það í verki. Fjarlægðin gerir fórnarlömb falleg. En hún afsakar ekki að gera ekkert, eða það minnsta sem maður kemst upp með án þægindaminnkunar, til að hjálpa þeim.

> **Stundum sleppur stöku fátæklingur hingað norðurfyrir og biður um hæli af mannúðarástæðum, en því miður eru það alltaf forhertir ribbaldar og glæponar – raunverulegu fórnarlömbin í sjónvarpinu eru, eins og við vitum öll, börn með þrútnar bumbur, grátandi mæður og fótalausir fyrrverandi barnahermenn.**






†



Elskuleg dóttir okkar, móðir, systir, tengdamóðir og amma,

**HELGA GUÐNADÓTTIR**
**Æsufelli 4,**

lést á Landspítalanum 28. júní.
Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 9. júlí kl. 13.00.

**Júlíana Ragnarsdóttir** | **Guðni Þorsteinsson**
**Rögnvaldur Bjarnason** | **Oddný Arnarsdóttir**
**Anna Margrét Bjarnadóttir** | **Þorvarður Tjörvi Ólafsson**
**Svavar Guðnason**
**og barnabörn.**

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**PÁLÍNA HRAUNDAL**
**Hringbraut 50,**
**áður Hvassaleiti 56,**

lést á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund sunnudaginn 29. júní. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju mánudaginn 7. júlí kl. 11.00.

**Sigrún Óskarsdóttir**
**Lúðvík Hraundal**
**Kristín Hraundal** | **Tryggvi Jónasson**
**Þórir Snorrason** | **Ragnheiður Pálsdóttir**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ELÍN SUMARLIÐADÓTTIR**
**Skarðshlíð 12c,**
**Akureyri,**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð föstudaginn 27. júní. Hún verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju, þriðjudaginn 8. júlí, kl 13.30.

**Guðrún Arnfinnsdóttir** | **Oddur Jónas Eggertsson**
**Bryndís Arnfinnsdóttir** | **Sigurður Jóhannsson**
**María Arnfinnsdóttir** | **Baldur Örn Baldursson**
**Sigurður Líndal Arnfinnsson** | **Kristín Hjaltalín**
**Arna Þöll Arnfinnsdóttir** | **Jón Í. Guðmann**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

†



Faðir okkar og tengdafaðir,

**KARL EIRÍKSSON**
**Ljósheimum,**
**áður Ártúni 17, Selfossi,**

andaðist þriðjudaginn 1. júlí.
Jarðsett verður í kyrrþey að ósk hins látna.

**Valdimar R. Karlsson**
**Sigurdór Karlsson** | **Helga R. Einarsdóttir**
**Sigríður Karlsdóttir** | **Gunnar Jónsson**
**Katrín Inga Karlsdóttir** | **Karl Björnsson**
**Hrafnhildur Karlsdóttir** | **Þröstur Hafsteinsson**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**BÁRA KJARTANSDÓTTIR**
**Norðurbakka 5a, Hafnarfirði,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi aðfaranótt föstudagsins 27. júní. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju föstudaginn 4. júlí kl. 13.00.

**Guðni Adolfsson**
**Pálmar Ingi Guðnason** | **Kristjana Jenný Ingvarsdóttir**
**Gunnar Bjarki Guðnason** | **Rúna Gunnarsdóttir**
**Kristinn Geir Guðnason** | **Eva Björg Jónsdóttir**
**og barnabörn.**






**VIÐ ÚTSKRIFTAR-VERKEFNIÐ** Þessa mynd tók systir Kötlu, ljósmyndarinn Saga Sig, af Kötlu við útskriftar-verkefnið.
MYND/SAGA SIG

# Verðlaunuð fyrir besta útskriftarverkefnið

Arkitektinn Katla Maríudóttir hlaut verðlaun frá sænska húsgagnafyrirtækinu Offecct fyrir lokaverkefni sitt í meistaranámi við KTH-arkitektaskólann í Stokkhólmi. Verðlaunin komu henni á óvart en minnstu munaði að hún missti af verðlaunaafhendingunni.

„Það er fyrst og fremst heiður að hljóta þessi verðlaun. Ég veit að þetta hljómar eins og klisja en ég bjóst alls ekki við þessu,“ segir arkitektinn Katla Maríudóttir. Hún útskrifaðist nýlega úr meistaranámi frá KTH-arkitektaskólanum í Stokkhólmi í Svíþjóð og hlaut verðlaunin Offecct Prize 2014 fyrir lokaverkefni sitt, Jarðnæði. Verðlaunin eru veitt af sænska húsgagnafyrirtækinu Offecct.

„Þetta eru verðlaun sem Offecct veitir besta útskriftarverkefninu, eins og þeir kalla það, í KTH á hverju ári. Dómnefnd fyrirtækisins tilnefnir fimm verkefni sem sýnd eru í galleríinu þeirra. Síðan halda þeir viðburð þar sem besta verkefnið er valið,“ segir Katla en hún hlaut tíu þúsund sænskar krónur í verðlaun, tæplega 170 þúsund krónur. Minnstu munaði að hún gæti ekki verið viðstödd viðburðinn þegar sigurvegarinn var kynntur.

„Ég átti að vera farin heim kvöldið áður en viðburðurinn var haldinn. En ég frestaði fluginu og ákvað að vera viðstödd fyrst ég var tilnefnd. Það var skemmtilegt þar sem ég fékk síðan verðlaunin,“ segir Katla hlæjandi.

Katla fékk einnig heiðursviðurkenningu dómnefndar KTH fyrir verkefnið sem fjallar um tengsl á milli heimilis og lifandi náttúrunnar.

„Ég var í raun ekki að hanna hús heldur er þetta meira rannsóknarverkefni til að skilja aðeins betur þessi tengsl. Mig langaði að skilja hvaða áhrif það hefur að búa í lifandi landslagi. Hvaða áhrif hefur það til dæmis að þurfa að færa heimili sitt út af hraunflæði, öskugosi eða flóði og hvernig fólk setur heimili sín upp á nýjum stað,“ segir Katla en í umsögn dómnefndar Offecct stendur að Katla hafi sýnt þessi tengsl á fallegan og ljóðrænan hátt. Þá er því einnig fagnað hve óttalausa nálgun Katla hefur þegar hún fjallar um rými.

„Ég einbeitti mér að því að gera sýningu í stað þess að fara hefðbundnu leiðina að prenta út plaköt og gera módel. Ég tyrfði til dæmis hluta af sýningarrýminu og dimmaði ljósin sem skapaði dulrænt andrúmsloft. Dómnefndin hefur greinilega fallið að einhverju leyti fyrir því,“ segir Katla.

Hún segir verðlaunin opna einhverjar dyr fyrir sér, til dæmis verði verkefnið hennar sett upp á sýningu í Stokkhólmi næsta vor.

„Offecct hefur einnig kynnt verkefnið þannig að ýmsir aðilar eru búnir að hafa samband við mig, meðal annars stærri tímarit sem vilja spyrjast fyrir um þetta,“ segir Katla en hún er flutt aftur til Íslands eftir tveggja ára meistaranám og stefnir á að finna sér vinnu hér.

„Mig langar að vinna á Íslandi, að minnsta kosti til að byrja með. Hér er mitt heima. Ég hef ekki útilokað að flytja aftur út.“ liljakatrin@frettabladid.is

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, sonur, tengdasonur, bróðir og mágur,

**REYNIR ÞÓR REYNISSON**
**er látinn.**

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Elín Thelma Róbertsdóttir**

†



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**MÁR KARLSSON**
**Hrauni 3, Djúpavogi,**

lést á heimili sínu miðvikudaginn 25. júní síðastliðinn. Hann verður jarðsunginn frá Djúpavogskirkju laugardaginn 5. júlí kl. 14.00.

**Margrét Gústafsdóttir**
**Þórlaug Másdóttir** | **Karl Eiríkur Guðmundsson**
**Kjartan Már Másson** | **Bryndís Björk Eyþórsdóttir**
**Jóhanna Másdóttir** | **Snæbjörn Sigurðarson**
**og barnabörn.**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELÍNBORG ELÍSABET MAGNÚSDÓTTIR**
**Bíbí,**

sem lést á Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 18. júní, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 7. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningar- og styrktarsjóð Guðjóns Magnússonar og Guðrúnar Einarsdóttur. Minningarkort fást í Blómabúðinni Burkna í Hafnarfirði.

**Anna Kristín Þórðardóttir** | **Þórarinn Jónsson**
**Valdís Þórðardóttir**
**Guðjón Gunnar Þórðarson** | **Guðrún Bjarnheiður Ásgrímsdóttir**
**Brynhildur Þórarinsdóttir** | **Þóroddur Bjarnason**
**Þórður Heiðar Þórarinsson** | **Eyrún María Rúnarsdóttir**
**Jón Sigurður Þórarinsson** | **Þorbjörg Auður Ævarr Sveinsdóttir**
**Kristinn Hrafn Þórarinsson** | **Ásta Karen Helgadóttir**
**Jón Dagsson** | **Aðalheiður Konstantínsdóttir**
**Karen Björk Guðjónsdóttir**
**Elínborg Elísabet Guðjónsdóttir** | **Júlíus Ágúst Jóhannesson**
**og langömmubörn.**

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GYÐA ÁSKELSDÓTTIR**
**frá Hrísey,**
**Mánatúni 4, Reykjavík,**

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi að morgni laugardagsins 28. júní. Útförin fer fram frá Neskirkju við Hagatorg fimmtudaginn 10. júlí kl. 13.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk heimahjúkrunar í Reykjavík, heimahlynningar Landspítalans og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Jón Þorbjörn Einarsson**
**Guðmundur Jónsson** | **Lilja Guðrún Halldórsdóttir**
**Guðbjörg Jónsdóttir**
**Sigríður Kristín Jónsdóttir** | **Oddur Hallgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800, Bílver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020, Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

BERNHARD



2 | KL. 20:50

**Grillsumarið mikla**

Vönduð íslensk þáttaröð þar sem töfrað verður fram ljúffengja og fjölbreytta grillrétti fyrir áhorfendur.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld

2 | KL. 20:05

**Masterchef USA**

Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



2 | KL. 22:40

**Those Who Kill**

Spennuþáttaröð sem byggð er á dönsku þáttaröðinni Den som dræber.



KL. 22:00

**Magic Mike**

Gamanmynd með Channing Tatum og Matthew McConaughey í aðalhlutverkum.



KL. 20:15

**Two And A Half Men**

Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með Ashton Kutcher í aðalhlutverki.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 19:50

**Wilfred**

Bandarísk gamanþáttaröð með Elijah Wood í aðalhlutverki sem fer að sjá hund nágrannans sem mann í hundabúningi.




Fáðu þér áskrift! 365.IS



## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 1 | | | | | 8 | 7 |
| 6 | | 9 | 8 | 5 | | | | |
| | | 8 | 7 | 1 | 9 | | | |
| | | 3 | 6 | | 4 | | 9 | |
| 1 | | 2 | | | | | 3 | 4 |
| 4 | 9 | 7 | 3 | 8 | | | 2 | |
| | | | 5 | | | | 4 | |
| 8 | | | | 9 | | | 5 | 2 |
| 9 | 1 | | | | 6 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | 7 | 6 | | |
| | 5 | 9 | 2 | 6 | | 3 | | |
| 1 | | | | | | | 8 | |
| 7 | | | 3 | | 9 | | | 2 |
| | 9 | | | | | | | |
| 2 | | 8 | | 7 | 6 | | 1 | 9 |
| 9 | | | | | 3 | | 2 | |
| | | | | 1 | | | | 3 |
| 4 | 1 | 3 | | | | 7 | | 6 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | 5 | 8 | | | | 6 |
| | | 9 | | 6 | | | 4 | |
| | 5 | 6 | 9 | | | | 7 | |
| 1 | | | | | 3 | 4 | | |
| | | | | 5 | | | | 7 |
| | | | 1 | | | 8 | 2 | |
| | | 4 | | | | 2 | | 5 |
| 7 | | 1 | | | | | | |
| | | | | | 2 | | 6 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 6 | 7 | 3 | 8 | 2 | 5 | 9 |
| 7 | 8 | 2 | 1 | 9 | 5 | 4 | 3 | 6 |
| 9 | 3 | 5 | 4 | 2 | 6 | 1 | 7 | 8 |
| 2 | 9 | 8 | 3 | 7 | 1 | 5 | 6 | 4 |
| 1 | 5 | 4 | 2 | 6 | 9 | 3 | 8 | 7 |
| 3 | 6 | 7 | 5 | 8 | 4 | 9 | 1 | 2 |
| 5 | 7 | 9 | 8 | 1 | 2 | 6 | 4 | 3 |
| 8 | 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 9 | 5 |
| 6 | 4 | 3 | 9 | 5 | 7 | 8 | 2 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 5 | 2 | 3 | 8 | 6 | 4 | 9 |
| 3 | 6 | 4 | 9 | 1 | 5 | 8 | 2 | 7 |
| 8 | 2 | 9 | 4 | 6 | 7 | 3 | 5 | 1 |
| 6 | 5 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 3 | 2 |
| 9 | 4 | 1 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 |
| 2 | 3 | 8 | 5 | 7 | 4 | 1 | 9 | 6 |
| 1 | 7 | 2 | 6 | 4 | 3 | 9 | 8 | 5 |
| 4 | 8 | 6 | 7 | 5 | 9 | 2 | 1 | 3 |
| 5 | 9 | 3 | 1 | 8 | 2 | 7 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 | 5 | 3 | 8 |
| 2 | 5 | 6 | 8 | 1 | 3 | 4 | 7 | 9 |
| 8 | 7 | 5 | 2 | 3 | 1 | 6 | 9 | 4 |
| 1 | 6 | 2 | 9 | 4 | 8 | 7 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 | 1 | 2 |
| 4 | 2 | 7 | 3 | 5 | 6 | 9 | 8 | 1 |
| 5 | 9 | 8 | 1 | 2 | 4 | 3 | 6 | 7 |
| 6 | 3 | 1 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




### SPAKMÆLI DAGSINS

**„Það er mikilvægt að eiga vinkonur því strákar koma og fara.“**

*Ashley Tisdale.*



### KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** viðlag, **6.** í röð, **8.** kæla, **9.** hnoðað, **11.** fyrir hönd, **12.** hærri, **14.** gnægð, **16.** einnig, **17.** kk nafn, **18.** við, **20.** pfn., **21.** álits.

**LÓÐRÉTT**
**1.** smyrsl, **3.** golfáhald, **4.** tré, **5.** fley, **7.** verkfæri, **10.** málmur, **13.** stilla, **15.** ættgöfgi, **16.** mælieining, **19.** borðaði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** stef, **6.** rs, **8.** ísa, **9.** elt, **11.** þr, **12.** meiri, **14.** gnótt, **16.** og, **17.** ari, **18.** hjá, **20.** ég, **21.** mats.
**LÓÐRÉTT: 1.** krem, **3.** tí, **4.** espitré, **5.** far, **7.** sleggja, **10.** tin, **13.** róa, **15.** tign, **16.** ohm, **19.** át.

### SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**John Ontiveros (1.710) hafði hvítt gegn Vigfúsi Ó. Vigfússyni (1.981) á Skákmóti öðlinga fyrr í vor.**

**Hvítur á leik:**



**40. g4+! Kxg4 41. De6+** og svartur gafst upp enda verður hvíta peðið ekki stöðvað. Í skákdálki gærdagsins var nöfnum víxlað. Það var Guðmundur Aronsson sem átti fléttuna laglegu gegn Kjartani Mássyni en ekki öfugt.

**www.skak.is** Kasparov vinnur Afríku.
















# Við lofum ljúfum júlí á Stöð 2!

Áskrifendur Stöðvar 2 eiga von á góðu í júlí. Kolbrún Björnsdóttir fer í loftið með nýjan þátt þar sem við kynnumst kjarnakonum sem eru í stjórnunarstöðum í fyrirtækjum sínum. Vala Matt þræðir áhugaverð stræti og torg í Götunni minni og kokkarnir í Grillsumrinu mikla töfra fram ljúffenga rétti. Af erlendu efni er af nógu að taka, m.a. snúa rannsóknarlögreglukonurnar Rizzoli og Isles aftur og við kynnum til leiks glænýjan þátt í anda Grey's Anatomy, The Night Shift.

OZ
FYLGIR ÁSKRIFT
TIL 1. ÁGÚST




## Ljóshraði og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Sex sjónvarpsstöðvar, internet og heimasími í þrjú ár, Tónlist.is í þrjá mánuði og aðild að Vild á aðeins 7.990 kr. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

180.000 kr. sparnaður
á 36 mánuðum

**7.990 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Skemmtipakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

FORLAGIÐ

Dægradvöl

HEFUR NÚ VERIÐ ENDURÚTGEFIN Í KILJU

★★★★★

„Ógleymanleg ævisaga eins sérstæðasta og ritfimasta höfundar íslenskrar bókmenntasögu.“

JÓN YNGVI JÓHANNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ




www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu



# Hressandi að ganga í endurnýjun lífdaga

**Rithöfundurinn Stefán Máni hefur yfirgefið Forlagið og flutt sig yfir til Sagna útgáfu. Þar munu tvær af fyrri bókum hans verða endurútgefnar og svo kemur glæný skáldsaga út í haust þar sem höfundurinn segist róa á ný mið.**

„Mér fannst bara vera kominn tími á breytingar. Ég var búinn að vera hjá Forlaginu í átta ár og fannst hlutirnir vera komnir á endastöð, farnir að endurtaka sig og staðna,“ segir Stefán Máni spurður hvað hafi valdið því að hann skipti um forlag, flutti sig frá forlaginu yfir til Sagna útgáfu. „Mér finnst ég standa á smá tímamótum sem rithöfundur og finnst mjög hressandi að ganga í endurnýjun lífdaga. Ég er aðeins breytast og þróast sem höfundur og þetta helst allt í hendur.“

Sögur útgáfa taka vel á móti Stefáni Mána og endurútgefa tvær af bókum hans, Myrkravél og Skipið. „Myrkravél var fyrsta bókin sem forleggjari gaf út eftir mig, kom út hjá Máli og menningu 1999 og er því fimmtán ára í ár. Hún fór mjög hljótt á sínum tíma, þannig að ég veit að hún fór fram hjá mjög mörgum og mig langaði að gera henni hærra undir höfði,“ útskýrir Stefán Máni. „Skipið hefur verið ófáanleg í tvö, þrjú ár og bókabúðir hafa mikið verið að kalla eftir henni þannig að það var algjörlega kominn tími á að prenta meira af henni.“

Í haust kemur svo út ný skáldsaga sem Stefán Máni segir að sé á dálítið öðrum nótum en fyrri bækur hans. „Ég er mjög spenntur fyrir haustinu og hlakka mikið til, en það er best að segja sem minnst um bókina á þessu stigi. Láta verkin tala frekar en að lofa upp í ermina á mér. Ég get þó sagt að það er ákveðin stefnubreyting í nýju bókinni.“ fridrikab@frettabladid.is




**STEFÁN MÁNI MEÐ BLÓÐDROPANN** „Ég er mjög spenntur fyrir haustinu og hlakka mikið til, en það er best að segja sem minnst um bókina á þessu stigi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hefði þurft niðurskurð

TÓNLIST ★★☆☆☆

**Olga Vocal Ensemble og sönghópurinn Elfur**

Tónleikar í Langholtskirkju
**ÞRIÐJUDAGINN 1. JÚLÍ.**



**OLGA VOCAL ENSEMBLE** „Þetta er efnilegur hópur sem gæti áorkað heilmiklu með aukinni reynslu. Hún fæst auðvitað ekki nema með því að halda áfram.“ MYND: FELIPE PIPI

Í bók sinni On Writing segir Stephen King að munurinn á fyrsta og öðru uppkasti bókar felist í eftirfarandi formúlu: Annað uppkast = fyrsta uppkast mínus 10 prósent. Ef þetta væri yfirfært yfir á tónlist þá má segja að tónleikar sönghópsins Olgu í Langholtskirkju á þriðjudagskvöldið hafi verið fyrsta uppkast. Tónleikarnir voru einfaldlega of langir. Næstum tveggja tíma og þrjátíu mínútna dagskrá með heilli sinfóníuhljómsveit, sem getur verið ótrúlega fjölbreytt þegar hafðir eru í huga allir mismunandi möguleikarnir er leynast í slíkri hljómsveit, væri býsna löng. Svo langir tónleikar með fámennum sönghóp og engum hljóðfæraleik jaðra við að vera óþolandi.

Það með er ekki sagt að tónleikarnir hafi verið alslæmir. Áður en karlarnir stigu á sviðið kom fram sönghópurinn Elfur, sem samanstendur af sex konum. Þær sungu fimm lög, þar af tvö bítlalög. Söngurinn var fallegur og tær en neðri raddirnar voru dálítið litlausar fyrst, sem gerði að verkum að það vantaði botninn í heildarhljóminn. Þetta batnaði eftir því sem á leið.

Elfur fær plús fyrir blístrið í síðasta laginu, en það var Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir sem flautaði. Að flauta hreint er aldeilis ekki gefið, jafnvel ekki hjá fólki sem hefur tóneyra. Thelma flautaði afar fallega, það var rúsínan í pylsuendanum í dagskrá hópsins.

Næst stigu karlarnir fram og sungu fyrst Krummi svaf í klettagjá. Síðan tóku við lög á borð við Á Sprengisandi (sem er ekki íslenskt þjóðlag eins og stóð í tónleikaskránni heldur eftir Sigvalda Kaldalóns), Loch Lomond, Vor í Vaglaskógi, ýmis þjóðlög og fáein popplög, þar á meðal Try Sleeping With a Broken Heart.

Almennt talað var söngurinn fremur misjafn. Sumt var vissulega fallega sungið, eins og til dæmis Blunda, barnið góða eftir Carl Mortensen og hinn fyrrnefndi Krummi. En ýmislegt annað leið fyrir nokkra ónákvæmni, sérstaklega í undirröddunum ef söngurinn var hraður, auk þess sem einstaka tenórstrófur heppnuðust ekki sem skyldi.

Það skorti líka meiri kraft í túlkunina. Að sjálfsögðu þurfa fimm karlsöngvarar að vanda sig og passa upp á að tæknilegar hliðar séu akkúrat. En það má ekki vera á kostnað einlægninnar og innlifunarinnar. Svona löng dagskrá verður að vera stuð! Það var of mikið af flatneskjulegum atriðum á tónleikunum til að hægt sé að segja að þeir hafi verið skemmtilegir.

Ég vil þó ekki dæma Olgu úr leik. Söngvararnir eru góðir, og eins og áður sagði var sumt fallegt hjá þeim. En þeir hefðu mátt stytta tónleikana, og svo held ég að þeir þurfi einfaldlega meiri þjálfun í að koma fram fyrir áheyrendur. Þeir þurfa líka að huga betur að því hvernig tónleikadagskrá er samansett. Þetta er efnilegur hópur sem gæti áorkað heilmiklu með aukinni reynslu. Hún fæst auðvitað ekki nema með því að halda áfram.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Misjafnir tónleikar sem voru í þokkabót alltof langir.

FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 03. JÚLÍ 2014**

### Tónleikar

**19.00** Kór Christianskirkjunnar í Færeyjum flytur færeyska sálma og sönglög á tónleikum sínum í Hörpu. Á tónleikunum hljómar einnig tónlist úr öðrum áttum, t.d. íslenskir sálmar auk verka úr smiðju J.S. Bachs. Miðaverð er 2.000 krónur og miða má nálgast á heimasíðu midi.is.

**20.00** Úrslitakeppni Third Nordic Young Early Music Competition 2014 í Skálholtskirkju. Þátttakendur eru sænsku hóparnir Ensemble Flautino, Bastard Barock og finnska dúóið Marini-Ollberg Duo.

**20.00** Prinsessan og durtarnir koma fram á Café Rosenberg.

**20.00** Gímaldin leikur lög af nýútkominni blúsplötu ásamt Pétri Daníel Péturssyni og Hallvarði Jóni Guðmundssyni. Platan Köttur á heitri steypu verður til sölu á staðnum. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni á Hlemmur Square. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Söngkonan Hafdís Huld heldur tónleika á Álafoss cafe í Kvosinni í Mosfellsbæ í tilefni af útkomu hennar fjórðu breiðskífu, Home. Miða má nálgast hjá Álafoss cafe.

**21.00** UNICEF-styrktartónleikar í Silfurbergi. Hljómsveitirnar Hjaltalín, Kaleo, Páll Óskar og Snorri Helgason spila til stuðnings hjálparstarfi fyrir börn í Suður-Súdan. Tónleikarnir eru liður í söfnun UNICEF og mun hver einasta króna af miðasölu renna til samtakanna. Miðaverð er 4.500 krónur og miða má nálgast á midi.is.

**22.00** Skemmti- og tónleikastaðurinn Ob-La-Dí-Ob-La-Da fagnar fjögurra ára afmæli sínu. Af því tilefni mun hljómsveitin Gæðablóð halda tónleika,og kynna lög af væntanlegri hljómplötu, sem kemur út í ágúst. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

### Fræðsla

**20.00** Kvöldganga: Reykjavik Safari. Fjölmenningarleg ganga þar sem menningarlífið í miðborginni er kynnt á ensku, pólsku, víetnömsku, arabísku, frönsku og íslensku fyrir byrjendur. Hvar eru söfnin og aðrir skemmtilegir staðir? Hvað er í boði fyrir börn, fjölskyldur og fullorðna? Lagt er upp frá Grófinni, milli Tryggvagötu 15 og 17. Göngunni lýkur í Borgarbókasafni með skemmtun og hressingu. Þátttaka er ókeypis.

### Sýningar

**09.00** Á sýningunni Villt hreindýr á Íslandi, sem er í Flóanum í Hörpu, er hægt að sjá og fræðast um hreindýr og líf þeirra. Hreindýrasýningin er fullkomin blanda menningar, náttúru og tækninýjunga og er mikil upplifun fyrir alla aldurshópa. Miðaverð er 1.900 krónur.

**14.00** S.I.R.K.U.S.-sýninguna hefur Sirkus Íslands sett saman með yngri börnin í huga en þó ekki á kostnað eldri áhorfenda. Sýningin er sett upp í tjaldinu Jöklu á Klambratúni. Miðaverð er 2.500 krónur og miða má nálgast á heimasíðu midi.is.

**17.00** Sýningin Ekta lostæti verður opnuð á efstu hæð Listasafns Íslands. Sýningin er samsafn nýlegra vídeóverka frá Brasilíu. Listamennirnir draga fram myndir úr raunveruleikanum, án þess að hengja sig í ákveðnar tegundir og flétta saman persónulegri ljóðrænu úr eigin umhverfi.

**17.00** Heima er best, stóra fjölskyldusýning Sirkuss Íslands í tjaldinu Jöklu á Klambratúni. Hún er alíslensk sirkusskemmtun þar sem öll fjölskyldan nýtur þess að horfa á ótrúlega leikni listamanna Sirkuss Íslands. Miðaverð er 3.000 krónur og miða má nálgast á heimasíðu midi.is.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# Hátt til lofts og vítt til veggja

Hildur Elísa Jónsdóttir og Hilma Kristín Sveinsdóttir spila á stofutónleikum í kvöld í beinu framhaldi af vinnustofu Ýrar Jóhannsdóttur í Vatnsendanum.

„Við erum mjög góðar vinkonur og ákváðum að nýta okkur það að við séum báðar í tónlistarnámi," segir Hildur Elísa Jónsdóttir en hún stofnaði klarínettudúettinn Dúó Nítsirkasíle ásamt vinkonu sinni Hilmu Kristínu Sveinsdóttur á dögunum. „Við sóttum síðan líka um skapandi sumarstarf í Kópavogi, þannig að við erum svona að slá tvær flugur í einu höggi," segir Hildur Elísa en stelpurnar spila mest ný verk eftir tónsmíðanemendur í Listaháskóla Íslands og gamla klassík inni á milli en þær hafa þegar haldið tvenna tónleika sem Dúó Nítsirkasíle og verða þriðju tónleikarnir í kvöld klukkan 20.

„Hún Ýr Jóhannsdóttir er með opna vinnustofu heima hjá sér á milli klukkan 17 og 20 og við spilum í beinu framhaldi af því," segir Hildur Elísa en á stofutónleikunum verða frumflutt tvö ný verk eftir Hlöðver Sigurðsson og Ingibjörgu Íri Skarphéðinsdóttur.

Ýr Jóhannsdóttir hefur vakið mikla athygli fyrir nýstárlega fatahönnun en hún prjónar undir nafninu Ýrúrarí. Vinnustofan og tónleikarnir fara fram á heimili hennar að Ennishvarfi 13 í Vatnsendanum en aðspurð hvort Hildur Elísa sé ekki stressuð vegna plássleysis segir hún svo ekki vera. „Það er hátt til lofts og vítt til veggja."

baldvin@frettabladid.is



**GÓÐAR VINKONUR** Hildur Elísa og Hilma Kristín spila báðar á klarínett.






Vnr. 80602509
GJØCO PROFF
innimálning, 9 l.

**5.995 kr.**

9 LÍTRAR




Vnr. 83004222
HARRIS rúlla, bakki
og penslasett.

**1.295 kr.**

## NÝ HEIMASÍÐA BYKO

BYKO hefur opnað nýja og glæsilega heimasíðu fyrir allar tegundir snjalltækja.

**Netspjallið er opið**

Þjónustufulltrúar aðstoða þig alla virka daga frá 8:30-16:30. Hvernig getum við aðstoðað?

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

BOSCH



Vnr. 74867055
BOSCH málningarsprauta
PFS 55, 280W, hægt að
mála allt að 5 m2 á 12 mín.
Málningartankur er 0,6 l.

**14.795 kr.**

Einhell®



Vnr. 74801025
EINHELL hjámiðju-
juðari. Hentugur fyrir
allskonar slípivinnu,
hvort sem verið er
að slípa tré, plast
eða járn.

**6.995 kr.**



Einhell®
Vnr. 74801026
EINHELL juðari,
BT-OS 150.

**3.495 kr.**

7 LÍTRAR




Sadolin

Vnr. 89071170
SADOLIN innimálning,
gljástig 10, ljósir litir, 7 l.

**6.995 kr.**

4 LÍTRAR




málning

Vnr. 86620040
KÓPAL glitra, innimálning,
gljástig 10, 4 l, allir litir.

**5.995 kr.**



Vnr. 76060960
B-SAFE rykgrímur, 5 stk.

**315 kr.**

Vnr. 84407171
Málningargalli
með hettu, hvítur.
Stærð L.

**695 kr.**

10 LÍTRAR




Vnr. 85540083
BYKO innimálning,
gljástig 10, ljósir litir, 10 l.

**7.995 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

facebook.com/BYKO.is




# NJÓTUM SUMARSINS!



Vnr. 88015966
Tjalddýna,
200x70 cm.
695kr.

Vnr. 88015974
Svefnpoki, -5°,
200x80 cm.
4.995kr.

**BYKO**

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



Vnr. 88012341
Vindsæng, blá,
76x190x20 cm.
2.495kr.






Vnr. 87977143
Rafmagnskælibox,
12V, 26,8 l.
12.995kr.



Vnr. 50632105
Ferðagasgrill, grillflötur 30x37
cm, hitadreifiplata, 2,6 kW.
10.995kr.



Vnr. 88012299
Sóltjald, 400x135 cm.
2.795kr.

## Trend á Twitter Notendur típa ótt og títt um vandræðaleg augnablik

Eitt vinsælasta kassmerkið á Twitter þessa dagana er **#awkwardmoment** eða **#vandræðalegtaugnablik**. Ef leitað er að merkinu á samfélagsmiðlinum koma upp alls kyns skemmtileg tíst um vandræðaleg augnablik sem tístarar hafa lent í.

**Chad Pietroniro**
@chadpietroniro
Þegar maður fylgir einhverjum óvart. **#awkwardmoment**

**Paul Sowada**
@PSJr84
Þetta **#awkwardmoment** þegar allir vinir þínir vilja frekar hanga með eiginkonum sínum og börnum en að fá sér bjór. #imustbegettingold

**Justin Guapo**
@JustinGotti_
Þetta **#awkwardmoment** þegar þú sýnir einhverjum fyndið myndband og hann hlær ekki.

**Donald Bassett**
@Dbassett96
Ég sagði Guð blessi þig við manneskju sem hnerraði en þessi manneskja er trúleysingi. **#awkwardmoment**

**#awkwardmoment ash.**
@ashcashreid 8. mars
Augnablikið þegar maður er að rífast við mömmu og lagið Happy með Pharrel kemur í útvarpinu.

**whiskey_in_a_teacup**
@tonedeafndrnk 29. maí
Þetta **#awkwardmoment** þegar ég er búin að vinna og fer úr buxunum og allir á skrifstofunni horfa skringilega á mig.

# Sveitabrúðkaupin einstaklega vinsæl

Dagmar Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri Saga Events, segir það hafa færst í aukana að brúðhjón fái fagaðila til þess að aðstoða við undirbúning brúðkaupsveislunnar. Hún segir sveitabrúðkaupin vinsæl í ár og að yfirbragðið sé létt.



„Fólk er farið að hugsa meira út í það að fá aðstoð fagaðila við að halda utan um brúðkaupsveisluna,“ segir Dagmar Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri Saga Events, en fyrirtækið sér um skipulagningu og undirbúning hinna ýmsu viðburða, þar á meðal brúðkaupa. Sumarið hefur lengi vel verið tími brúðkaupanna enda fjölmargir möguleikar í boði. Dagmar segir það hafa færst í aukana að brúðhjónin fái utanaðkomandi aðila til þess að sjá um undirbúninginn.

„Það eru sífellt fleiri sem nýta sér þetta. Fyrir nokkrum árum voru að koma útlendingar hingað til lands til þess að gifta sig og vildu þá hafa uppi á svokölluðum „wedding planners“ sem gætu aðstoðað við brúðkaupin en það var enginn að vinna við neitt slíkt hér á landi. Þá var farið að leita í viðburðafyrirtækin.“ Hún segir að sveitabrúðkaupin séu einstaklega vinsæl í ár. „Það koma alltaf einhver „trend“ í þessu eins og í öðru og í sumar hefur það verið vinsælt að gifta sig úti á landi. Nú eru einnig komnir aðilar sem flytja inn flott veislutjöld og margir hafa tekið upp á því að breyta hlöðum og bröggum í veislusali svo nú er enn meira framboð á sölum í sveitinni en áður fyrr. Þá voru þetta meira og minna bara félagsheimilin og eitt og eitt hótel. Nú eru möguleikarnir endalausir,“ segir Dagmar. Hún segir einnig að nú sé það vinsælt að hafa létt yfirbragð yfir veislunni.

„Það er allt voðalega náttúrulegt í ár og léttara yfir öllu. Blómakransar í hárið, mildir tónar og létt förðun eru áberandi. Einnig eru vegleg hlaðborð vinsælli kostur en sitjandi borðhald ef veislurnar eru stórar.“

Dagmar segir Saga Events ekki einungis taka að sér íslensk brúðkaup.

„Það hefur lengi vel verið vinsælt hjá útlendingum að koma hingað til lands og gifta sig, sérstaklega frá Asíu. Ein hjónin komu í mars og varð það algjört lykilatriði að fara út á land og sjá norðurljósin. Það var því æðislegt að þau skyldu akkúrat láta sjá sig það kvöld,“ segir Dagmar.

kristjana@frettabladid.is



**Það er allt voðalega náttúrulegt í ár og léttara yfir öllu. Blómakransar í hárið, mildir tónar og létt förðun eru áberandi.**

*Dagmar Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri Saga Events.*

## Sóttu innblástur í náttúruna

Leikaraparið Álfrún Helga Örnólfsdóttir og Friðrik Friðriksson gifti sig um nýliðna helgi á Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum. Álfrún klæddist látlausum hvítum kjól með fallegan blómakrans en dætur þeirra voru einnig með sams konar kransa. Jóhanna Vilhjálmsdóttir og Geir Sveinsson giftu sig einnig um síðustu helgi og var parið gefið saman á Höfðatorgi en þar var veislan einnig haldin. Brúðarvöndur Jóhönnu var fallegur og látlaus en uppistaða hans var kerfill. Rithöfundurinn og stjórnmálafræðingurinn Sólveig Jónsdóttir og Atli Ragnar Ólafsson giftu sig 17. júní á Búðum á Snæfellsnesi. Sólveig klæddist dökkbláum „vintage“-kjól við tilefnið.



# Frábær förðunaröpp

Hægt að prófa snyrtivörur í símanum.

### → L'Oreal Makeup Genius

Hér er á ferð nýtt app frá snyrtivörurisanum L'Oreal en það virkar eins og spegill og gerir notendum kleift að prófa snyrtivörur stafrænt. Þá er einnig hægt að prófa vinsæla förðun af rauða dreglinum sem stjörnur eins og Lupita Nyong'o og Jennifer Lopez hafa skartað.



### → Sephora To Go

Hér er lögð mikil áhersla á að veita notendum innblástur, hvort sem það er fyrir förðun eða hárgreiðslur. Þá er einnig eitthvað um sýnikennslu í smáforritinu og hægt að lesa umsagnir annarra notenda um hinar ýmsu snyrtivörur.




## 19.6.2014 → 25.6.2014



### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | * | The Common Linnets | Calm After The Storm |
| 2 | ▲ | Coldplay | A Sky Full Of Stars |
| 3 | ▲ | Sam Smith | Stay With Me |
| 4 | ▼ | Nico & Vinz | Am I Wrong |
| 5 | ▼ | Jón Jónsson | Ljúft að vera til |
| 6 | ▼ | Júníus Meyvant | Color Decay |
| 7 | * | Michael Jackson & Justin Timberlake | Love Never Felt So Good |
| 8 | ▲ | Mr. Probz | Waves |
| 9 | ▲ | Magic! | Rude |
| 10 | ▲ | Sanna Nielsen | Undo |



### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▲ | Ýmsir | Fyrir landann |
| 2 | ▼ | GusGus | Mexico |
| 3 | ▲ | Ýmsir | Pottþétt 62 |
| 4 | ▼ | Dimma | Vélráð |
| 5 | ▲ | Ýmsir | SG hljómplötur |
| 6 | ▲ | Samaris | Silkidrangar |
| 7 | ▼ | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| 8 | ▼ | Kaleo | Kaleo |
| 9 | ▼ | Ýmsir | This Is Icelandic Indie Music Vol. 1 & 2 |
| 10 | ▶ | Meat Loaf | Bat Out of Hell |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og K100,5. Auk þess er tekið mið af sölu og spilun á Tónlist.is og spilun á Spotify. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, Samkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Lucky Records, Vefverslun Record Records, N1 og tonlist.is

# Fréttablaðið er fáanlegt alls staðar!




- Fréttablaðið er fáanlegt á sölustöðum víða um land, í stórmörkuðum, sjoppum og á bensínstöðvum.

- Blað dagsins er alltaf aðgengilegt í rafrænni útgáfu á **visir.is**. Einnig er hægt að sækja Fréttablaðsappið í App Store, Google Play eða Windows Marketplace. Með appinu geta snjallsíma- og spjaldtölvunotendur lesið Fréttablaðið á hverjum morgni.

- Þú þarft ekki að hafa neinar áhyggjur af að missa af þínu daglega blaði þegar þú leggur af stað í sumarfríið. Fréttablaðið er aðgengilegt alltaf og alls staðar.




**App sem þú þarft!**
Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með nýja Fréttablaðsappinu. Sláðu inn **Fréttablaðið** í App Store, Google Play eða Windows Marketplace og náðu í appið.




Allt sem þú þarft ...

JANÚAR

# Bjórbollakökur sem koma skemmtilega á óvart

Þessar kökur eru hressandi og öðruvísi en í deiginu er Guinness-bjór og Baileys-líkjör í kreminu. Klikkar ekki í góða veislu.

**Guinness-bollakökur**

** Um það bil 24 kökur*

- 1 bolli dökkur Guinness-bjór
- 230 g smjör
- ¾ bolli kakó
- 2 stór egg
- ⅔ bolli sýrður rjómi
- 2 bollar hveiti
- 2 bollar sykur
- 1½ tsk. matarsódi
- ¾ tsk. salt

**Baileys-krem**

- 345 g smjör
- 4-5 bollar flórsykur
- 4-5 msk. Baileys-líkjör

Hitið ofninn í 170°C. Bræðið smjör og bjórinn saman í potti yfir meðalhita. Hrærið af og til þangað til þetta er búið að blandast. Bætið síðan kakói saman við og blandið vel saman. Færið síðan af hellunni. Blandið hveiti, sykri, matarsóda og salti saman í skál og leggið hana til hliðar. Í annarri skál er eggjum og sýrðum rjóma hrært saman. Hellið Guinness-blöndunni saman við og blandið vel. Bætið þurrefnunum varlega saman við. Setjið blönduna í möffinsform og bakið í fimmtán til sautján mínútur. Leyfið kökunum að kólna áður en kremið er sett á. Blandið smjöri saman við flórsykur, hálfan bolla í senn, þangað til blandan er orðin mátulega þykk. Bætið síðan við eins miklum Baileys-líkjör og þið viljið og skreytið bollakökurnar.

**Fengið af síðunni: http://confectionarytales.blogspot.com**

-lkg



**TILVALDAR Í TEITI** Bjórbollakökur vekja lukku í sumarteitum.






**SÚPERMÓDEL** Irina lætur neikvæðar raddir sem vind um eyru þjóta. NORDICPHOTOS/GETTY

## Sama um skoðanir fólks

Fyrirsætan Irina Shayk prýðir nýjustu forsíðu tímaritsins Maxim en á henni er hún ber að ofan.

Í viðtali við tímaritið segist hún ekki hlusta á neikvæðar raddir og að kærasti hennar, knattspyrnugoðið Cristiano Ronaldo, geri það ekki heldur. „Mér er sama um skoðanir fólks og kærastanum mínum líka. Sumt fólk elskar þig, sumt fólk hatar þig. Maður verður að vera sterkur,“ segir Irina. Hún elskar starf sitt, sérstaklega vegna þess að það gefur vel í aðra hönd. „Þetta er vinna fyrir mér, ekki áhugamál. Hvaða hluta af starfinu elska ég mest? Fjárhagslega hlutann. Það að vera sjálfstæð.“

-lkg



**ÁSTFANGIN** Sögur segja að Lana sé byrjuð með ítölskum ljósmyndara.

## Spókar sig með nýjum manni

Söngkonan Lana Del Rey spókaði sig með ljósmyndaranum Francesco Carrozzini á þriðjudaginn í Portofino á Ítalíu en sögur segja að hann sé nýjasti kærastinn hennar.

Fyrir þá sem ekki vita er Francesco sonur Fröncu Sozzani, ritstjóra ítalska Vogue.

Lana hætti nýverið með Barrie-James O'Neill en hún og Francesco hafa sést mikið saman upp á síðkastið.

-lkg

# Smekklegar stjörnur í sumarpartíi

Listagalleríið Serpentine í London blés til veglegrar veislu í sólinni í Kensington-görðum. Teitið hefur verið haldið árlega síðustu fjórtán ár og er ávallt margt um manninn. Mikill heiður þykir að hljóta boð í teitið.



**ALLTAF MEÐ HATT** Pharrell Williams með hatt og í Levi's-gallabuxum.



**KLASSÍSKT LÚKK** Fyrirsætan Cara Delevingne lét sig ekki vanta.



**GLANSANDI GLÖÐ** Fyrirsætan Lily Cole í skemmtilegu dressi.



**SÆT SAMANTHA** Leik- og söngkonan Samantha Barks tignarleg.



**SKEMMTILEG LITABLANDA** Beatrice prinsessa klæddist hvítum kjól og var í fjólubláum hælum með græna tösku.



**LÍÐUR VEL Í DAG** Nicole leið ekki vel þegar hún var á hátindi ferilsins.
NORDICPHOTOS/GETTY

## Glímdi við lotugræðgi

Söngkonan og dansarinn Nicole Scherzinger er í einlægu viðtali við breska Cosmopolitan. Í því opnar hún sig um baráttu sína við átröskunarsjúkdóminn búlimíu, eða lotugræðgi, þegar hún var meðlimur í hljómsveitinni Pussycat Dolls.

„Þetta er svo hræðilegur, lamandi sjúkdómur og þetta var svo dimmur tími. Ég held að enginn í sveitinni né fjölskyldu minni hafi vitað af þessu því ég faldi sjúkdóminn vel. Ég skammaðist mín svo mikið. Ég vissi að þetta var ekki eðlilegt eða heilbrigt því ég var að skaða sjálfa mig með átröskun,“ bætir hún við. Hún gerði ekkert í sínum málum fyrr en leið yfir hana á tónleikaferðalagi.

„Ég byrjaði að missa röddina og gat ekki sungið á tónleikum og síðan man ég eftir því að umboðsmaðurinn minn kom að mér þar sem liðið hafði yfir mig á Möltu eða í Suður-Frakklandi.“ -lkg



**SÖKNUÐUR** Robin saknar Paulu.
NORDICPHOTOS/GETTY

## Ekkert sést í fjóra mánuði

Tónlistarmaðurinn Robin Thicke hefur ekki séð fyrrverandi eiginkonu sína, Paulu Patton, í fjóra mánuði. Þessu sagði hann frá í útvarpsviðtali í vikunni þegar hann var að kynna nýju plötuna sína, Paula. Robin og Paula skildu fyrr á þessu ári en þau gengu í það heilaga sumarið 2005.

Öll lögin á nýju plötu Robins eru samin fyrir Paulu og hefur hann gert ýmislegt til að reyna að ná ástum hennar á ný – meðal annars að tileinka henni lag á BET-verðlaunahátíðinni og biðja hana fyrirgefningar í beinni útsendingu. -lkg



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



GRÆN MELÓNA
PIEL DE SAPO

GUL MELÓNA
HUNANGS MELÓNUR

RAUÐ VATNSMELÓNA
SEEDLESS WATERMELON

KANTALÓPUR
SPANISH CANTALOPE

# Melónuveisla frá Spáni. Allar tegundir aðeins 198 kr.kg



ÍSLANDS LAMB

2013 SLÁTRAÐ

3598 kr. kg.

ÍSLANDSLAMB **Ferskt lambafillet**



BÓNUS NÝBAKAÐ

298 kr. 4 stk.

**Bónus kjallarabolllur m/osti 4 stk.**



229 kr. 1 kg.

Bónus kornbrauð 1 kg.

13 SAMLOKUR

## FERSKUR KJÚKLINGUR
## KJÖRFUGL



1998 kr. kg

KJÖRFUGL **FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**



298 kr. kg

Kjörfugl **FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR**



695 kr. kg

**HEILL FERSKUR KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR**



2013 SLÁTRAÐ

1198 krónur kg.

Kaupfél. Skagfirðinga **Frosið heilt lambalæri** FROSIÐ



100% KJÖT

1598 kr 10 stk. 120g

Kjarnafæði **Frosnir Nautgripahamborgarar**



2013 SLÁTRAÐ

1198 KR.KG

**KS Lamba-Sirloinsneiðar** FROSNAR



759 kr. kg

**NÝAR** ÍSLENSKAR **Paprikur pakkaðar**

## GOTT Á GRILLIÐ



1198 kr. kg.

Bónus **BBQ grill grísakótilettur**



1398 kr. kg

BÓNUS úrb. **GRILL-Grísakótilettur**



298 kr. 250g

**NÝIR** ÍSLENSKIR **Kirsuberjatómatar**

AFGREIÐSLUTÍMI
**FIMMTUDAGUR**
**11:00-18:30**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Pampers *junior* 41 stk.
34 KR.STK

Pampers *maxi plús* 39 stk.
36 KR.STK

Pampers *extra large* 33 stk.
42 KR.STK

Pampers *maxi* 42 stk.
33 KR.STK.

Pampers *midi* 48 stk.
29 KR.STK.

## Gott verð á Pampersbleium í Bónus 1398 kr.pk

Ariel þvottaefni: 38 þvottar
1698 kr. 38 þvottar
45 KR. HVER ÞVOTTUR

Pylsubrauð 149 kr 5 stk.

Bónus vínarpylsur 359 kr. 485g. 10 stk

Bratwürste 259 kr. 360 g

Grískar osta pylsur 259 kr. 330 g

Heinz Tomato Ketchup 129 kr 570g
BREYTT VERÐ 5000 STK. Á ÞESSU VERÐI!

## PYLSUVEISLA Í BÓNUS

Sensodyne tannkrem Whitening
Ein túpa í kaupbæti
995 kr. 3 túpur
3 túpur á verði 2ja

Sensodyne tannkrem Orginal
Ein túpa í kaupbæti
916 kr. 3 túpur
3 túpur á verði 2ja

Steiktur laukur 100g
119 kr 100g

Pólskar pylsur
87% KJÖTINNIHALD
259 kr 360g. 4 stk.

Ali Bacon pylsur
259 kr. 250g

Ali Bjórpylsur
295 kr. 300g

198 kr. 220g

Pepsi / Pepsi Max
195 kr. 2 ltr.

Coca-Cola light / Coca-Cola / Coca-Cola zero
198 kr. 1.5 ltr.

Energy Drink
69 kr. 250ml

ÓMISSANDI Í FERÐALAGIÐ
froosh
279 kr. 250ml

Coca-Cola light / Coca-Cola zero / Coca-Cola
79 kr. 330ml

Kókómjólk
459 kr. 6 fernur

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30











# Ökumannslausir bílar

**BAKÞANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



**ÞAÐ** er víst komið að því. Google er að þróa ökumannslausa bíla og fullyrða að þeir muni byrja að renna af færibandinu árið 2018. GM, Mercedes-Benz, Audi, Nissan, BMW, Renault og fleiri fyrirtæki hafa einnig gefið út svipaðar tímasetningar. Það eru ekki nema örfá ár í þetta.

**ÞAÐ** hefur verið talað um ökumannslausa bíla allt frá því að venjulegir bílar voru fundnir upp. Alltaf hefur þetta legið eins og mara á mannkyninu. Það er eins og fólk vilji ekki sitja í ökumannslausum bíl. Ímyndið ykkur að sitja stjarfur í framsætinu í tilviljanakenndri umferð, innan um hjólandi krakka og taumlausa hunda, og láta bílnum það eftir að beygja, bremsa og flauta. Það er hræðileg tilhugsun. Endanlegt egó-hrun einstaklingsins gagnvart tækninni. Verra en þegar Dimmblá vann Kasparov í skák. Ökumannslausir bílar gætu orðið mesta stoltkynging Bandaríkjamanna síðan þeir drógu herlið sitt til baka frá Víetnam. Um þetta mættu listamenn yrkja.

**ÞAÐ** benda flestar rannsóknir til þess að slysum myndi fækka ef bílar hefðu ekki ökumenn. Slysin verða oftast vegna mannlegra mistaka. Margir keyra fullir og flestir keyra svangir og pirraðir. Kannski verður litið á vora daga sem ótrúlegt kæruleysi. Þegar allir eldri en sautján höfðu rétt á að setjast upp í tveggja tonna stálhylki og dúndra þeim hvert sem hugurinn girnist. Það eina sem fýsískt stoppar bílstjóra frá því að keyra á gangstéttum eða yfir Klambratúnið er þeirra eigin ábyrgðartilfinning. Fæstir hafa gert það en þegar það verður ekki lengur hægt munum við sakna þess að hafa ekki möguleikann á því.

**KANNSKI** er kominn tími á að ökumenn þessarar veraldar setjist upp í bíla sína, setji The River með Bruce Springsteen í CD-slottið (sem mun einnig brátt heyra sögunni til) og fari í ökuferð með það í huga að hún gæti verið þeirra síðasta sem þeir stjórna sjálfir. Síðasta lagið á plötunni heitir einmitt: „Wreck on the Highway“ en sem betur fer mun það fremur lýsa sálarástandi mannkyns á öld ökumannslausra bíla en líkamlegu ástandi þeirra.



**STOLT AF SAFNINU** Ragna er dugleg við að losa sig við gömul skópör um leið og hún kaupir ný. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nýjasta parið alltaf í mestu uppáhaldi

**Tónlistarkonan Ragna Kjartansdóttir, betur þekkt sem Cell 7, er óð í Nike-skó og á átján pör eins og staðan er í dag. Hún segir áhugann á að safna Nike-skóm hafa kviknað fyrir alvöru þegar hún fór til Tókýó árið 2007.**

„Þetta hefur þróast hægt og rólega af sjálfu sér eiginlega. Ég kom einstaklega vel skóuð úr ferð minni til Tókýó árið 2007 og þá kannski kviknaði áhuginn af alvöru,“ segir tónlistarkonan Ragna Kjartansdóttir, betur þekkt sem Cell 7. Hún er mikill aðdáandi skóbúnaðar frá Nike og er dugleg að kaupa sér ný pör í safnið.

„Eins og staðan er í dag á ég átján pör. Úff, ég hefði ekki átt að telja þetta. Ég reyni samt helst að losa mig við einhver gömul og mikið notuð um leið og ég kaupi mér ný. Annars fer þetta að taka svo mikið skápapláss,“ segir Ragna. En notar hún öll pörin?

„Mig langar að segja já, en svo er ekki. Ég hef alveg átt það til að vera hvatvís á síðasta degi í útlöndum og keypt flotta skó sem virðast svo ekki passa við neitt eða eru örlítið of litlir og valda því óþægindum. Snædís systir, sem notar hálfu númeri minna en ég, nýtur þá góðs af og tekur glöð við þeim.“

Aðspurð hvaða par hún haldi mest upp á stendur ekki á svörunum.

„Nýjasta parið er alltaf í uppáhaldi, þó svo að ég sé ansi hrifin að Nike Dunk Sky Hi-skónum.“

Það kom því Rögnu lítið á óvart þegar hún var beðin um að troða upp á Sneakerball-tónleikum Nike í Hörpu föstudaginn 11. júlí. Þar svífur Nike-andinn yfir vötnum og þurfa allir gestir tónleikanna að mæta í Nike-skóm – annars komast þeir ekki inn. Ragna er byrjuð að hugsa hvaða skópari hún ætli að klæðast á tónleikunum.

„Ég hef einhvern grun um það.

> **Eins og staðan er í dag á ég átján pör. Úff, ég hefði ekki átt að telja þetta.**
> *Ragna Kjartansdóttir.*

Hvað varðar þessa tónleika þá verð ég að hugsa fyrst um hvaða skó ég ætla í og síðan hvaða föt passa við þá, öfugt við það sem ég geri venjulega,“ segir Ragna en einnig koma DJ Margeir, John Grant, Ásdís María og Unnsteinn Manuel fram á tónleikunum.

„Ég er alveg viss um að þetta verður einstakur viðburður. Ég kem fram með hljómsveit en við erum ekki alveg búin að ákveða prógrammið. Munum þó sennilega skilja rólegu lögin eftir heima.“

liljakatrin@frettabladid.is




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


FERÐADAGAR
ALLT Í FERÐALAGIÐ Á LÆGRA VERÐI!
TRUENORTH
ALLUR ÚTIVISTARFATNAÐUR
25%
afsláttur
Tjald Riga 2
Stærð: 200 x 140 x 100 cm
Efni: 170T Polyester PA 450 mm
Stangir: Fiberglass 6,9 mm
Þyngd 1,7 kg
3000410
Tjald
2.790 kr
2 manna
Grillar • Steikir • Eldar
Cook & Grill
16.900 kr
Ferðagasgrill
Cook & Grill 230
Notar annað hvort
CADAC 300g
eða 500 g gashylki.
3000337
CADAC
Tjaldstóll
1.990 kr
margir litir
3901474
Tjald
14.990 kr
3 manna
Tjald Toledo 3 manna
Stærð: 210 x 220 x 130 cm. Efni: 190T Polyester PU 1500 mm
Stangir: Fiberglass 8,5 mm. Þyngd 7,0 kg
3000413
Svefnpoki
2.490 kr
230x80/50 cm
Svefnpoki Moscow 10/5/-2°C
Stærð 230x80/50 cm.
Fylling 200 gr/m2. Hollow fiber.
3000421
Tjald HI-MARK
6.490 kr
2 manna
3000411
3901434
Tjaldstóll
6.990 kr
úr áli
Tjaldborð
5.490 kr
45x60 cm
3899367
Kælibox
2.590 kr
24 ltr.
3899342
Kælibox
34.590 kr
48 ltr. 12V-220V
3899287
Tjaldstóll
2.549 kr
margir litir
3899528
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

# SPORT

## HM Í FÓTBOLTA



Varamennirnir á HM í fótbolta í Brasilíu hafa slegið öll met og eftir mörk Belgans **Romelus Lukaku** og Bandaríkjamannsins Julians Green í lokaleik sextán liða úrslitanna hafa varamenn nú skorað 29 mörk í keppninni. Gamla metið var 24 mörk á HM í Þýskalandi 2006. Varamenn Niðurlandanna tveggja hafa verið einstaklega öflugir í Brasilíu. Varamenn hafa skorað 4 af 6 mörkum Belga á mótinu og varamenn Hollendinga hafa skorað í síðustu þremur leikjum, alls fjögur mörk.

vísir Allt um HM á Vísi

## Alfreð samdi við Real Sociedad í gær – enn eitt met Péturs í hættu?

**FÓTBOLTI** Alfreð Finnbogason samdi í gær við spænska úrvalsdeildarliðið Real Sociedad og verður þar með fimmti Íslendingurinn til þess að spila í efstu deild á Spáni. Landsliðsframherjinn stóðst læknisskoðun í gær og skrifaði í framhaldinu undir fjögurra ára saming til ársins 2018. Real Sociedad greiðir Heerenveen 7,5 milljónir evra fyrir Alfreð samkvæmt fréttum frá Spáni en 2,5 milljónir evra bætast svo við það í gegnum árangurstengdar greiðslur.

Alfreð getur þar með haldið áfram að „hreinsa“ upp met gamla þjálfara síns, Péturs Péturssonar. Alfreð sló nokkur met Péturs á tveimur frábærum árum sínum með Heerenveen í hollensku deildinni. Þar á meðal bætti hann í tvígang markamet Íslendings á einu tímabili í evrópskri A-deild.

Pétur Pétursson var fyrsti Íslendingurinn til að spila í A-deildinni á Spáni fyrir 29 árum og skoraði þá 5 mörk í 27 leikjum með Hércules frá Alicante. Það markamet hefur staðið síðan en Eiður Smári Guðjohnsen jafnaði það með því að skora 5 mörk á fyrsta tímabili sínu með Barcelonaliðinu veturinn 2006 til 2007.

Með fréttinni á Vísi í dag má sjá yfirlit yfir metin sem Alfreð hefur tekið af Pétri undanfarin tvö ár og hvaða met eru hugsanlega í augsýn þegar hann verður fyrsti Íslendingurinn til þess að spila knattspyrnu með Baskafélagi. -óój



**NÝTT HEIMILI Á NORÐUR-SPÁNI** Alfreð Finnbogason spilar í spænsku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð. MYND/GETTYIMAGES

### KR 2-0 Víkingur

**KR-völlur**
Áhorf: 1.101
Valdimar Pálsson (6)

**Mörkin:** 1-0 Óskar Örn Hauksson (53.), 2-0 Atli Sigurjónsson (64.).

**KR (4-3-3):** Stefán Logi Magnússon 6 - Haukur Heiðar Hauksson 6, Aron Bjarki Jósepsson 6, Grétar Sigfinnur Sigurðsson 7, Guðmundur Reynir Gunnarsson 7 - Gonzalo Balbi 7, Jónas Guðni Sævarsson 6, Þorsteinn Már Ragnarsson 5 (55. Farid Zato 5) - Atli Sigurjónsson 7 (76. Almarr Ormarsson -), ***Óskar Örn Hauksson 7**, Gary Martin 6, (82. Kjartan Henry Finnbogason -)..

**VÍKINGUR (4-3-3):** Ingvar Þór Kale 6 - Kjartan Dige Baldursson 5, Óttar Steinn Magnússon 5, Alan Lowing 7, Halldór Smári Sigurðsson 5 - Kristinn Jóhannes Magnússon 5, Henry Monaghan 4 (77. Eiríkur Stefánsson -), Aron Elís Þrándarson 5 (66. Stefán Bjarni Hjaltested 5) - Dofri Snorrason 6, Ívar Örn Jónsson 4 (66. Agnar Darri Sverrisson 5), Pape Mamadou Faye 4..

**Skot (á mark):** 10-10 (3-6) **Horn**: 4-3

**Varin skot:** Stefán Logi 5 - Ingvar 0

### Breiðablik 3-2 Þór

**Kópavogsvöllur**
Áhorf: 404
Vilhjálmur Alvar (4)

**Mörkin:** 1-0 Elfar Árni Aðalsteinsson (23.), 1-1 Sveinn Elías Jónsson (37.), 2-1 Elfar Freyr Helgason (45.), 3-1 Árni Vilhjálmsson (53.), 3-2 Þórður Birgisson (90.+3).

**BREIÐABLIK (4-4-2):** Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Gísli Páll Helgason 6, ***Elfar Freyr Helgason 8**, Finnur Orri Margeirsson 7, Arnór Sveinn Aðalsteinsson 7 - Elvar Páll Sigurðsson 6, Andri Rafn Yeoman 7, Olgeir Sigurgeirsson 6, Guðjón Pétur Lýðsson 6 (87., Páll Olgeir Þorsteinsson -) - Árni Vilhjálmsson 7 (80., Höskuldur Gunnlaugsson -), Elfar Árni Aðalsteinsson 7..

**ÞÓR AK. (4-3-3):** Sandor Matus 5 - Sveinn Elías Jónsson 6, Orri Freyr Hjaltalín 3, Atli Jens Albertsson 5, Kristinn Þór Björnsson 5 (87. Halldór Orri Hjaltason -) - Orri Sigurjónsson 4, Shawn Nicklaw 4, Jónas Björgvin Sigurbergsson 5 (90. Bergvin Jóhannsson -) - Jóhann Þórhallsson 5 (66. Hlynur Atli Magnússon 6), Jóhann Helgi Hannesson 6, Þórður Birgisson 5..

**Skot (á mark):** 12-11 (6-6) **Horn**: 9-0

**Varin skot:** Gunnleifur 4 - Sandor 2.

**Þórsarar** hafa skorað **9 mörk í 7 tapleikjum** sínum í sumar. Blikar voru aftur á móti aðeins búnir að skora samtals 8 mörk í fyrstu 9 leikjum sínum í Pepsi-deildinni en skoruðu meira en tvö mörk í fyrsta sinn í ár.

visir.is
Meira um leiki gærkvöldsins

# Náum upp í kostnað

## Dómarakostnaður viðráðanlegur í handboltanum, segir formaður Fram. Knattspyrnan sér á báti þar sem allur kostnaður er greiddur í öllum deildum.

**PENINGAR** „Við erum svona þokkalega sátt við dómarakostnaðinn – þetta er alveg viðráðanlegt,“ segir Helga Björk Eiríksdóttir, formaður handknattleiksdeildar Fram, við Fréttablaðið um þann kostnað sem fellur á félögin í Olís-deildum karla og kvenna í handbolta.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær ná tekjur af heimaleikjum liðanna í úrvalsdeildunum í körfubolta ekki upp í kostnað dómaranna. Í körfunni er ekki óalgengt að kostnaður við leik hlaupi á 70 þúsundum króna fyrir heimaliðið.

Kostnaðurinn í handboltanum er öllu minni og þarf ekki að hafa jafn mikið fé á milli handanna á meðan á tímabilinu stendur. Lið greiða þó vissa upphæð í jöfnunarsjóð sem dómarakostnaðurinn er svo niðurgreiddur með.

### Náum að dekka kostnaðinn

Dómari í úrvalsdeild karla og kvenna í handboltanum fær 15.900 fyrir sín störf frá félaginu og eftirlitsmaður 10.790. Allur ferðakostnaður og fæðispeningur, sá kostnaður sem er að gera út af við félögin í körfunni, er greiddur af HSÍ.

Eftirlitsmaður er ekki á öllum leikjum í úrvalsdeild karla en sé slíkur á leik er heildarkostnaður heimaliðs 42.590. Eftirlitsmenn eru ekki í Olís-deild kvenna þannig að kostnaður heimaliðs verður 31.800 krónur fyrir hvern leik.

„Reksturinn er erfiður í handboltanum en þetta er ekki það sem við höfum áhyggjur af,“ segir Helga Björk. Ná tekjur af heimaleikjum að dekka dómarakostnaðinn, ólíkt því sem svo algengt er í körfuboltanum ef marka má orð þeirra formanna sem Fréttablaðið hefur rætt við í vikunni?

„Að jafnaði náum við alltaf að dekka þetta. Svo koma stórir leikir inn á milli sem vega upp minni leiki,“ segir Helga Björk.

### Ósáttur með eftirlitsmenn

Kostnaðurinn við dómara í Olís-deild karla er mestur þegar þarf að senda menn til Akureyrar. Akureyringar borga þó það sama og aðrir á meðan á leiktíðinni stendur.

„Kostnaðurinn endar samt á okkur þótt hann sé ekki borgaður úr okkar vasa. Hann er lagður jafnt á félögin. Við leggjum bara ekki út fyrir þessu í hvert skipti,“ segir Hlynur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Akureyrar handboltafélags.

Hann setur sig ekki mikið upp á móti dómarakostnaðinum en er ósáttur við að fá eftirlitsmenn reglulega norður sem hann sér ekki mikinn tilgang í.

„Þetta er bara eftirlaunasjóður – það hef ég sagt áður. Ég skil ekki hvað er verið að senda þessa menn.



**EKKI SVO DÝRIR** Gísli Hlynur Jóhannsson, Hafsteinn Ingibergsson og kollegar þeirra eru ekki að setja félögin í handboltanum á hliðina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þeir setja kannski út á að það vanti eitt skilti frá Olís eða eitthvað. Það er allt í lagi að þeir komi einu sinni og taki út umgjörðina en það er óþarfi að vera að senda þá lon og don. Það má nýta þennan pening sem þeir fá í miklu mikilvægari hluti,“ segir Hlynur.

### Knattspyrnan í sérflokki

Dómarakostnaður er ekki eitthvað sem liðin í deildakeppninni í knattspyrnunni þurfa að hafa áhyggjur af. KSÍ tók þá ákvörðun upp úr hruninu að dekka allan kostnað, en sambandið útvegar og borgar dómara meira að segja í 2. flokki.

„Það var svigrúm til að gera þetta og félögin voru almennt í ákveðnum vandræðum eftir hrun. Því var ákveðið að létta á þeim,“ segir Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ.

Knattspyrnusambandið er auðvitað mun betur stætt en hin tvö enda fær það myndarlega styrki frá UEFA á ári hverju, eitthvað sem Evrópusamböndin í körfunni og handboltanum bjóða ekki upp á og hafa ekki bolmagn til að gera.

tomas@365.is

### Keflavík 1-2 ÍBV

**Nettóvöllur**
Áhorf: 600
Erlendur Eiríksson (6)

**Mörkin:** 1-0 Magnús Sverrir Þorsteinsson (45+3), 1-1 Víðir Þorvarðarson, víti (86.), 1-2 Atli Fannar Jónsson (90+3).

**KEFLAVÍK (4-3-3):** Sindri Ólafsson 7 - Endre Ove Brenne 5, Haraldur Freyr Guðmundsson 6, Halldór Kristinn Halldórsson 5, Magnús Matthíasson 5 - Einar Orri Einarsson 5 (90., Sigurbergur Elisson-), Sindri Snær Magnússon 5, Magnús Sverrir Þorsteinsson 7 (54., Frans Elvarsson 5) - Daníel Gylfason 5 (54., Jóhann B. Guðmundsson 5), Elías Már Ómarsson 7, Hörður Sveinsson 5.

**ÍBV (4-4-2):** Abel Dhaira 5 - Jökull I. Elísabetarson 5, Brynjar Gauti Guðjónsson 5, Eiður Aron Sigurbjörnsson 6, Matt Garner 6 - Dean Martin 5 (69., Dominic Adams -) (74., Jón Ingason -), Gunnar Þorsteinsson 5, Ian Jeffs 5, Víðir Þorvarðarson 5 - Bjarni Gunnarsson 6 (63., ***Atli Fannar Jónsson 7**), Jonathan Glenn 5.

**Skot (á mark):** 9-9 (2-6) **Horn**: 2-9

**Varin skot:** Sindri 4 - Abel 1

### Fjölnir 3-3 Fylkir

**Fjölnisvöllur**
Áhorf: 503
Gunnar Jarl Jónsson (7)

**Mörkin:** 1-0 Christopher Tsonis (18.), 2-0 Gunnar Már Guðmundsson (44.), 2-1 Stefán Ragnar Guðlaugsson (67.), 2-2 Kristján Valdimarsson (69.), 2-3 Andrew Sousa (84.), 3-3 Illugi Gunnarsson (90+4).

**FJÖLNIR (4-3-3):** Þórður Ingason 7 - Árni Gunnarsson 5, Haukur Lárusson 4, Bergsveinn Ólafsson 6, Matthew Ratajczak 6 - Gunnar Már Guðmundsson 6, Guðmundur Böðvar Guðjónsson 5 (75., Viðar Ari Jónsson -), Ragnar Leósson 6 (85., Einar Karl Ingvarsson -) - Guðmundur Karl Guðmundsson 6, Aron Sigurðarson 6 (56., Illugi Gunnarsson 6), Cristopher Tsonis 7.

**FYLKIR(4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 5 - ***Stefán Ragnar Guðlaugsson 8**, Kristján Valdimarsson 6, Ásgeir Eyþórsson 6, Tómas Joð Þorsteinsson 6 - Daði Ólafsson 5, Elís Rafn Björnsson 6, Ragnar Bragi Sveinsson 4 (62., Andrew Sousa 7) - Ásgeir Örn Arnþórsson 4, Gunnar Örn Jónsson 6 (81., Sadmir Zekovic -), Andrés Már Jóhannesson 7 (87., Hákon Ingi Jónsson -).

**Skot (á mark):** 9-14 (5-8) **Horn**: 3-8

**Varin skot:** Þórður 4 - Bjarni Þórður 2

### Pepsi deildin 2014

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 10 | 7 | 3 | 0 | 16-4 | 24 |
| Stjarnan | 10 | 6 | 4 | 0 | 17-11 | 22 |
| KR | 10 | 6 | 1 | 3 | 15-11 | 19 |
| Keflavík | 10 | 4 | 4 | 2 | 16-11 | 16 |
| Víkingur R. | 10 | 5 | 1 | 4 | 11-13 | 16 |
| Valur | 10 | 4 | 3 | 3 | 15-13 | 15 |
| Fjölnir | 10 | 2 | 5 | 3 | 15-16 | 11 |
| Breiðablik | 10 | 1 | 6 | 3 | 11-14 | 9 |
| Fram | 10 | 2 | 3 | 5 | 15-20 | 9 |
| Fylkir | 10 | 2 | 2 | 6 | 13-21 | 8 |
| ÍBV | 10 | 1 | 4 | 5 | 12-17 | 7 |
| Þór | 10 | 1 | 2 | 7 | 16-21 | 5 |




SJÓNVARP BYLGJAN.IS ÚTVAPPIÐ FM 98.9
HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER
BYLGJAN 989

Evrópudeild UEFA 2014 - undankeppni

UEFA EUROPA LEAGUE

# FRAM - Nõmme Kalju FC (Est)

Laugardalsvöllur í kvöld kl. 19.15

## Framarar fjölmennum á völlinn!



## Við styðjum FRAM til sigurs!

emmessís | VALITOR | SérEfni www.serefni.is | errea | SJÓVÁ | HÚSASMIÐJAN

Síminn | Slippfélagið Málningarverksmiðja | Coca-Cola | Útfararstofa Íslands | TAKK hreinlæti | N1

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 20.05
**Masterchef USA**

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fyrir í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.



### Demantamótin
**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.00** Bein útsending frá Demantamótinu í Lausanne í Sviss.



### Scandal
**SKJÁR EINN KL. 21.15** Við höldum áfram að fylgjast með fyrrverandi fjölmiðlafulltrúa Hvíta hússins, Oliviu Pope (Kerry Washington), í þriðju þáttaröðinni af Scandal. Fyrstu tvær þáttaraðirnar hafa slegið í gegn.



### Two and a Half Men
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.15** Áttunda sería þessa bráðskemmtilega þáttar um bræðurna Charlie og Alan. Charlie er eldhress piparsveinn sem kærir sig ekki um neinar flækjur en Alan er sjúklegur snyrtipinni sem á í stökustu vandræðum með sjálfstraustið.

### Bylgjan kl. 16.00
**Reykjavík síðdegis**

Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson færa þér fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Það er fátt sem drengirnir láta fram hjá sér fara og þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar og enn betur með því sem þú hefur að segja eða vilt koma á framfæri.








## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle**
**08.30 Man vs. Wild**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 60 mínútur**
**11.05 Nashville**
**11.50 Suits**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Glee. The 3D Concert Movie**
**14.25 The O.C.**
**15.10 Ozzy and Drix**
**15.35 Ærslagangur Kalla kanínu og félaga**
**16.00 Frasier**
**16.25 The Big Bang Theory**
**16.45 How I Met Your Mother**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Pepsímörkin 2014**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Fóstbræður**
**19.40 Derek**
**20.05 Masterchef USA** *(25:25)*
**20.50 Grillsumarið mikla** Vönduð íslensk þáttaröð með verðlaunakokkunum Bjarna Siguróla og Jóhannesi Steini. Þeir munu töfra fram ljúffenga og fjölbreytta grillrétti fyrir áhorfendur í allt sumar.
**21.10 NCIS** *(19:24)*
**21.55 Person of Interest** *(22:23)*
**22.40 Those Who Kill** *(5:10)*
**23.25 Mad Men**
**00.15 24. Live Another Day**
**01.00 Tyrant**
**01.45 NCIS. Los Angeles**
**02.30 Moon**
**04.05 Johnny Mad Dog**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT
*besta sætið*

**07.40 Pepsímörkin 2014**
**10.10 Fjölnir - Fylkir**
**12.00 Wimbledon Tennis 2014**
**18.00 Demantamótin** Bein útsending frá Demantamótinu í Lausanne.
**20.00 Shellmótið**
**20.40 Forrest Griffin The Ultimate Fighter**
**21.50 Wimbledon Tennis 2014**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**13.45 Goals of the Season 2013/2014**
**14.40 HM Messan**
**15.40 Holland - Mexíkó**
**17.20 Kostaríka - Grikkland**
**19.00 Robbie Fowler** 10 þátta sería um nokkra af helstu leikmönnum ensku úrvalsdeildarinnar í gegnum árin.
**19.30 HM Messan**
**20.30 Frakkland - Nígería**
**22.10 Þýskaland - Alsír**
**23.50 Michael Owen** Skemmtileg þáttaröð um bestu knattspyrnumenn allra tíma.

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**17.55 Top 20 Funniest**
**18.40 Community**
**19.00 Malibu Country**
**19.25 Family Tools** *(10:10)*
**19.50 Wilfred** *(1:13)*
**20.15 Ravenswood** *(5:10)*
**21.00 The 100** *(6:13)*
**21.45 Supernatural** *(22:22)* Fimmta þáttaröðin af yfirnáttúrlegu spennuþáttunum um Winchester bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirnáttúrulegar furðuskepnur.
**22.30 True Blood** *(10:12)*
**23.20 Malibu Country**
**23.45 Family Tools**
**00.05 Wilfred**
**00.30 Ravenswood**
**01.15 The 100**
**02.00 Supernatural**
**02.45 Tónlistarmyndbönd**

## KrakkaStöðin

**07.00** Lína langsokkur **07.25** Latibær **07.47** Gulla og grænjaxlarnir **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Ævintýraferðin **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.25** Ljóti andarunginn og ég **10.47** Tommi og Jenni **10.55** Leyndarmál vísindanna **11.00** Lína langsokkur **11.24** Latibær **11.48** Gulla og grænjaxlarnir **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Ævintýraferðin **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.25** Ljóti andarunginn og ég **14.47** Tommi og Jenni **14.54** Leyndarmál vísindanna **15.00** Lína langsokkur **15.24** Latibær **15.48** Gulla og grænjaxlarnir **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Ævintýraferðin **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.25** Ljóti andarunginn og ég **18.47** Tommi og Jenni **18.54** Leyndarmál vísindanna **19.00** Skrímsli í París **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.30 Strákarnir**
**19.00 Friends**
**19.25 Seinfeld**
**19.50 Modern Family**
**20.15 Two and a Half Men** *(7:16)*
**20.35 Weeds** *(6:13)*
**21.00 Breaking Bad** *(10:13)*
**21.50 Without a Trace** *(18:24)* Önnur röð þessara vinsælu glæpaþátta sem fjalla um sérstaka deild innan FBI sem rannsakar mannshvörf með Anthony LaPaglia í aðalhlutverki.
**22.35 Harry's Law** *(9:12)*
**23.20 Boss**
**00.15 Weeds**
**00.40 Breaking Bad**
**01.25 Without a Trace**
**02.10 Harry's Law**
**02.55 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.00 Another Cinderella Story**
**12.30 Contact**
**15.00 I Don't Know How She Does It**
**16.30 Another Cinderella Story**
**18.05 Contact**
**20.30 I Don't Know How She Does It**
**22.00 Magic Mike**
**23.50 Midnight Run**
**02.05 Ghost Rider. Spirit of Vengeance**
**03.40 Magic Mike**

## RÚV

**16.30 Ástareldur**
**17.20 Úmísúmí**
**17.43 Kafteinn Karl**
**17.55 Ævar vísindamaður**
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Njósnari**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Miðjarðarhafskrásir Ottolenghis – Marokkó** *(1:4) (Ottolenghi's Mediterranean Feast)*
**20.25 Best í Brooklyn** *(20:22) (Brooklyn Nine-Nine)* Besti gamanþátturinn á Golden Globe og Andy Samberg besti gamanleikarinn. Lögreglustjóri ákveður að breyta afslöppuðum undirmönnum sínum í þá bestu í borginni.
**20.50 Scott og Bailey** *(1:8) (Scott & Bailey III)* Bresk þáttaröð um lögreglukonurnar Rachel Bailey og Janet Scott í Manchester sem rannsaka snúin morðmál. Aðalhlutverk leika Suranne Jones og Lesley Sharp.
**21.40 Íslandsmótið í holukeppni 2014** Sýnt frá Íslandsmótinu í holukeppni sem fram fór á Urriðavelli.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Lögregluvaktin** *(3:15) (Chicago PD)*
**23.05 Barnaby ræður gátuna – Þeir leita hans hér** *(Midsomer Murders)*
**00.40 Fréttir**
**00.53 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**15.20 The Bachelorette**
**16.50 Survior**
**17.35 America's Next Top Model**
**18.20 Dr. Phil**
**19.00 Emily Owens M.D**
**19.45 Parks & Recreation** *(3:22)*
**20.10 The Office** *(7:24)* Skrifstofustjórinn Michael Scott er hættur störfum hjá Dunder Mifflin en sá sem við tekur er enn undarlegri en fyrirrennari hans. Pam fer í barneignarfrí og gamlir draumar rætast hjá strákunum á skrifstofunni.
**20.30 Royal Pains** *(12:16)* Þetta er fjórða þáttaröðin um Hank Lawson sem starfar sem einkalæknir ríka og fræga fólksins í Hamptons Rithöfundur rómantískra skáldsagna og dóttir hennar veikjast á sama tíma en svo virðist sem um ólíka sjúkdóma sé að ræða.
**21.15 Scandal** *(2:18)* Við höldum áfram að fylgjast með fyrrum fjölmiðlafulltrúa Hvíta hússins, Oliviu Pope *(Kerry Washington)*, í þriðju þáttaröðinni af Scandal. Fyrstu tvær þáttaraðirnar hafa slegið í gegn og áskrifendur beðið eftir framhaldinu með mikilli eftirvæntingu.
**22.00 Agents of S.H.I.E.L.D.** *(12:22)*
**22.45 Green Room With Paul Provenza**
**23.10 The Good Wife**
**23.55 Beauty and the Beast**
**00.40 Royal Pains**
**01.25 Scandal**
**02.10 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **13.30** Inside The PGA Tour 2014 **13.55** Golfing World 2014 **14.45** PGA Tour Latinoamerica **15.10** European Tour 2014 – Highlights **16.00** Champions Tour 2014 - Hig **16.50** Web.com Tour Highligts **17.45** Golfing World 2014 **18.35** Inside The PGA Tour 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **23.00** Golfing World 2014

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

# SPJALDTÖLVUR FYRIR FERÐALAGIÐ!

## 10" DUAL CORE SPJALDTÖLVA Á 14.990!

Spjaldtölvur eru skemmtilegur ferðafélagi í sumarfríið bæði fyrir börn og fullorðna. Það er þægilegt að geta farið á netið á ferðalagi, lesið rafbækur, horft á bíómyndir, hlustað á tónlist eða spilað einn af hundruðum þúsunda leikja sem flestir eru ókeypis í Google PlayStore.

Magnkaup gera okkur kleift að bjóða þessa á ótrúlegu sumartilboði, aldrei áður höfum við náð 10" spjaldtölvu með Android 4.2 ásamt Dual core örgjörva á niður í jafn lágt verð. Kemur með sprækum A20 Allwinner örgjörva.



UNITED

UNI-TAB 1023

**14.990**

Fullt verð 19.990



ASUS ASU-T100TADK003H

## 10" SPJALD- OG FARTÖLVA MEÐ LYKLABORÐI

Vinnslugeta fartölvu og meðfærileiki spjaldtölvu sameinuð í einni tölvu. Hægt að losa spjaldtölvuna frá lyklaborðinu með einum smelli. Fjögurra kjarna Intel Atom örgjörvi sem tryggir hraða vinnslu og allt að 11 klukkutíma rafhlöðuendingu. Hágæða IPS snertiskjár í HD og 64GB flash minni. Vegur aðeins um eitt kíló sem gerir hana sérstaklega meðfærilega í ferðalagið. HDMI tengi fyrir sjónvarp. Windows 8 stýrikerfi.

**99.990**

nextbook NEX-NX008HD8G

## GLÆSILEG 8" SPJALDTÖLVA FRÁ NEXTBOOK

Nett og góð spjaldtölva með 1.5GHz Cortex A9 Dual Core örgjörva og 8" snertiskjá. Tilvalin sem leikjatölva með 8GB minni sem hægt er að stækka í allt að 40GB með MicroSD minniskorti. Myndavél að framan og að aftan. HDMI til að tengja við sjónvarp og USB tengi fyrir tengingu við tölvu.



**19.990**

tl.is

TÖLVU LISTINN

## ALLT SPJALDTÖLVUÚRVALIÐ Á TL.IS




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |

## UPPÁHALDSDRYKKURINN



**„Ég verð að segja íslenska vatnið en varadrykkurinn er þó líklega ískalt hvítvín.“**

Ása Berglind Hjálmarsdóttir tónlistarkona

# Skemmtir enn á áttræðisaldri

Hans-Joachim Roedelius er á meðal þeirra sem koma fram á Extreme Chill-hátíðinni í Berlín um helgina. Roedelius er 79 ára gamall og skemmtir sem aldrei fyrr.

„Hans-Joachim Roedelius er klárlega ein mesta goðsögnin í sögu raftónlistarheimsins og það er heiður að fá hann til koma fram á hátíðinni,“ segir Pan Thorarensen, skipuleggjandi raftónlistarhátíðarinnar Extreme Chill Festival sem fram fer í Berlín dagana 4. til 6. júlí. Áðurnefndur raftónlistarmaður, Hans-Joachim Roedelius, er á meðal þeirra sem koma fram á hátíðinni en það sem skilur hann frá flestum öðrum raftónlistarmönnum er að hann er 79 ára gamall. „Hann er frumkvöðull í svokallaðri krautrock-tónlist og var í hljómsveitum á borð Cluster og Harmonia,“ bætir Pan við. Þá hefur hann einnig unnið talsvert með einum virtasta tónlistarmanni og upptökustjóra Bretlands, Brian Eno.

Átján íslensk tónlistaratriði koma fram á hátíðinni í ár en þá kemur einnig fram hinn svissneski Thomas Fehlmann. Hann er einnig virtur úr raftónlistarheiminum en þess má til gamans geta að hann gefur út hjá sama útgáfufyrirtæki og GusGus, Kompakt. Þá kemur breski tónlistarmaðurinn Mixmaster Morris á hátíðinni.

Extreme Chill-hátíðin fagnar í ár fimm ára afmæli og fer af því tilefni fram í Berlín en síðustu fjögur ár hefur hún farið fram á Hellissandi á Snæfellsnesi. „Þetta er talsvert stærra í sniðum í ár enda eigum við afmæli.“ **-glp**



**REYNSLUBOLTI** Hans-Joachim Roedelius er 79 ára gamall en þeytir þó enn skífum af miklu harðfylgi. NORDICPHOTOS/GETTY








MYND/AÐSENT



**FEÐGARNIR** Homer Simpson (Ragnar) ásamt syninum Bart (Happi). Feðgarnir eiga stórt verkefni fyrir höndum.

**Við erum náttúrulega Simpsons-fjölskylda, ég er algjör Hómer.**

*Ragnar Hansson.*

# Byggir Simpsons-hús úr legó með syninum

Leikstjórinn Ragnar Hansson festi nýlega kaup á hinu víðfræga Simpsons-húsi í smækkaðri mynd en hann ólst upp við að horfa á þættina um fjölskylduna.

„Veðurspáin átti alveg sinn hlut í þessum kaupum,“ segir leikstjórinn Ragnar Hansson en hann festi kaup á glæsilegri Lego-útgáfu af hinu víðfræga Simpsons-húsi sem hann ætlar að dunda sér við að smíða ásamt syni sínum Hrappi. „Við erum náttúrulega Simpsons-fjölskylda, ég er algjör Hómer,“ segir Ragnar en hann á einmitt einn son, tvær yngri stelpur og segist einnig hafa einn Flanders í sínu lífi þar sem ein dóttirin bendir alltaf á Flanders-fígúruna og kallar hana Gunna frænda. „Það er náttúrulega Gunnar Hansson, bróðir minn,“ segir hann og hlær. Ragnar er mikill aðdáandi Simpsons-þáttanna en þættirnir hófu göngu sína þegar Ragnar var á aldur við son sinn Hrapp. „Ég ólst bara upp við þetta,“ segir Ragnar. „Þetta er þáttaröð sem hefur mótað húmor minnar kynslóðar. Ég hef verið að gera mikið af gríni og gamanþáttum sjálfur og það kemur alveg fyrir að maður fattar eftir eitthvert verkefni, vó, ég held ég hafi ómeðvitað stolið þessu frá Simpsons.“

Ragnar hefur einnig gaman af klassískum Lego-smíðum en hann hefur ekki sjálfur átt leikfang af því tagi frá því að hann var ungur. „Ég viðurkenni að ég hef kannski getað verið smá pirrandi í kringum son minn þegar hann er að byggja, að hjálpa honum,“ segir Ragnar. „En nú get ég endurgoldið honum greiðann með því að hann byggi með mér.“ **baldvin@frettabladid.is**

## Uppáhaldspersónan

**Ragnar Hansson** segir ***Comic Book Guy*** vera í uppáhaldi. „Mér finnst svo gaman að tala og skrifa eins og hann,“ segir Ragnar. „Worst. Movie. Ever.“

**1989** Þann 17. desember var fyrsti þátturinn um Simpson-fjölskylduna sýndur

**552** þættir í 25 seríum hafa síðan þá verið framleiddir

**150** mismunandi persónur hafa birst í þáttaröðunum

# Spila þjóðlög fallins heimsveldis

Heimstónlistarhljómsveitin Skuggamyndir frá Býsans var að gefa út plötuna Night Without Moon en útgáfutónleikar hennar eru í Hörpu á sunnudaginn.

„Við erum að spila tónlist frá ákveðnu svæði í Evrópu sem kennt er við býsanska heimsveldið,“ segir tónlistarmaðurinn Ásgeir Ásgeirsson en hann var að gefa út plötuna Night Without Moon ásamt heimstónlistarhljómsveitinni Skuggamyndum frá Býsans. „Við Haukur Gröndal erum búnir að fara þó nokkrar ferðir til Búlgaríu, Tyrklands og Grikklands að læra á þessi hljóðfæri,“ segir Ásgeir. „Það er til svo mikið af flottum hljóðfærum sem fólk þekkir ekki,“ segir hann. Félagarnir gáfu út plötuna New Road árið 2012 þar sem þeir spiluðu mest tónlist frá Makedóníu og Búlgaríu en þeir einbeita sér að stærra svæði á nýju plötunni. Ásgeir segir tónlistina geta verið gríðarlega krefjandi og erfiða að spila. „Sumt er rosalega hratt og annað dulúðugt og seiðandi,“ segir hann en þeir spila mest gömul þjóðlög frá býsanska heimsveldinu og hafa einnig farið mikið í grunnskóla að kynna börn fyrir tónlistinni og hljóðfærunum. Á plötunni er að finna fjöldann allan af tónlistarmönnum en þeir fengu til liðs við sig tónlistarmenn frá Austurríki, Búlgaríu og Tyrklandi til þess að spila inn á plötuna. „Það er gaman að skoða bæklinginn með plötunni og sjá hverjir spila á hvað hverju sinni,“ segir Ásgeir en útgáfutónleikar vegna plötunnar fara fram í Björtuloftum í Hörpu sunnudaginn 6. júlí.



**LIFANDI TÓNLIST** Strákarnir eru hressir þegar þeir spila heimstónlistina en þeir nota hljóðfæri frá meðal annars Búlgaríu, Tyrklandi og Grikklandi. MYND/ÁSGEIR ÁSGEIRSSON


ÚTSALAN
HEFST Í DAG
KLUKKAN 11
IKEA
IKEA
IKEA #1
IKEA
© Inter IKEA Systems B.V. 2014
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Snarlækkaður blóðþrýstingur

Liðsmenn hljómsveitarinnar Skálmaldar hafa skráð sig til þátttöku í Reykjavíkurmaraþoninu sem fer fram 23. ágúst. **Snæbjörn Ragnarsson**, einn af meðlimum sveitarinnar, segir frá því á Facebook að hann hafi síðustu ár verið með örlítið háan blóðþrýsting en þrýstingurinn hafi komið honum skemmtilega á óvart þegar hann gaf blóð í Blóðbankanum fyrir stuttu. „Núna, eftir tíu daga þjálfun, skárra mataræði og örlítið minni óreglu var enn á ný komið að blóðgjöf. Og þá kemur þetta í ljós. Þrýstingurinn eins og hjá ungbarni og miklu lægri en hann hefur nokkurn tímann verið, bæði efri og neðri mörk, og hjartslátturinn hreinlega eins og ég sé sofandi,“ segir Snæbjörn og hvetur alla sem geta til að gefa blóð. **-lkg**



### Bryndís fékk meiri athygli en Aron

Kærasta bandaríska landsliðsmannsins Arons Jóhannssonar, **Bryndís Stefánsdóttir**, birtist heimsbyggðinni í sjónvarpsútsendingu af landsleik Bandaríkjanna og Belgíu á þriðjudagskvöldið. Bryndís var í mynd snemma í síðari hálfleik. Hún fékk því meiri athygli í leiknum en Aron sem sjálfur kom ekkert við sögu. Tugir milljóna manna horfðu á leikinn. Raunar horfðu mun fleiri á þennan leik en horfðu á fyrsta leik Bandaríkjanna gegn Gana, eina leikinn þar sem Aron kom við sögu. Því mætti jafnvel halda því fram að fleiri jarðarbúar þekki Bryndísi en Aron í sjón. **-ih**



## Mest lesið VÍSIR

1 Reyndi að hrifsa veskið af konunni
2 Ráðist á eldri konu í Smáralind
3 Bensínstöð forsenda komu Costco til landsins
4 Þrír nýir aðstoðaryfirlögregluþjónar
5 Öðruvísi stemning á HM





